SVART, HVÍTT OG ÞRÖNGT RÁÐANDI
TÍSKA **52**



Sam Amidon tónlistarmaður
Flakkar á milli staða á endalausu tónleikaferðalagi
ÞRIÐJA GRÁÐAN **40**

Mín Borg ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARÚTGÁFA
FRÍTT
28. febrúar 2009 — 52. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

VIÐTAL 20

Greindist með krabbamein á fyrsta vinnudegi
TÓGÓ 38
Nýtt barnaþorp Spes-samtakanna
BJÓR Í 20 ÁR 32
Þótti „erlendis“ að geta drukkið öl

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

HUNDADAGAR Yfir 800 hreinræktaðir hundar af yfir 90 hundakynjum verða til sýnis á alþjóðlegri hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands í Reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Ungir sýnendur tóku forskot á sæluna í gær og var mál manna að enginn hefði yfirgefið Reiðhöllina hundsvekktur, hvorki sýnendur né áhorfendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samfélagsverðlaunin:

Útnefningar kynntar

FJÖLMIÐLAR Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt næstkomandi fimmtudag. Þetta er í fjórða sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin.

Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum en auk þess eru veitt ein heiðursverðlaun.

Lesendur blaðsins sendu inn vel á fjórða hundrað tilnefninga í janúar. Dómnefnd um Samfélagsverðlaunin vann úr tilnefningunum og eru nú fimm útnefndir í hverjum hinna fjögurra flokka. Þessar tuttugu útnefningar eru kynntar í blaðinu í dag.

Í tilnefningunum endurspeglast fjölbreytt grasrótarstarf sem unnið er í samfélaginu. Þar er kynnt hugsjóna- og sjálfboðastarf fjölda fólks sem leitast við að gera alltaf heldur meira en til er ætlast. Ljóst er að slíkt starf er að finna miklu víðar en hér kemur fram. **- st / sjá síður 24 og 26**

Lögreglan varar netverja við:

Þýfi boðið til sölu á netinu

FÓLK **„Já, það hefur eitthvað verið um það að þýfi hafi verið selt á Barnalandi og ekki bara þar heldur líka á þessum söluvefjum eins og haninn.is og kassi.is,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn.**

Lögreglan hefur einnig fengið nokkur mál inn á sitt borð þar sem þýfi er selt í gegnum smáauglýsingar. Þar á meðal voru til dæmis hnakkar sem hafði verið stolið úr hesthúsum. „Það er innbrotafaraldur í gangi sem staðið hefur yfir síðan í nóvember og við verðum að koma í veg fyrir að þýfið sé selt,“ segir Ólafur G. Emilsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. **- jma / sjá síðu 66**

Bankarnir afskrifa sex þúsund milljarða

Aðeins þrjátíu prósent skulda nýju bankanna fást greidd. Afganginn þarf að afskrifa og stokka verulega upp. Erlendir kröfuhafar bankanna taka tapið á sig.

VIÐSKIPTI Líklegt er að nýju bankarnir, Íslandsbanki, Kaupþing og Landsbankinn, afskrifi rúm fjörutíu prósent skulda sinna eftir efnahagshrunið í fyrrahaust. Um þrjátíu prósent þurfa uppstokkunar við en afgangurinn er öruggur, samkvæmt gæðamati breska fjármálafyrirtækisins Oliver Wyman á lánasöfnum bankanna.

Áætlaðar heildarskuldir bankanna nema fjórtán þúsund milljörðum króna. Tapið lendir að nær öllu leyti á herðum erlendra kröfuhafa, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Afskriftirnar munu hafa slæm skammtímaáhrif fyrir Ísland á erlendum vettvangi en fjara út í tímans rás, að mati eins viðmælenda Fréttablaðsins.

Oliver Wyman hefur stýrt mati á nýju bönkunum fyrir Fjármálaeftirlitið. Fyrirtækið vann einnig með Mats Johansson, sænskum bankasérfræðingi sem forsætisráðuneytið skipaði, við undirbúning stofnunar sérstakra umsýslufélaga fyrir svokallaðar „eitraðar eignir“ bankanna.

Fjármálaeftirlitið réð endurskoðunarfyrirtækið Deloitte og fjármálafyrirtækið Oliver Wyman til að vinna mat á nýju bönkunum. Eftir því sem næst verður komist stendur sú vinna enn yfir, en Fjármálaeftirlitið greindi frá því í vikunni að Deloitte muni birta mat sitt á stöðu þeirra í lok mars. Skýrslu Oliver Wyman um framkvæmd verðmatsins á svo að kynna eigi síðar en 15. apríl. **- jab**



SPURNING DAGSINS



Guðrún, hvað segði Kormákur afi nú?

„Hann mundi ábyggilega lemja manninn."

Norðmaðurinn Svein Harald Øygard er settur seðlabankastjóri. Guðrún Helgadóttir er höfundur bókanna um Jón Odd og Jón Bjarna, en Kormáki, afa drengjanna, var afar uppsigað við Norðmenn.

Björg Thorarensen og forsætisráðuneytið um nýjan seðlabankastjóra:

Setning stenst stjórnarskrá

STJÓRNSÝSLA Grundvallarmunur er á því að setja mann í embætti og að skipa hann í það. Í bráðabirgðaákvæði í nýjum lögum um breytingar á lögum um Seðlabankann er sérregla sem heimilar setningu, þar sem vikið er frá ákvæði starfsmannalaga um íslenskan ríkisborgararétt, segir Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Setning útlendings í embætti seðlabankastjóra stangist því ekki á við stjórnarskrá.

„Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að slíkar sérreglur séu settar sérstaklega um tímabundna setningu seðlabankastjóra," segir Björg. Enda skuli embættið auglýst svo fljótt sem við verði komið. Í blaðinu í gær sagðist Sigurður Líndal lögfræðiprófessor ekki sjá í fljótu bragði að grundvallarmunur væri á setningu og skipun seðlabankastjóra. Bæði orðin þýði tímabundna ráðningu í starf hjá hinu opinbera, þó skipun sé til lengri tíma en setning. Í stjórnarskrá segir að einungis fólk með íslenskan ríkisborgararétt megi skipa sem embættismenn.

Björg bendir á að í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sé tekið fram að forfallist maður sem skipaður hefur verið í embætti, geti stjórnvald sett annan mann til að gegna því um stundarsakir. - kóþ

BJÖRG THORARENSEN Er sérfræðingur í stjórnarskránni og var stjórnvöldum innan handar þegar lögin voru samin.

Stjórn Samfylkingar og VG:

Átta ráðherrar af tíu í Vesturbæ

REYKJAVÍK Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna býr að mestu á sömu torfunni, segir í síðasta Vesturbæjarblaði.

Þar er rakið að af tíu ráðherrum búi átta í Vesturbænum, frá Högunum og að Garðastræti. Einn þessara átta búi reyndar á Seltjarnarnesi, en hann fær þó að fljóta með. Þá búi einn í Breiðholti og annar í Kópavogi, en þeir tveir eigi lögheimili sitt á landsbyggðinni.

Einnig kemur fram í blaðinu að meðalaldur ráðherranna sé 52 ár, yngstur er 33 ára menntamálaráðherra og elstur 66 ára forsætisráðherra. - kóþ

Búnaðarþing hefst á morgun:

Evrópumál og rekstrarvandi efst á baugi

LANDBÚNAÐUR Búnaðarþing, sem sett verður á morgun og stendur til miðvikudags, mun taka afstöðu til mögulegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Í frétt á vef Bændasamtakanna segir að ljóst sé að allur þorri bænda leggist einarður gegn aðild.

Rekstrarvandi landbúnaðarins verður einnig til umræðu á þinginu en hann er sagður verulegur nú um stundir.

Við setningu þingsins flytja Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, og Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ávörp. Þá mun Emma Eyþórsdóttir dósent við Landbúnaðarháskólann flytja hátíðarræðu. - bþs

Flugslysið í Hollandi:

Leita vísbendinga um orsök

HOLLAND, AP Sérfræðingar lögreglu unnu að því í gær að bera kennsl á jarðneskar leifar þeirra sem fórust með Boeing 737-farþegaþotu tyrkneska flugfélagsins Turkish Airlines við Schiphol-flugvöll í Amsterdam á miðvikudag.

Níu manns týndu lífi af þeim 135 sem um borð voru í vélinni.

Fimm Tyrkir, þar á meðal báðir flugmennirnir, og fjórir Bandaríkjamenn dóu. Tveir hinna síðarnefndu voru starfsmenn Boeing-flugvélasmiðjunnar. Á fimmtudag lágu enn þá 63 á sjúkrahúsi, þar af sex í lífshættu.

Tugir réttarmeinafræðinga og annarra sérfræðinga rannsóknarlögreglu og rannsóknarnefndar flugslysa í Hollandi fínkembdu í gær vettvang, þar sem brak vélarinnar liggur, í leit að vísbendingum um orsök slyssins. - aa, kg

Spítalar fjármagna sig með yfirdrætti

Heilbrigðisstofnanir þurfa að taka tugmilljóna yfirdráttarlán til að borga reikninga. Ríkisendurskoðun gagnrýnir að slík lántaka sé látin viðgangast. Milljónir fara í vexti. Örþrifaráð til að borga rafmagn og lyf, segja stjórnendur.

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisstofnanir þurfa að taka yfirdráttarlán í bönkum til að borga fyrir nauðsynjar. Slík lántaka er bönnuð samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins. Dæmi eru um tugmilljóna króna lán einstakra stofnana og vextir skipta milljónum á ársgrundvelli. Ríkisendurskoðun gagnrýnir heilbrigðisyfirvöld fyrir að leyfa lántökunni að viðgangast. Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins vísar á yfirmenn stofnana sem hún segir að verði að starfa innan fjárlaga.

EINAR RAFN HARALDSSON

Ríkisendurskoðun gagnrýnir í nýrri stjórnsýsluúttekt á Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) að ríkisstofnanir fjármagni rekstur sinn með yfirdráttarlánum. Slík lántaka hefur viðgengist lengi og hefur stofnunin áður bent á að með öllu sé óviðunandi að þær sjái sér ekki aðra leið færa en að fjármagna rekstur sinn á þennan hátt „og greiði jafnvel milljónir króna í yfirdráttarvexti til banka í stað þess að nýta það fé til að fjármagna þjónustu", eins og segir í skýrslunni.

„Stjórnvöld verða að leita leiða til að breyta þessu", segir þar jafnframt. Ríkisendurskoðun hefur upplýsingar um að þó nokkrar heilbrigðisstofnanir hafi fjármagnað sig með yfirdráttarlánum en heildaryfirlit liggur ekki fyrir hjá þeim.

ST. JÓSEPSSPÍTALI Yfirdráttarlán stofnunarinnar hafa verið 20 til 50 milljónir á hverjum tíma, að sögn fjármálastjóra. Um örþrifaráð er að ræða að hans sögn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Við vorum að borga rafmagn, hita og lyf með yfirdráttarlánum.
>
> **EINAR RAFN HARALDSSON**
> FORSTJÓRI HSA

Einar Rafn Haraldsson, forstjóri HSA, segir að í raun hafi stofnunin verið í greiðsluþroti allt árið 2008. „Við vorum að borga rafmagn, hita og lyf með yfirdráttarlánum. Reksturinn var með þeim hætti í fyrra að frá því í febrúar vorum við í greiðsluþroti. Um áramótin skulduðum við um 200 milljónir hjá birgjum og þá stóð yfirdráttarlánið í 90 milljónum króna. „Einar giskar á að HSA hafi borgað um 30 milljónir í yfirdráttarvexti af láninu. Hann bendir á að skynsamlegt væri að ríkisstofnanir gætu fjármagnað rekstur sinn með innri lánum þegar í óefni er komið í staðinn fyrir að þurfa að leita á náðir banka. „Þetta gengur ekki svona, þetta er sóun á fé."

Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins, segir að þau skilaboð hafi verið látin út ganga til stjórnenda heilbrigðisstofnana að óheimilt sé að taka yfirdráttarlán. Hvað gagnrýni Ríkisendurskoðunar varðar segir Berglind að ráðuneytið hafi ekki mannskap til að aðstoða einstakar stofnanir beint til að ná markmiðum í rekstri.

Hvort einhver millileið sé möguleg, eins og Einar leggur til, segir Berglind að eins og staðan sé núna þá hafi ráðuneytin ekki sjóði til að bregðast við vanda einstakra stofnana með þeim hætti.

svavar@frettabladid.is

EYÐILEGGING Einn stórmarkaðanna þriggja sem brunnu. Tímastilltar eldsprengjur komu eldunum af stað. Þann fjórða tókst að slökkva. NORDICPHOTOS/AFP

Brennuvargar í Svíþjóð:

Öfgahópur er grunaður

SVÍÞJÓÐ, AP Brennuvargar, sem grunur leikur á að séu vinstri öfgamenn sem telja sig vera í stríði gegn meintri heimsvaldastefnu Bandaríkjanna, kveiktu í fjórum stórmörkuðum í Södertälje suður af Stokkhólmi í fyrrinótt. Þrír þeirra brunnu til kaldra kola.

Kia Samrell, talsmaður lögreglunnar, sagði enga grunaða í sigtinu enn sem komið væri, en verið væri að rannsaka hvort andbandarískur öfgahópur hefði verið að verki. Samtökin „Global intifada" hafa áður lýst ábyrgð á minni eldum sem kveiktir hafa verið í verslunum í Södertälje og hvatt fólk til að kveikja í búðum sem selja bandarískar vörur. - aa

Bandalag grasrótarhópa:

Stendur fyrir lýðveldisgöngu

FÓLK Samstaða, bandalag grasrótarhópa, stendur fyrir Lýðveldisgöngu klukkan 14 í dag. Gengið verður frá Hlemmi niður að Austurvelli.

Í tilkynningu frá Samstöðu segir að á Austurvelli taki við ræðuhöld hjá Herði Torfasyni, þar sem krafan sé; „Frystum eignir auðmanna."

Fólk er hvatt til að taka með sér potta, pönnur, slagverk og þeytilúðra. - kg

Hef opnað lækningastofu í Uppsölum Kringlunni

Sinni meðal annars verkjum af ýmsum toga t.d. frá höfði, baki og hálsi.

Tímapantanir í síma 568 68 11

Garðar Guðmundsson
Heila- og taugaskurðlæknir
gardar.uppsalir@gmail.com
http://www.grusk.is

Forsprakkar Íslandshreyfingar ganga í Samfylkingu og hvetja aðra til þess sama:

Ómar og Margrét ekki í framboð

STJÓRNMÁL Stjórn Íslandshreyfingarinnar hefur samþykkt að óska eftir því að hreyfingin gerist aðildarfélag Samfylkingarinnar. Forystumenn hennar hvetja aðra meðlimi til að skrá sig í Samfylkinguna og leggja henni lið í komandi kosningabaráttu.

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

Hvorki Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, né varaformaðurinn Margrét Sverrisdóttir, hyggjast sækjast eftir þingsæti fyrir Samfylkinguna.

Ómar segir að Íslandshreyfingin hafi átt viðræður við aðra flokka og hreyfingar, meðal annars fyrirhugað framboð grasrótarhreyfinga, áður en þessi lending náðist.

Margrét segist um nokkurt skeið hafa átt mjög gott samstarf við borgarstjórnarflokk Samfylkingarinnar. Það helsta sem hafi staðið í vegi fyrir inngöngu hennar í flokkinn hingað til hafi verið andstaða hennar við Evrópusambandið, en hún sé nú hlynnt aðildarviðræðum.

Hún segir góðan hljómgrunn fyrir ákvörðuninni meðal liðsmanna Íslandshreyfingarinnar. Hreyfingin hefur kynnt sig sem grænan flokk og því er eðlilegt að spyrja hvers vegna Vinstri græn hafi ekki orðið fyrir valinu. Margrét segir hreyfinguna einfaldlega ekki eiga sömu pólitísku samleið með Vinstri grænum og Samfylkingunni. - sh

ÓMAR RAGNARSSON Segir hreyfinguna hafa rætt við aðra flokka áður en þessi lending náðist.

25%

afsláttur af öllum keyptum fermingar-vörum aðeins þessa helgi!

FERMINGARVEISLUSÝNING

kl. 13:00 – 17:00 laugardag og sunnudag

Allt það flottasta í fermingarfatnaði á stórskemmtilegri DANSTÍSKUSÝNINGU á vegum Outfitters Nation, Vero Moda og para frá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

- Danstískusýning kl. 15:00 báða dagana
- Danssýning kl. 16:00 báða dagana
- Búðu til þitt eigið borðskraut
- Fermingargreiðslur og hárskraut
- Öðruvísi fermingarskreytingar
- Kynning á veisluföngum
- Ráðgjöf um létta förðun
- Öðruvísi og hefðbundnar ljósmyndir

Hver verður heppin(n)?

Við tökum þátt í fermingarsýningu Garðheima:

Barna & fjölskyldu LJÓSMYNDIR www.ljosmyndir.net

VERO MODA

hár expo BED HEAD

Kristall plús GÆÐUR OG SVALANDI Dorritos

hrund

OUTFITTERS NATION

TE & KAFFI

heilsa -hafðu það gott

Amé

Opið til 21.00 öll kvöld

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Sýnikennsla um helgina:

Sáning á fræjum

Matjurtir, sumarblómin, kryddjurtir...

GENGIÐ 27.02.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,69	113,23
Sterlingspund	159,83	160,61
Evra	142,79	143,59
Dönsk króna	19,162	19,274
Norsk króna	16,16	16,256
Sænsk króna	12,468	12,542
Japanskt jen	1,1554	1,1622
SDR	165,4	166,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
176,0297

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 um leiðtoga Samfylkingarinnar:

Meirihluti styður Jóhönnnu

SKOÐANAKÖNNUN 60,5 prósent segjast vilja að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra leiði Samfylkinguna í næstu kosningum, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og fréttastofu Stöðvar 2. 19,6 prósent vilja að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður flokksins, leiði hann í kosningabaráttunni, og 12,7 prósent nefna Jón Baldvin Hannibalsson. Gefnir voru kostir á þessum þremur en að auki gat fólk valið um „einhvern annan“. Það gerðu 7,2 prósent og þá nefndu 3,1 prósent Dag B. Eggertsson borgarfulltrúa og 2,0 prósent vildu nýtt andlit.

Hærra hlutfall kvenna en karla nefna Ingibjörgu eða Jóhönnu, en fleiri karlar en konur nefna Jón Baldvin. Meðal stuðningsfólks Samfylkingar segjast 69,7 prósent vilja að Jóhanna leiði flokkinn í kosningunum, 16,2 prósent vilja Ingibjörgu og 12,1 prósent Jón Baldvin Hannibalsson. Minnstur er stuðningur við Jóhönnu meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins og vilja einungis 34,3 prósent þeirra að hún leiði Samfylkinguna í kosningabaráttunni.

Hringt var í 800 manns 26. febrúar og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Hver telur þú að eigi að leiða Samfylkinguna í næstu kosningum? Svarhlutfall var 61,1 prósent

- ss

LEIÐTOGI SAMFYLKINGAR Í NÆSTU KOSNINGUM



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS/STÖÐVAR 2 26. FEBRÚAR 2009

Heilbrigðisráðherra:

Ekki sameinað fyrir vestan

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði verða ekki sameinaðar. Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra tilkynnti þetta í gær eftir að hafa rætt við sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfjörðum og framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
Eftir ítarleg samtöl við forystumenn í heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum sagði ráðherra ljóst að ávinningurinn af því að sameina suður og norðursvæðið væri svo miklum takmörkunum háður að ávinningurinn væri vandséður.

- shá

Um 35 prósent segjast ósátt við störf forseta

Flestir, eða um 44 prósent segjast sátt við störf Ólafs Ragnars Grímssonar, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Um 35 prósent segjast ósátt við störf hans sem forseta. Fimmtungur er hlutlaus varðandi störf hans.

SKOÐANAKÖNNUN 44,2 prósent segjast sátt eða mjög sátt við störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og fréttastofu Stöðvar 2. 35,5 prósent segjast hins vegar ósátt eða mjög ósátt.

Ólafur Ragnar hefur setið undir nokkru ámæli að undanförnu í starfi vegna ummæla sem eftir honum voru höfð í erlendum miðlum, sérstaklega í þýsku viðskiptablaði. Síðar var áréttað að blaðamaður hafi haft rangt eftir forsetanum hvað varðar endurgreiðslur vegna innlánsreikninga Kaupþing Edge í Þýskalandi. Þá hefur Ólafur Ragnar verið gagnrýndur fyrir að taka of virkan þátt sem klappstýra útrásarinnar og íslensku bankanna áður en efnahagshrunið varð.

Hinir sáttu skiptust þannig að 7,9 prósent segjast mjög sátt við störf hans, en 36,3 prósent sátt.

Þá segjast 20,3 prósent vera hlutlaus gagnvart forsetanum. 35,5 prósent eru hins vegar ósátt. Ósáttir skiptast þannig að 12,3 prósent eru mjög ósátt við störf Ólafs en 23,2 prósent segjast ósátt.

Ef einungis er litið til þeirra sem segjast sáttir eða ósáttir, eru 55,4 prósent sátt og 44,6 prósent ósátt.

Kjósendur á landsbyggðinni eru heldur sáttari við störf forsetans en kjósendur á höfuðborgarsvæðinu. 47,1 prósent svarenda á landsbyggðinni segjast sátt eða mjög sátt, en 42,2 prósent svarenda á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru karlar ósáttari við störf hans en konur. 40,1 prósent karla segjast ósáttir eða mjög ósáttir. 30,9 prósent kvenna segjast hins vegar ósáttar eða mjög ósáttar.

Ef litið er til afstöðu eftir stuðningi við stjórnmálaflokka eru það kjósendur Sjálfstæðisflokksins sem helst eru ósáttir við störf Ólafs Ragnars, eða 64,8 prósent þeirra. 22,8 prósent sjálfstæðismanna eru sátt með störf hans. 58,0 prósent samfylkingarfólks og 52,8 prósent vinstri grænna segjast sátt við störf hans. Rúmlega 20 prósent stuðningsmanna hvors flokks segjast hins vegar ósátt við störf hans. Tæplega 44 prósent kjósenda Framsóknarflokks eru sátt við störf forsetans og tæplega 37 prósent þeirra eru ósátt.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 26. febrúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands? 96,5 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

ÓLAFUR RAGNAR OG DORRIT MOUSSAIEFF Kjósendur á landsbyggðinni eru heldur sáttari við störf forsetans en kjósendur á höfuðborgarsvæðinu

ERTU SÁTT(UR) EÐA ÓSÁTT(UR) VIÐ STÖRF FORSETANS?



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS/STÖÐVAR 2 26. FEBRÚAR 2009

VIÐ FJÖLDAGRÖFINA Fólk safnaðist saman í leit að látnum ættingjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Handtökur í Bangladess:

Tugir líka fundust í fjöldagröf

BANGLADESS, AP Tugir líka fundust í grunnri fjöldagröf við höfuðstöðvar landamæragæslunnar í Dakka, höfuðborg Bangladess.

Alls hafa því átökin út af tveggja daga uppreisn landamæravarða nú í vikunni kostað 54 manns lífið, svo vitað sé, en enn er þó tuga manna saknað og má búast við að tala látinna muni hækka.

Hundruð landamæravarða voru handtekin í gær, daginn eftir að þeim var heitið sakaruppgjöf ef þeir hættu við uppreisn sína.

Verðirnir hafa lengi krafist launahækkunar, svo laun þeirra verði sambærileg launum hermanna í landinu.

- gb

LEIÐRÉTTING

Í umfjöllun um biðlaun seðlabankastjóra í gær láðist að geta þess að Ingimundur Friðriksson, fyrrum seðlabankastjóri, hefur afþakkað þau. Beðist er velvirðingar.

Fyrrverandi seðlabankastjóri:

Ingimundur vill ekki biðlaun

STJÓRNSÝSLA Ingimundur Friðriksson, fyrrverandi seðlabankastjóri, hyggst ekki þiggja biðlaun frá ríkinu, en hann lét af störfum í kjölfar breytinga á lögum um Seðlabankann.

Ingimundur var eini seðlabankastjórinn af þremur sem varð við tilmælum forsætisráðherra um að láta af störfum fyrr í mánuðinum, en Eiríkur Guðnason ætlaði að bíða til 1. júní. Davíð Oddsson neitaði að segja af sér.

Eins og fram hefur komið í blaðinu hefur Ingimundi verið boðin staða ráðgjafa við norska seðlabankann.

- kóþ

INGIMUNDUR FRIÐRIKSSON

Lögreglan í Reykjavík:

Lögregla leitar að týndri konu

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar að Aldísi Westergren, 37 ára. Hún sást síðast í Reykjavík þriðjudaginn 24. febrúar síðastliðinn. Aldís er á milli 165 og 170 sentimetrar á hæð, með skollitað, axlasítt hár.

Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni er leitin að Aldísi opin, og meðal annars hafa björgunarsveitir verið kallaðar út vegna hennar. Lögreglunni hefur borist nokkuð af upplýsingum sem þeir nýta sér við leitina.

Þeir sem geta veitt upplýsingar um Aldísi eru beðnir um að láta vita í síma 444-1100.

- kg

ALDÍS WESTERGREN

Páskaferð 4. - 13. apríl til Tyrklands

Gönguferð – Lykíuströndin.
Fornar rústir og spennandi söguslóðir.
Heföbundinn taktur – plús.

Verð frá:
199.900,-

Bókanir og nánari upplýsingar með tölvupósti tonsport@uu.is eða í síma 585-4000

Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting, allur akstur, morgunmatur, hádegis- og kvöldverður (nema á brottfarardegi) og íslensk fararstjórn.

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

RÓLEG HELGI
Enda þótt búast megi við rigningu eða slyddu sunnan til á landinu í dag verður ekki annað sagt en að spáin sé góð. Það er hægviðrasamt og ekki mjög kalt þannig að kalla má þetta aðgerðalítið veður. Tíðindin eru helst þau að seint á sunnudag vex vindur af suðaustri við sunnan- og vestanvert landið með snjókomu eða slyddu.

Á MORGUN
Víðast 3-8 m/s en SA-8-15 sunnan og vestan til um kvöldið.



HEIMURINN

Alicante	15°
Amsterdam	10°
Basel	12°
Berlín	7°
Billund	3°
Eindhoven	10°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	18°
London	12°
New York	8°
Orlando	27°
Osló	-6°
París	14°
Róm	16°
Stokkhólmur	3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

NOKIA
5800
XpressMusic
Kominn
í sölu
Tónlistarsími
SNERTISKJÁR 3.2“
GPS
8GB minni
3G
STAÐSETNINGARTÆKI
Stereo hátalarar
3.2 Mpix myndavél
WiFi
nokia
on ice
RÁS
THULE
www.nokiaonice.is
Tónlistarhátíð föstudaginn 3. apríl
í Listasafni Reykjavíkur
og Sódómu Reykjavík
MIÐI Á NOKIA ON ICE FYLGIR HVERJUM NOKIA 5800 XpressMusic SÍMA
Bang Gang | Dr. Spock | Jeff Who? | Sometime | Mammút | Sudden Weather Change | Cosmic Call | Bárujárn | DJ Matti

KJÖRKASSINN

Hefur þú fundið flöskuskeyti?

JÁ 9,6%

NEI 90,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt að fá Norðmann í Seðlabankann?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Halldór Blöndal segir lög um Davíð Oddsson réttnefni nýju seðlabankalaganna:

Jóhanna átti skjól í Davíð

STJÓRNMÁL Halldór Blöndal, fráfarandi formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, segir nýju seðlabankalögin aðeins sett til að sparka einum manni; Davíð Oddssyni. Réttnefni laganna sé því lög um Davíð Oddsson.

Engu að síður telur hann þörf á endurskoðun laga um Seðlabankann og þá í tengslum við nauðsynlegar breytingar á eftirliti með fjármálastarfsemi. Misráðið hafi verið á sínum tíma að skilja fjármálaeftirlit frá bankanum. „Það þarf að endurskoða þetta allt saman og auðvitað verður það gert," segir Halldór sem lítur svo á að bankaráðið undir hans forystu sé þegar hætt störfum. „Ég hef þakkað bankaráðinu fyrir góð störf og bankastjórninni fyrir að hafa haldið vel á málum og haldið fjármálakerfinu gangandi við erfiðar aðstæður."

HALLDÓR BLÖNDAL

Reiknað er með að nýtt bankaráð Seðlabankans verði kjörið í næstu viku.

Í ljósi sögunnar furðar Halldór sig á framgöngu Jóhönnu Sigurðardóttur gagnvart Davíð og segir hana til skammar.

„Davíð reyndist Jóhönnu mjög vel þegar við sátum saman í ríkisstjórn og þeir Jón Baldvin Hannibalsson, Jón Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson voru að reyna að flæma hana úr stjórninni. Þá átti hún mikið skjól í Davíð Oddssyni," segir Halldór sem var landbúnaðar- og samgönguráðherra í fyrstu ríkisstjórn Davíðs, árin 1991-5.

Þegar enn var eitt ár eftir af kjörtímabilinu og starfstíma stjórnarinnar sagði Jóhanna af sér ráðherraembætti og kvaddi Alþýðuflokkinn. - bþs

Embætti sérstaks saksóknara:

Heimildir til gagnaöflunar verði rýmkaðar

STJÓRNMÁL Auka á heimildir sérstaks saksóknara til að kalla eftir gögnum og upplýsingum samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra sem kynnt var í ríkisstjórn í gær.

Sérstakur saksóknari rannsakar grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar atburða sem leiddu til bankahrunsins. Með auknum heimildum er ætlunin að efla og styrkja embættið. Þingflokkar stjórnarflokkanna fá frumvarpið til meðferðar eftir helgi. - bþs

Bæjarstjóri vill á þing:

Lúðvík fram til forystu í Kraga

STJÓRNMÁL Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, gefur kost á sér í efsta sæti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fyrir komandi þingkosningar. Hann fer þar með gegn Þórunni Sveinbjarnardóttur og Árna Páli Árnasyni.

LÚÐVÍK GEIRSSON

Spurður segist Lúðvík munu hætta sem bæjarstjóri ef til þess kemur að hann sest á þing. Í síðustu kosningum leiddi Gunnar Svavarsson, vinur og fyrrverandi samstarfsmaður Lúðvíks í bæjarstjórn, lista flokksins í kjördæminu. Hann hefur nú stigið til hliðar. - sh

PÓLLAND

Safna fé fyrir Auschwitz

Pýsk stjórnvöld hafa ákveðið að leggja eina milljón evra, andvirði 145 milljóna króna, í sjóð sem pólska ríkisstjórnin vill koma á fót til að fjármagna viðhald á útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz í Suður-Póllandi. Pólski forsætisráðherrann Donald Tusk hefur skorað á hin aðildarríki ESB að láta ekki heldur sitt eftir liggja.

EISTLAND

Dæmdur fyrir landráð

Eistneskur dómstóll hefur dæmt Herman Simm, fyrrverandi yfirmann öryggismála í eistneska varnarmálaráðuneytinu, í tólf og hálfs árs fangelsi fyrir landráð. Hann var sakfelldur fyrir njósnir fyrir „erlent veldi". Eistneskir þingmenn hafa sagt að þetta erlenda veldi sé Rússland. Eistland gekk í NATO árið 2004.

FÍB kvartar til yfirvalda vegna bílalána

Félag íslenskra bifreiðaeigenda segir fjármögnunarfyrirtæki ekki sýna góða viðskiptahætti. Ítrustu kröfur séu settar fram gegn skuldurum sem standi illa að vígi. Félagið sendir viðskiptaráðuneytinu erindi um málið eftir helgi.

EFNAHAGSÁSTAND Félag íslenskra bifreiðaeiganda gagnrýna fjármögnunarfyrirtæki, Lýsingu, Sp-fjármögnun og fleiri, fyrir slæma viðskiptahætti. Hagsmunir neytenda séu fyrir borð bornir þegar fyrirtækin setji fram ýtrustu kröfur á skuldara. Þeir standi oft illa fyrir og geti ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Því samþykki þeir oft á tíðum kröfur sem séu langt fram úr því sem eðlilegt geti talist.

RUNÓLFUR ÓLAFSSON

HALLDÓR JÖRGENSSON

„Margir félagsmenn hafa haft samband við okkur vegna óeðlilega hárra krafna, til dæmis vegna viðgerðarkostnaðar. Þá er fólk óánægt með þá skilmála sem það fær; bréf frá lögfræðistofu og mikinn viðbótarkostnað. Þegar haft er samband við fyrirtækin segja þau þetta vera ítarkröfur til umræðu. Staða þeirra sem eru í vandræðum er hins vegar oft það slæm að þeir bera ekki hönd fyrir höfuð sér," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að viðgerðarkostnaður við 860 þúsund króna bíl hefði verið tæp 700 þúsund að mati Lýsingar. Runólfur segir viðgerðarkostnað sem fyrirtækin setja á oft óeðlilega háan. Í ofanálag séu sagnir um að bílar séu seldir án þess að nokkuð hafi verið gert við þá. „Það hefur myndast sú hefð á markaði að þegar bíll er orðinn svo og svo gamall þá er ekki tekið hart á því á eldri bílum. Fjármögnunarfyrirtækin virðast hins vegar gera það."

Halldór Jörgensson, forstjóri Lýsingar, segir að þegar uppgjör hafi farið fram ljúki afskiptum viðskiptavinarins af bílnum. „Það fer fram uppgjör sem fólk getur mótmælt. Þegar það hefur farið fram þá er málið afgreitt og þá verða skil milli viðskiptamanns og Lýsingar hvað varðar bílinn. Það snertir því viðskiptamanninn ekki hvort gert er við bílinn eða ekki, því hann er ekki lengur umráðamaður yfir honum. Bíllinn er eftir sem áður eign Lýsingar." Halldór ítrekar að óháðir skoðunarmenn meti bílana, en ekki Lýsing.

Runólfur segir að samkvæmt samningarétti sé hægt að hverfa frá ákvæðum samnings ef hægt sé að sýna fram á að viðskiptahættir raski mjög hagi lántakenda. „Það verður að vera jafnvægi á réttindum samningsaðila og það virðist vera misbrestur á því. Við erum að vinna erindi þar um sem við munum senda viðskiptaráðuneytinu eftir helgi. Það verður að tryggja hagsmuni neytenda."

UMFERÐ Félag íslenskra bifreiðaeigenda sendir viðskiptaráðuneytinu erindi eftir helgi, þar sem kvartað er yfir viðskiptaháttum fjármögnunarfyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

kolbeinn@frettabladid.is

-5 kr.
3 kr. afsláttur af eldsneytislítranum
+ 2 kr. í formi Vildarpunkta Icelandair
og 15% afsláttur af bílavörum
með Staðgreiðslukorti Olís til 1. maí 2009!
Þú sækir um kortið á www.olis.is, þjónustustöðvum Olís eða í síma 515 1141.
TBWA\Reykjavik \ SIA \ 094197

Mundu eftir að kjósa
Virðing Réttlæti
VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Fíton/SÍA

Polarn o Pyret biður viðskiptavini að skila ákveðinni tegund af flísgöllum:

Innkallað eftir öndunarstopp

NEYTENDAMÁL „Ég hef ekki heyrt að neinu barni hafi orðið meint af því að klæðast svona galla hér á landi, en það er ljóst að hættan er fyrir hendi," segir Kristín Björg Jónsdóttir, eigandi verslunarinnar Polarn o Pyret á Íslandi. Sænska fatafyrirtækið hefur innkallað sölu á vindheldum flísgöllum eftir að hettan á gallanum, sem er hlutfallslega stór miðað við aðra hluta flíkurinnar, varð völd að öndunarstoppi hjá ungu barni í Svíþjóð fyrr í mánuðinum. Viðskiptavinir sem keypt hafa þessa vöru á Íslandi á tímabilinu eru beðnir um að skila flíkinni í hvaða Polarn o Pyret verslun sem er gegn fullri endurgreiðslu.

Kristín segir vöruna hafa verið innkallaða eftir rannsókn hjá sænsku neytendasamtökunum. Þar hafi komið í ljós að flíkin uppfylli ekki gæðakröfur Polarn o Pyret. „Þetta hefur verið vinsæl vara hjá okkur í þetta eina og hálfa ár sem þessi hönnun hefur verið seld og við biðjumst innilegrar afsökunar á óþægindum sem þetta kann að valda," segir Kristín.

Varan sem um ræðir er vindheldur flísgalli fyrir börn í rauðum, bláum og munstruðum litum. Vörunúmerið á þvottamiða er 10367, 883, 033, 036, 0767 og tímabilið er haust 2007 til vors/janúar 2009. Stærðirnar eru númer 56 til 74. - kg

HÆTTA FYRIR HENDI Þeir sem keyptu flísgalla af þessari tegund frá haustinu 2007 fram á daginn í dag eru beðnir um að skila honum gegn fullri endurgreiðslu.

20%

AFSLÁTTUR

af **ÖLLUM**
barnafatnaði,
bleium & barnamat

föstudag, laugardag og sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er formaður Knattspyrnusambands Íslands?*

2 *Hvaða fyrrum forseti var sýknaður af ákærum um stríðsglæpi í vikunni?*

3 *Hvað heitir söngvari Langa Sela og Nýju skugganna?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Catalina Mikue Ncogo látin laus úr gæsluvarðhaldi:

Lögregla yfirheyrði þrjár konur

LÖGREGLUMÁL Þrjár konur sem sterklega eru grunaðar um að stunda vændi hér á landi voru færðar til yfirheyrslu hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins í fyrradag. Konan sem liggur undir rökstuddum grun um að standa á bak við vændisstarfsemina, auk fleiri brota, var látin laus úr fangelsi í gær. Hún hafði setið í gæsluvarðhaldi í viku, en ekki var gerð krafa um framlengingu þess.

Konan sem um ræðir, Catalina Mikue Ncogo, var úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa ætlað að reyna að smygla allt að tíu kílóum af kókaíni til Íslands. Kærasti hennar, Helgi Valur Másson, var handtekinn á Schiphol-flugvelli í Amsterdam í síðustu viku með um tíu kíló af kókaíni í fórum sínum. Konan var þá stödd í Hollandi en parið átti bókað far til Íslands skömmu síðar.

HVERFISGATA Í fréttum hefur komið fram að fjórar konur hafi selt kynlífsþjónustu á Hverfisgötu 105.

Þá er konan einnig grunuð um að hafa stundað skipulagt mansal hérlendis. Greint hefur verið frá því í fréttum að hún sé grunuð um að hafa gert út að minnsta kosti fjórar vændiskonur í senn hér. Þrjár þeirra voru færðar á lögreglustöð í fyrradag en ein hafði verið yfirheyrð áður.

Konan er jafnframt talin hafa flutt konur til landsins gagngert til að stunda hér vændi.

Politkovskaju-málið:

Sýknudómi áfrýjað

RÚSSLAND, AP Rússneska ríkissaksóknaraembættið hefur áfrýjað sýknudómi héraðsdóms í Moskvu yfir þremur mönnum sem grunaðir voru um að hafa verið viðriðnir morðið á blaðamanninum Önnu Politkovskaju. Talsmaður embættisins, Konstandin Nikonov, staðfesti þetta í gær.

Kviðdómur sýknaði nýverið tvo tsjetsjenska bræður og fyrrverandi lögreglumann í Moskvu eftir réttarhald sem verjendur sakborninganna sögðu hafa einkennst af klúðri af hálfu ákæruvaldsins. Enginn hinna ákærðu var talinn hafa verið höfuðpaur í málinu. - aa

Viðskiptaráðherra:

Meint laun væru óeðlileg

EFNAHAGSMÁL „Ég gef engin sérstök fyrirmæli en það er ljóst að það verður að gæta aðhalds í launakjörum hjá þessum starfsmönnum hins opinbera eins og öðrum.

Ég treysti nýskipaðri stjórn Fjármálaeftirlitsins til að gæta hagsmuna hins opinbera hvað þetta varðar," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Gylfi var spurður um launakjör skilanefnda gömlu bankanna, en nefndarmenn hafa verið sagðir með þrjár til fimm milljónir á mánuði. Hann gat hvorki játað né neitað þessum kjörum, enda segist hann ekki vita upp á hár hver launin séu.

„En eitthvað af þeirri stærðargráðu væri augljóslega mjög óeðlilegt," segir hann.

- kóþ

Segir annan eiganda Tals hafa haldið sér nauðugri:

Kærir frelsissviptingu

LÖGREGLUMÁL Ragnheiður Ágústsdóttir, sem á fimmtudag var vikið úr starfi sem forstjóri Tals, hefur kært Jóhann Óla Guðmundsson, annan aðaleiganda Tals, og lögmann hans fyrir frelsissviptingu. Hún fullyrðir að þeir hafi haldið sér nauðugri í fundarherbergi í höfuðstöðvum Tals í hátt í klukkustund og látið taka farsímanúmer hennar úr sambandi.

RAGNHILDUR ÁGÚSTSDÓTTIR

Jóhann og lögmaður hans komu í höfuðstöðvarnar á fimmtudag ásamt Hermanni Jónassyni, sem var forstjóri Tals á undan Ragnhildi, viku Ragnhildi úr starfi og settu Hermann forstjóra í hennar stað. Á meðan Hermann kynnti ákvörðunina fyrir starfsmönnum segir Ragnhildur að hinir tveir hafi haldið sér nauðugri í fundarherbergi til þess að hún myndi ekki trufla fundinn. Jóhann Óli hefur neitað ásökuninni.

Ragnhildur vill ekkert tjá sig um málið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hún mjög slegin vegna þess sem gerðist og kærði málið til lögreglu síðdegis á fimmtudag. Lögregla mun hafa málið til skoðunar og lítur það alvarlegum augum, samkvæmt heimildum blaðsins, ekki síst í ljósi þess að Ragnhildur er barnshafandi.

Harðvítug átök hafa staðið á milli forsvarsmanna eigenda Tals, Teymis annars vegar og IP fjarskipta, í eigu Jóhanns Óla, hins vegar. - sh

FORSETINN OG VARNARMÁLARÁÐHERRANN Barack Obama kynnti, ásamt Robert Gates, áform um að fækka í herafla Bandaríkjanna í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brotthvarfið frá Írak hefst

Stór hluti bandaríska hersins í Írak verður kallaður heim fyrir mitt næsta ár. Obama ætlar þó að hafa allt að 50 þúsund hermanna lið þar út árið 2011.

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að kalla að minnsta kosti 90 þúsund hermenn heim frá Írak á næstu átján mánuðum. Þar með segir hann að eiginlegum hernaði Bandaríkjanna í Írak muni ljúka, þótt áfram verði þar tugir þúsunda bandarískra hermanna út árið 2011.

Hugmyndin er sú að 90 til 114 þúsund hermenn verði farnir frá Írak í lok ágúst á næsta ári, en 35 til 50 þúsund verði eftir til þess annars vegar að taka þátt í þjálfun þarlendra í hermennsku og hins vegar að standa áfram í baráttu gegn hryðjuverkamönnum eftir því sem þörf krefur.

„Nú eru það Írakar sjálfir sem þurfa að taka mikilvægustu ákvarðanirnar um framtíð Íraks," sagði Obama þegar hann kynnti þessi áform í gær í herstöðinni Camp Lejeune í Norður-Karólínu. Þar er fjöldi hermanna sem bíður þess að vera sendur til Afganistans.

Áður en Obama kynnti áætlanir sínar opinberlega hringdi hann bæði í forvera sinn, George W. Bush, og Nouri Al-Maliki Íraksforseta, til að gera þeim grein fyrir því sem til stendur.

Þessi áætlun er mun hógværari en þær hugmyndir sem Obama hafði boðað um brotthvarf hersins frá Írak áður en hann tók við embætti forseta. Repúblikaninn John McCain, sem bauð sig fram á móti Obama í forsetakosningunum í haust, sagðist styðja heilshugar þessi áform, sem Obama kynnti í gær.

> Nú eru það Írakar sjálfir sem þurfa að taka mikilvægustu ákvarðanirnar um framtíð Íraks.
>
> **BARACK OBAMA**
> FORSETI BANDARÍKJANNA

Í stað þess að standa í stórfelldum hernaði í Írak hyggst Obama beina kröftum hersins að Afganistan, og hefur þegar sent 17 þúsund hermenn þangað til viðbótar þeim 38 þúsund sem fyrir eru.

Til þess að standa straum af framhaldi hernaðar í Írak og Afganistan þarf Obama að biðja þingið um aukafjáveitingu sem nemur 75 milljörðum dala fyrir árið í ár, í viðbót við 65 milljarða sem þegar hefur verið úthlutað fyrir fyrri hluta ársins, og síðan 130 milljarða fyrir árið 2010. Að auki þarf að reikna með kostnaði við veru 35-50 þúsund hermanna í Írak út árið 2011, auk herliðsins í Afganistan sem óvíst er hve verður fjölmennt.

Hernaður Bandaríkjanna í Írak og Afganistan hefur verið þung byrði á ríkissjóði Bandaríkjanna síðustu sjö árin. Alls hefur stríðsreksturinn kostað hátt í níu hundruð milljarða dala og verður væntanlega kominn vel yfir þúsund milljarða í lok næsta árs.

gudsteinn@frettabladid.is

OKKAR FRAMLAG

NÝJAR VÖRUR VOR/SUMAR 09

dömu & herra

bolir 990,-
skyrtur 1.990,-
flíspeysur 2.990,-
softshell 4.990,-
kvartbuxur 2.990,-
buxur 2.990,-
zip off buxur 4.490,-
isotex jakkar 4.990,-
isotex kápur 5.990,-
regnbuxur 1.490,-
regnjakkar 1.990,-
gönguskór 5.990,-
bakpokar 2.990,-
sokkar 990,-
ofl. ofl.

barnafatnaður

bolir 990,-
flíspeysur 1.990,-
softshell 3.990,-
kvartbuxur 1.990,-
zip off buxur 2.990,-
regnbuxur 990,-
regnjakkar 1.490,-
gönguskór 5.490,-
bakpokar 1.990,-
ofl. ofl.

Regatta
GREAT OUTDOORS®

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

MARKAÐSHORNIÐ
VETUR 08/09

barnaúlpur 2.990,-
flíspeysur 1.990,-
dömuúlpur 2.990,-
softshell 1.990,-
skíðajakkar 4.990,-
ofl. ofl.

ÚTIVIST&SPORT

verslun/heildverslun

www.utivistogsport.is

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

FRÉTTASKÝRING: Nýr seðlabankastjóri

Styrking krónunnar mikilvægasta verkið

Svein Harald Øygard er nýr seðlabankastjóri og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri. Þeir voru í gær settir í embætti til bráðabirgða.

Á KYNNINGU SEÐLABANKANS Í GÆR Arnór Sighvatsson, nýskipaður aðstoðarseðlabankastjóri, og Svein Harald Øygard, nýr seðlabankastjóri, í pontu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brýnustu verkefni Seðlabanka Íslands nú snúa að styrkingu krónunnar og endurskipulagningar bankakerfisins. Þetta segir Norðmaðurinn Svein Harald Øygard, nýr bankastjóri Seðlabanka Íslands. „Þrátt fyrir áfallið sem hér hefur riðið yfir fjármálakerfið eru grunnstoðir hagkerfisins styrkar," segir hann, en kveður þó mikla vinnu fyrir höndum.

Nýr bankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri, sem er Arnór Sighvatsson, áður aðalhagfræðingur bankans, hófu störf í gær í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Seðlabanka Íslands á fimmtudag. Báðir eru tímabundið settir í embætti af forsætisráðherra meðan störfin eru auglýst.

Samkvæmt nýju seðlabankalögunum kemur einn seðlabankastjóri og einn aðstoðarseðlabankastjóri í stað bankastjórnar sem skipuð var þremur bankastjórum. Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum verða svo teknar af peningastefnunefnd, en stjórn bankans að öðru leyti í höndum seðlabankastjóra.

Svein Harald kvað í gær ekki liggja fyrir til hversu langs tíma hann væri ráðinn. „Ég er tilbúinn til að gegna starfinu jafnlengi og þörf krefur," sagði hann á fundi með fjölmiðlum í gærmorgun. Hann kvaðst ekki vilja tjá sig um gjörðir forvera hans í starfi, heldur horfa fram á veginn. Hann sagði ekki tímabært að tímasetja einstakar aðgerðir svo sem varðandi afléttingu gjaldeyrishafta eða vaxtalækkanir en ötullega væri unnið að þessum málum í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þá kvaðst Svein Harald hafa sagt upp starfi sínu hjá ráðgjafarfyrirtækinu McKinsey & Co frá og með klukkan níu í gærmorgun til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Launakjör sín kvað hann ekki liggja fyrir, þau væru ákvörðuð af stjórnvöldum, en hann gerði ráð fyrir að laun og fríðindi yrðu sambærileg við þau sem fyrrum formaður bankastjórnar Seðlabankans hafi haft.

FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

BREYTINGARNAR SKÝRAST SÍÐAR

„Enn er of snemmt að segja til um breytingar," segir Arnór Sighvatsson, nýskipaður aðstoðarseðlabankastjóri. „Nýr maður tekur nú við stöðu seðlabankastjóra og á eftir að funda með starfsfólki og yfirmönnum bankans og skýrist þetta tæpast fyrr en hann er búinn að vera hér í nokkra daga."

Arnór segir sömuleiðis eiga eftir að koma í ljós hvenær peningastefnunefnd taki til starfa, en samkvæmt nýjum lögum um Seðlabankann fer hún með ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. „Hún hefur ekki enn verið skipuð."

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu kemur forsætisráðherra „innan tíðar" til með að skipa tvo sérfræðinga í nefndina, en auk þeirra eiga í henni sæti seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri og einn af yfirmönnum Seðlabankans á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum.

VÆGI ENSKU AUKIÐ

Samskipti starfsmanna við nýjan seðlabankastjóra koma aðallega til með að fara fram á ensku, nema í þeim tilvikum þar sem starfsmenn kjósa fremur að tjá sig á norsku eða skandinavísku, enda talar Svein Harald Øygard ekki íslensku. Þá verður samkvæmt upplýsingum úr Seðlabankanum lögð meiri áhersla á að hafa innri skýrslugerð og vinnuplögg á ensku en verið hefur. Gögn sem Seðlabankinn hefur birt á vef sínum hafa alla jafna bæði verið á íslensku og ensku og verður því vinnulagi haldið áfram. Þá hafði vinna á enskri tungu sjálfkrafa aukist innan bankans með auknu samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

BAKGRUNNUR NÝJA SEÐLABANKASTJÓRANS

Svein Harald Øygard er fæddur árið 1960 og hlaut meistarapróf í hagfræði frá Oslóarháskóla árið 1985, með þjóðhagfræði sem aðalgrein. Hann var aðstoðarfjármálaráðherra Noregs 1990 til 1994. Meðal ábyrgðarsviða hans voru þjóðhagfræði, samþætting stefnu í ríkisfjármálum og peningamálastefnu, löggjöf á fjármálasviði og skattamálefni. „Hann leiddi meðal annars endurskoðun skattalöggjafar í Noregi árið 1992 og sat í starfshópi norsku ríkisstjórnarinnar um hugsanleg efnahagsleg áhrif inngöngu Noregs í Evrópusambandið. Svein Harald tók þátt í vinnu norskra stjórnvalda er þau tókust á við banka- og gjaldmiðilskreppuna þar í landi árið 1992. Hann sat í efnahagsráði norska Verkamannaflokksins til ársins 2000," segir í tilkynningu. Áður starfaði Svein Harald í seðlabanka Noregs, fjármálaráðuneytinu og á norska Stórþinginu. Frá árinu 1995 hefur hann starfað fyrir ráðgjafarfyrirtækið McKinsey&Company víða um heim og var framkvæmdastjóri fyrirtækisins í Noregi frá 2005 til 2007.

SVEIN HARALD ØYGARD

Jens Stoltenberg var fyrstur til að heimsækja nýjan seðlabankastjóra í bankann:

Óskar landa sínum góðs gengis

Efnahagsmál og fjármálakreppan voru meðal þess sem Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs og Svein Harald Øygard, nýráðinn seðlabankastjóri, ræddu á óformlegum fundi þeirra í Seðlabanka Íslands laust fyrir hádegi í gær.

Stoltenberg er staddur hér á landi á fundi norrænna forsætisráðherra og notaði tækifærið til að óska samlanda sínum góðs gengis í starfi seðlabankastjóra hér. Svein Harald kvað jafnframt ánægjulega tilviljun að fyrsti gesturinn til hans í Seðlabankann í nýju embætti væri einmitt forsætisráðherra Noregs.

Fyrir fundinn kíktu þeir stuttlega á myntsafn Seðlabankans og fræddust um myntsöguna hjá Stefáni Jóhanni Stefánssyni, ritstjóra í Seðlabankanum. Fundurinn stóð í um klukkustund. **- óká**

SVEIN HARALD ØYGARD OG JENS STOLTENBERG Forsætisráðherra Noregs upplýsti að hann þekkti samlanda sinn sem nýráðinn er seðlabankastjóri hér bæði frá háskólaárum þeirra og úr pólitísku starfi í Noregi á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

heima

Ný komin sending

af leðursófasettum og leðurstólum



Opið í dag kl. 11-16

25% afsláttur af öllum vörum!

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood heima

Ondvegi

BÚUM BETUR

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 107 **Velta:** 140 milljóni

OMX ÍSLAND 15 278 **-1,94%**

OMX ÍSLAND 6 840 **-1,36%**

MESTA HÆKKUN

BAKKAVÖR	4,35%
FØROYA BANKI	0,51%

MESTA LÆKKUN

ATLANTIC PETROL.	-20,99%
STRAUM. - BURÐ.	-1,18%
ÖSSUR	-0,86%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,90 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 350,00 -20,99% ... Bakkavör 1,92 +4,35% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,50 +0,00% ... Føroya Banki 99,50 +0,51% ... Icelandair Group 12,71 +0,00% ... Marel Food Systems 50,80 -0,39% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,67 -1,18% ... Össur 91,80 -0,86%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Hulda í Kaupþing

„Við höldum ótrauð áfram með þau stóru verkefni sem hafa verið í gangi,“segir Hulda Dóra Styrmisdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, sem í gær tók við stjórnarformennsku Nýja Kaupþings.

Hún segir starfið leggjast vel í sig og muni hún vinna að því reisa bankann við á ný ásamt starfsfólki bankans og samstarfskonum í bankaráði.

Magnús Gunnarsson, sem tók við embættinu í október sagði af sér í kjölfar ríkisstjórnarskipta og tók Gunnar Örn Kristjánsson endurskoðandi við. Gunnar yfirgaf embættið eftir tveggja daga setu.

Hulda Dóra, sem er eldri dóttir Styrmis Gunnarssonar, fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins, hefur víðtæka reynslu úr atvinnulífinu en hún var framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka á árabilinu 2001-2004. Hulda er menntuð í hagfræði frá Bandaríkjunum, hefur MBA-gráðu frá Frakklandi og diplómagráðu í klínískri vinnusálfræði frá sama landi.

- jab

Hagnaðarvonin hrundi með verðfalli á hráolíu

Allt stefndi í að færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum skilaði hagnaði í fyrsta sinn á síðasta ári. Mikil lækkun á olíuverði setti strik í reikninginn.

Færeyska olíu- og gasleitarfélagið Atlantic Petroleum tapaði 89,7 milljónum danskra króna í fyrra, sem er 13,7 milljónum meira en í hittiðfyrra. Þetta jafngildir rúmlega 1,7 milljarða tapi í íslenskum krónum talið.

Rekstrartap á árinu nam 5,6 milljónum danskra króna, sem er tífalt minna en árið á undan.

Stærsti hluti tapsins nú skýrist af neikvæðum gengisáhrifum breska pundsins gagnvart danskri krónu og erfiðum aðstæðum á fjármálamörkuðum sem hefur valdið því að fyrirtækið þarf að leita sér frekari fjármögnunar á árinu.

Tekjur af olíusölu námu 43,4 milljónum danskra króna og var þetta í fyrsta sinn í áratugagamalli sögu Atlantic Petroleum sem peningur skilar sér í kassann.

Allt stefndi í að fyrirtækið hefði skilað hagnaði hefðu ytri aðstæður ekki versnað til muna og heimsmarkaðsverð á hráolíu fallið um nærri áttatíu prósent frá hæsta gildi í fyrrasumar.

Hráolíuverð fór í rúma 147 dali á tunnu í júlí í fyrra en lækkaði hratt eftir það. Verðþróunin snerti mjög við afkomuspá Atlantic Petroleum, sem seldi fyrsta olíufarminn á 85 dali á tunnu að meðaltali í september. Verðmæti næstu farma lækkaði í samræmi við heimsmarkaðsverðið og fóru síðustu tunnurnar á 35 dali í desember.

Olíuleitarfélagið reiknar með að rekstrarhagnaður hlaupi á bilinu 20 til 25 milljónum danskra króna á þessu ári að því gefnu að hráolíuverð standi í 45 dölum á tunnu.

Markaðurinn tók uppgjörinu afar illa. Gengi bréfa í Atlantic Petroleum hrundi um tæpt 21 prósent við upphaf viðskiptadagsins í gær og endaði það í 350 dönskum krónum á hlut. Það er svipað verð og hlutabréfin stóðu í á fyrsta viðskiptadegi um mitt ár 2005.

jonab@markadurinn

LEIT AÐ SVARTA GULLI Markaðurinn tók afkomutölum færeyska olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum illa. Gengi bréfa í félaginu hrundi um rúm tuttugu prósent í gær.

BANKASTJÓRI EIK BANKA Marner Jacobsen segir uppgjör þessa umsvifamesta banka Færeyja hafa valdið sér vonbrigðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eik Banki tapar sex milljörðum króna

Eik Banki, umsvifamesti banki Færeyja, tapaði 314,1 milljón danskra króna, jafnvirði sex milljarða íslenskra, í fyrra. Þetta er verulegur viðsnúningur frá í hittiðfyrra en þá hagnaðist bankinn um 393 milljónir danskra króna.

Mestu munar um niðurfærslu á lánasöfnum og öðrum kröfum upp á 554 milljónir danskra króna í fyrra samanborið við 37 milljónir árið á undan. Að öðru leyti jókst bæði tekjupóstur og kostnaður bankans.

Lausafjárstaða bankans er þrátt fyrir allt ágæt og nemur eiginfjárhlutfall 10,6 prósentum.

Marner Jacobsen bankastjóri segir uppgjörið seinni hluta árs hafa einkennst af erfiðleikum í alþjóðlegum fjármálageira og valdi uppgjörið vonbrigðum.

Eik banki var á meðal stærstu hluthafa Spron með 8,44 prósent þegar sparisjóðurinn var skráður á markað á haustdögum 2007. Hann losaði um eign sína í samræmi við hrakfarir sparisjóðsins á hlutabréfamarkaði og seldi olíuleitarfélaginu Atlantic Petroleum eftirstandandi hlut sinn í október í fyrra. Eik banki er stærsti hluthafi olíuleitarfélagsins.

- jab

Nú koma seðlarnir ekki lengur í póstkassann!

Rafræn og vistvæn

Allt rafrænt

Um áramótin urðu allir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs rafrænir. Rafrænir seðlar birtast í öllum heimabönkum.

Vilji viðskiptavinir fá heimsendan greiðsluseðil þarf að óska eftir því í þjónustuveri eða á vefsíðu Íbúðalánasjóðs.

Í þágu umhverfisins

Framlag Íbúðalánasjóðs til umhverfisins er að draga úr pappírsnotkun og auka rafræn viðskipti.

Kynntu þér málið:

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Sími: 569 6900 // 800 6969

Íbúðalánasjóður hefur fellt niður sinn hluta seðilgjaldsins. Eftir stendur 75 kr. greiðslugjald sem bankar og sparisjóðir innheimta fyrir greiðslumiðlun.

Íbúðalánasjóður

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NÝJUM BÓKUM – 50% –

VERÐ-HRUN!

Bókamarkaðurinn Perlunni Alla daga til 15. mars

Opið frá kl. 10-18

Hinn eini sanni Bókamarkaður hefst í dag í Perlunni. Hátt í **20.000 titlar** í boði!

A.m.k. **50% afsláttur** af öllum nýjum bókum!

ÞAÐ ER ENGIN KREPPA Í PERLUNNI!

DYNAMO REYKJAVÍK

~~4.480,-~~ **490,-**

~~5.480,-~~ **990,-**

~~4.680,-~~ **1.290,-**



~~2.800,-~~ **890,-**

~~3.490,-~~ **1.290,-**

~~4.680,-~~ **1.490,-**

Það hefur aldrei verið ódýrara að lesa!



~~14.990,-~~ **7.990,-**

~~4.900,-~~ **1.990,-**

Ótrúlegt en satt!!!
Þú borgar fyrir 2 og færð 3

~~3.680,-~~ **1.790,-**

~~4.690,-~~ **1.990,-**

~~9.980,-~~ **4.990,-**

~~2.490,-~~ **990,-**

~~4.480,-~~ **1.990,-**

~~4.990,-~~ **1.990,-**

~~4.990,-~~ **1.990,-**



~~4.990,-~~ **2.490,-**

~~3.990,-~~ **1.990,-**

~~3.490,-~~ **990,-**

~~4.690,-~~ **1.990,-**

~~4.380,-~~ **1.490,-**

~~4.290,-~~ **1.990,-**

~~3.490,-~~ **1.490,-**

Misstu ekki af ótrúlegum tilboðum!

skoðun

greinar@frettabladid.is

Breytt valdahlutföll.

Lykilmál í álögum

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Skoðanakannanir benda til talsverðra breytinga á valdahlutföllum í pólitíkinni. Nýir flokkar fá enn sem komið er ekki hljómgrunn. Alvarlegast er þó að kjósendur eiga ekki kost á að velja ríkisstjórn sem fyrirfram hefur ákveðna stefnu um lausn á stærsta viðfangsefni stjórnmálanna: Peningamálunum.

Áhöld eru um hvort núverandi ríkisstjórn er minnihlutastjórn tveggja flokka eða meirihlutastjórn þriggja flokka. Framsóknarflokkurinn hefur haldið þannig á málum að samstarfið ber fremur svipmót af meirihlutastjórn. Ljóst er að ráðherrastólar eru geymdir fyrir Framsóknarflokkinn fram yfir kosningar.

Kjarni málsins er sá að kosningarnar snúast ekki um það hvort ríkisstjórnin fær áframhaldandi umboð. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ef unnt er að tala um kosningaspennu snýst hún um tvær spurningar: Sú fyrri er hvort Samfylkingin og VG fái hreinan meirihluta. Sú seinni er hvort Sjálfstæðisflokkurinn heldur sæti sínu sem stærsti flokkurinn.

Nú hafa allir þeir sem báru ábyrgð sem ráðherrar eða embættismenn þann örlagaríka dag sjötta október 2008 látið af störfum utan þrír ráðherrar Samfylkingarinnar. Það sýnir hversu almenningsálitið getur oft á tíðum verið þversagnakennt að áframhaldandi seta eins þeirra sýnist nú vera sterkasta hald-reipið í klifri Samfylkingarinnar til þess að verða stærsti flokkurinn.

Þó að Samfylkingin og VG fái hreinan meirihluta má telja víst að Framsóknarflokkurinn verði áfram stuðningsflokkur ríkisstjórnarinnar. Hann hefur tekið af skarið um að samstarf við Sjálfstæðisflokkinn komi ekki til greina. Trúlega yrði Framsóknarflokkurinn tekinn með í ríkisstjórnina þrátt fyrir meirihluta flokkanna tveggja. Það myndi draga úr líkum á að hann færði sig nær Sjálfstæðisflokknum þegar á móti fer að blása.

Ef mið er tekið af síðustu kosningum sýnast kjósendur, að frátöldum þeim sem horfið hafa frá stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn, vera sáttir við að hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan hafi plön um að endurreisa peningakerfið og svara því hvort það verður gert með krónu eða evru. Kjósendur kalla ekki eftir lausn og engin pólitísk forysta er sjáanleg.

Því lengur sem þessi ákvörðun er dregin á langinn sekkur þjóðin dýpra. Flokkarnir kæra sig kollótta fyrir þá sök að krafa um stefnu kemur ekki frá fólkinu. Þetta er brotalöm íslenskra stjórnmála eins og sakir standa.

Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn sem hafa Evrópusambandsaðild á stefnuskrá setja þetta lykilmál ekki sem skilyrði fyrir stjórnarþátttöku. Fyrir vikið ráða forystumenn VG hvenær á því verður tekið. Þar að mun vitaskuld koma. Eins og nú horfir verður það hins vegar of seint.

Sjálfstæðisflokkurinn gaf landsmönnum loforð í nóvember um að endurskoða það hagsmunamat sem legið hefur að baki afstöðu hans í peningamálum og til Evrópu. Stærsta ríkjandi óvissan um pólitíska grundvallarafstöðu bíður þeirrar ákvörðunar. Ný forysta hefur tækifæri til þess að brjóta upp alveg lokaða pólitíska stöðu í þessu lykilmáli. Hún getur líka eins og forysta Samfylkingar og Framsóknarflokks ákveðið að vísa pólitískri leiðsögn yfir á VG og einangrað flokkinn með því til lengri tíma.

Þrátt fyrir áhugaleysi kjósenda ræðst framtíðin af því hver tekur forystu um að leysa þetta lykilmál úr pólitískum álögum og hversu skjótt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hið rótgróna flokksræði

Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, hefur verið afar gagnrýninn á það sem hann kallar „inngróið flokksræði og ráðherraræði“ á Íslandi og skrifaði síðast um það pistil á heimasíðu sína 25. febrúar síðastliðinn. Tveimur dögum áður skrifaði hann grein á vef Íslandshreyfingarinnar þar sem hann tók á sama efni. „Hér á landi ríkir alræði flokkanna,“ skrifaði Ómar. „Enginn getur komist til áhrifa í stjórnmálum nema að ganga í stjórnmálaflokk og vinna sig upp í gegnum hann.“ Íslandshreyfingin er greinilega góður kostur fyrir þá sem sem vilja að tekið sé tillit til sjónarmiða almennra flokksmanna áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar.

Stjórnin hefur ákveðið …

Yfir í aðra sálma. Í gær sendi stjórn Íslandshreyfingarinnar frá sér yfirlýsingu um að hún óski eftir að gerast aðili að Samfylkingunni. Stjórn Íslandshreyfingarinnar skorar enn fremur á fylgismenn sína að ljá þessu máli stuðning sinn. Flokksmönnum verður tilkynnt þetta á aðalfundi hreyfingarinnar við fyrsta tækifæri.

Vænlegast til ávinnings

Í yfirlýsingu stjórnarinnar kemur einnig fram að Íslandshreyfingin sé fyrsti og eini græni flokkurinn sem skilgreini sig hvorki til hægri né vinstri. Hún liggi því nálægt Samfylkingunni í litrófi íslenskra stjórnmála og álíti það vænlegast til ávinnings fyrir stefnumál hreyfingarinnar að efla þingstyrk Samfylkingarinnar. Það er óneitanlega kaldhæðnislegt að sama dag og Íslandshreyfingin sækir um inngöngu í Samfylkinguna, gaf ríkisstjórnin út tilkynningu um að hún hefði afgreitt frumvarp til laga sem heimilar að gengið verði til samninga við Century Aluminum Company og Norðurál Helguvík ehf. vegna byggingar og reksturs álvers í Helguvík.

bergsteinn@frettabladid.is

Eru Norðmenn Jesú Kristur?

Þegar stóráföll dynja yfir í lífi einstaklings reynir á hversu vel hann er í stakk búinn að takast á við þau – það kemur í ljós skýrar en áður hvernig hann fer að því að taka ábyrgð á sjálfum sér, hvort hann er yfirleitt fær um það.

Sama á við í lífi þjóðar. Undanfarna mánuði hefur reynt á það til hins ítrasta hvernig Íslendingar bregðast við stóráföllum. Í meginatriðum virðast viðbrögð ríkisstjórnar og Seðlabanka hafa verið óglæsileg, og ekki annað séð en að þau hafi oftar en einu sinni gert illt verra, í stað þess að bjarga því sem bjargað varð.

Þá er ömurlegt að það skyldi taka marga mánuði af skipulögðum hávaða að koma ríkisstjórninni í skilning um að henni var ekki sætt (hvers vegna hefði henni átt að vera það, Sjálfstæðisflokkurinn er ásamt Framsóknarflokki höfundur að hruninu, með því að skapa forsendur fyrir stjórnlausri, ábyrgðarlausri útþenslu, og Samfylking er samábyrg sem stjórnarflokkur síðustu árin).

En í þessum hávaða kom í ljós að það eru forsendur fyrir nýrri hugsun á Íslandi, skapandi hugsun um stjórnmál og þjóðmál, meiri meðvitund um lýðræði og lýðræðislegar aðferðir, skarpari gagnrýnin hugsun á breiðum grundvelli en áður hefur heyrst. Jarðvegur fyrir skapandi samtal og gagnrýna umræðu hefur verið sérlega ófrjór á Íslandi, m.a. vegna þess að þöggun hefur verið í tísku. Ráðamenn ekki útausandi á upplýsingar, og illvígir ef einhver ætlar að hnýsast í „einkamál“ þeirra. Ástand sem er ekki til að styðja við umfjöllun fjölmiðla á brauðfótum.

Norska trúarjátningin

Þar kom eftir dúk og disk að ný ríkisstjórn tók við. Það heyrði til góðra nýmæla að ópólitískt fagfólk var skipað í mikilvæg embætti viðskiptaráðherra og dómsmálaráðherra. Fyrir fram hefði ég ekki ætlað þessari stjórn sem virtist að mörgu leyti vel skipuð, með Jóhönnu Sigurðardóttur í forsæti, að gera sérstök glappaskot.

En það er greinilegt að einn Íslendingur er alltaf of saklaus þegar hann fer að treysta ráðamönnum til þess að gera ekki gloríur. Steingrímur J. Sigfússon, nú orðinn fjármálaráðherra, að mörgu leyti mætur stjórnmálamaður, fékk þá flugu í höfuðið að spyrða íslensku krónuna við þá norsku. Þetta leit eiginlega út eins og eitthvert glens úr Spaugstofunni. Núverandi viðskiptaráðherra, sem er fagmaður, orðaði það svo að hugmyndin væri langsótt.

Þeir sem mest óttast framsal fullveldis, ef Ísland væri í Evrópubandalaginu, eins og Steingrímur J. mun gera, ættu að skilja að það er íslensku fullveldi þúsund sinnum hættulegra að vera í dularfullu, fordæmislausu samkrulli við eina ríka olíufrændþjóð en að vera innan laga og reglugerða fjölþjóða Evrópusambands, þar sem hlutirnir fara þó að minnsta kosti fram eftir nótum. Hverjum dettur í hug að Norðmenn séu Jesú Kristur og reiðubúnir að fórna sér fyrir Íslendinga? En einhverjum Íslendingum (Steingrími J.?) hefur dottið í hug að gera Norðmenn að leiðtogum lífsins. Og trúarjátningin var innsigluð með því að ráða norskan seðlabankastjóra í íslenska Seðlabankann.

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

Í DAG | Nýr seðlabankastjóri

Íslendingar eiga heimtingu á því að vita hvernig það kom til að Norðmaður var ráðinn í stöðu seðlabankastjóra íslenska Seðlabankans. Jú, norski fjármálaráðherrann mælti með honum! Er þetta skýring sem dugar Íslendingum?

Óboðleg aðgerð

Hvenær ætla íslenskir ráðamenn að læra að taka ábyrgð? Þeir gera það ekki með því að setja útlending í Seðlabankann, þegar nóg er af vel hæfum Íslendingum til þess að gegna þessu embætti. Ábyrgðartilfinningin er svo lítil og lýðræðishugsunin svo sljó að þessi gjörningur lítur meiraðsegja út fyrir að standast ekki íslenska stjórnarskrá, eins og Sigurður Líndal prófessor bendir á. (Eða væri kannski nóg að hann stæðist norsku stjórnarskrána?) Það var ekki einu sinni haft fyrir því að klína ríkisborgararéttinum prontó á Norðmanninn til þess að gjörningurinn stæðist örugglega. Þetta er óboðlegt, og ég legg til að góðir Íslendingar taki fram nýjar birgðir af búsáhöldum til að mótmæla þessum aðförum.

Þessi stóreinkennilega ráðning í stöðu seðlabankastjóra vekur fleiri spurningar, til dæmis um aðgengi að íslenskum innanríkismálum. Er eitthvað sniðugt við það að annarra þjóða maður geti hrært óheft í gögnum um íslensk peningamál og ríkisfjármál? Þetta er vonandi ekkert sem minnir á landráð.

Hvað um praktíska hluti í Seðlabankanum, eins og tungumál? Eiga starfsmenn bankans og ríkisstjórnin og aðrir viðkomandi, þ.á m. íslenskir blaðamenn, að fara á norskunámskeið? Ætlar Norðmaðurinn að fara á flýtimeðferð í íslensku? Eða er bara gjörvöll ríkisstjórn og allir viðkomandi svo rosalega góðir í ensku að þetta sé sjálfsagt mál? Hvað með gögnin sem norski bankastjórinn í íslenska seðlabankanum þarf að skoða? Eru þau öll til á skiljanlegu máli fyrir hann?

Hvenær kemur ábyrgðin?

Íslendingar eiga heimtingu á því að vita hvernig það kom til að Norðmaður var ráðinn í stöðu seðlabankastjóra íslenska Seðlabankans. Jú, norski fjármálaráðherrann mælti með honum! Er þetta skýring sem dugar Íslendingum? Þeir hafa að vísu ekki alltaf verið mjög kröfuharðir um skýringar, fjölmiðlamenn meðtaldir, en það fer nú vonandi að breytast.

Þá væri fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig þessi embættisveiting lítur út í augum heimsins. Lítur hún kannski svona út: Já, grey Íslendingar, þeir ráða ekki neitt við neitt og eiga ekki einu sinni nógu hæft fólk þessi angaskinn til að gegna mikilvægum embættum. Þeir urðu bara að leita á náðir Norðmanna, það var ekki annað að gera. Kannski Stoltenberg geti fært út kvíarnar og tekið að sér smáforsætisráðherrastörf líka hjá litlu grannþjóðinni. Hann var að minnsta kosti strax kominn að tala norsku við íslensku blaðamennina, með norska seðlabankastjóranum í íslenska Seðlabankanum. Hagstætt hvað þessi tungumál eru nauðalík, Íslendingar ættu auðvitað að taka alfarið upp nútímatungumál eins og norsku í staðinn fyrir að burðast með eldömlu íslenskuna.

Að öllu gamni slepptu (er þetta annars ekki gaman?): Hvenær ætla íslenskir ráðherrar og ráðamenn að læra að taka ábyrgð og hvenær ætla þeir að læra að virða grundvallarreglur lýðræðis? Eins og með því að láta reyna á það í kosningum 25. apríl 2009 hver hugur Íslendinga er til inngöngu í Evrópusambandið (til dæmis: vill þjóðin þjóðaratkvæðagreiðslu um málið?) nú þegar allar forsendur eru gjörbreyttar frá síðustu kosningum – í stað þeirrar ólýðræðislegu ákvörðunar að láta ENN bíða að kjósa um grundvallaratriði. Betri tíma, eða hvað?

Höfundur er rithöfundur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ÍSLENSKA SÍA.IS JAA 44440 02/09

Lögregla, Djúpavogi

LEITA

Nýtt já.is

Lögregluvarðstofan á Djúpavogi

Markarlandi 2 - 765 Djúpavogi
Sími **470 6144**
Fax **478 8201**

SJÁ NÁNAR

Sækja vCard

Prenta

já - er svarið

118 ja.is Símaskráin

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. **489 kr./kg.**

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 598 KR./KG. **359 kr./kg.**

HOLTA FERSKARKJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. **1798 kr./kg.**

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2109 KR./KG. **1476 kr./kg.**

KF SVEITABJÚGUN
MERKT VERÐ 498 KR./KG. **399 kr./kg.**

NV FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
399 kr./kg.

BÓNUS NÝBAKAÐIR KUBBAR
4 STK **198 kr.**

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG **149 kr.**

BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ & BEINLAUSIR **698 kr./kg.**

KF FROSNIR LÚXUSHAMBORGAR
10 x 120g 20% afsláttur
MERKT VERÐ 1498 KR. **1198 kr.**

SÆLGÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR ALLA DAGA
75 kr.pr 100g poki.

DILETTO KAFFI 400g
298 kr.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

BÓNUS NÝBAKAÐ
BAGUETTE 98 kr.

TOPPUR SÍTRÓNU 2 LTR. 98 kr
COKE ZERO / PEPSI MAX 2 ltr. 119 kr

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Vinsælustu *fyrirtækin* FRJÁLS VERSLUN 1. TBL. 2009

„Bónus er vinsælasta fyrirtækið á Íslandi sjöunda árið í röð"

Takk fyrir traustið og stuðninginn.
Starfsfólk Bónus

159

APPELSÍNUR Í LAUSU **159 kr/kg.**

498

JARÐARBER 1/2 kg. ASKJA **498 kr**

159

JONAGOLD EPLI **159 kr./kg.**

298

FERSKT BLÓMKÁL **298 kr./kg.**

198

PAPRIKA PÖKKUÐ 400g **198 kr.**

298

FERSKT SPERGILKÁL **298 kr./kg.**

399

KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.

479

KS LAMBASÚPUKJÖT 1.fl.
MERKT VERÐ 598 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **479 kr./kg.**

398

BÓNUS PIZZA MARGARITA 400g **398 kr**
BÓNUS PIZZA PEPPERONI 420G **398 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR EÐA UPPSELDAR VÖRUR

Áfallið fylgir manni alltaf

Fyrsti vinnudagur **Gríms Hergeirssonar** á lögfræðistofu á Selfossi varð meira en örlagaríkur en ekki bara vegna nýs vinnuumhverfis. Á hádegi fékk Grímur þá greiningu að hann væri með krabbamein í hálskirtlum sem hafði dreift sér í eitla. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti Grím, rúmu ári eftir að meðferð lauk og tveimur mánuðum eftir að besti vinur hans varð fyrir bíl á Selfossi.

Stundum er skammt stórra högga á milli og ekki gott að vita hvar þau lenda. Grímur sigraðist á krabbameininu, en besti vinur hans, Guðjón Ægir Sigurjónsson, sem stóð þétt við bakið á honum meðan á baráttunni stóð, lést hins vegar í janúar síðastliðnum þegar hann varð fyrir bifreið. Guðjón og Grímur æfðu meðal annars maraþon og hlupu mikið saman um Selfoss. Grímur veit því betur en margur að lífið er óútreiknanlegt fyrirbæri.

STUTT STÓRRA HÖGGA Á MILLI Líf Gríms hefur tekið óvæntar beygjur síðustu árin og hann segist hafa lært að það er ekki hægt að gera ráð fyrir lífinu. Hann sé heppinn að geta farið út að hlaupa og sinnt börnunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafði engar áhyggjur

Það kom Grím í opna skjöldu að greinast með krabbamein vorið 2007. „Það er engin saga um krabbamein í fjölskyldunni. Ég hélt, eins og flestir halda alltaf, að ég væri mjög hraustur og taldi mig ekki í neinum áhættuhópi. Ég fann ekki fyrir neinum slappleika, hita eða veikindum. Það eina var að smá kúla kom allt í einu á hálsinn sem ég hélt að myndi bara fara. Hún stækkaði hins vegar smám saman og ég fékk óþægindi eins og ég væri með hálsbólgu. Þó tengdi ég kúluna og særindin í hálsinum alls ekkert saman og var ekkert að drífa mig til læknis. Það var því mjög skrítið þegar ég fór loks til heimilislæknisins, að heyra á honum að þetta gæti verið eitthvað alvarlegt.“

Hafði gengið með krabbameinið lengi

Krabbameinið sem Grímur greindist með var svokallað flöguþekjukrabbamein sem birtist oftast sem húðkrabbamein utan á líkamanum og í þeim tilfellum er auðvelt að sjá strax að um frumubreytingar er að ræða. Krabbameinið lagðist á slímhúðina í hálsi Gríms og hálskirtlana. Því var hann að mati læknis búinn að vera með krabbamein lengi, jafnvel allt upp í eitt ár. Hálskirtlakrabbamein er mjög sjaldgæft en á ári hverju greinast aðeins um tveir Íslendingar með þessa tegund krabbameins. Fjórum dögum eftir sjúkdómsgreininguna var Grímur drifinn í umsvifamikinn uppskurð.

Fjögurra barna faðir

„Þetta var mjög óraunverulegur tími og hræðslan er mikil fyrstu dagana og maður veit ekki hvernig meðferðin mun ganga, hverjar líkur manns eru eða í raun hvað framhaldið býður manni upp á. Læknarnir sögðu mig eiga ágætis líkur þótt ekki sé kannski verið að gefa manni nákvæmlega upp hverjar þær eru. Maður finnur hvernig maður þráir að vita allt nánar og fer á netið og leggst í rannsóknarvinnu. Mér reiknaðist til út frá því sem ég las að ég ætti að eiga í það minnsta fimmtíu prósent líkur á sigri,“ segir Grímur og bætir við að margar hugsanir þjóti í gegnum kollinn þessa fyrstu daga sem þó séu þokukenndir. „Ég á fjögur börn og það skýrist allt fyrir manni hvað það er sem skiptir máli í lífinu. Manni finnst maður þurfa að nýta tímann með fjölskyldunni til hins ítrasta.“

Borðaði hafragraut í marga mánuði

Krabbameinið var á það alvarlegu stigi að opna þurfti háls Gríms og skera í burtu eitla í hálsi, undir tungu og niður á bringu. Þetta var afar stór aðgerð en hér á landi er talið að áhrifaríkast sé að skera allt sem hægt er að skera burt við krabbameini af þessu tagi. „Þegar örið var að mestu gróið tók við geislameðferð í sex vikur. Hálsinn er afar viðkvæmt svæði og hún var því mjög sársaukafull og ég brenndist allur innan í hálsi og koki.“ Mánuðum saman var hafragrautur því það eina sem Grímur gat nærst á og við tók langur og strangur tími. „Ég var mjög veikur allt sumarið og langt fram á haust. Konan mín er ljósmóðir og gat tekið sumarfríið sitt og sinnt mér en annars eru veikindaréttindi maka engin þegar svona ber undir og helst að stóla á liðlega yfirmenn. Við vorum með yngstu dótturina okkar þarna aðeins rúmlega eins árs og svo tvö börn á aldrinum tíu til tólf ára. Elsta stelpan okkar var hins vegar orðin tvítug svo hún gat hjálpað mikið til.“

> Sjúkdómurinn fylgir manni alla tíð og áfallið sem maður lendir í er kannski bara eins og að lenda í snjóflóði, maður er breyttur maður og hugsanirnar geta ásótt mann: Mun sjúkdómurinn taka sig aftur upp?

Hljóp maraþon sex mánuðum eftir greiningu

Grímur og kona hans tóku þá ákvörðun að setja börnin alveg inn í málin eins og þau voru enda ekki hægt að komast hjá því að þau fylgdust með baráttu föður síns. Grímur ákvað þó snemma að þetta væri verkefni sem hann ætlaði að setja sér markmið í. Þannig var hann í lögfræði í Háskóla Íslands, á þriðja ári, þegar hann greindist, og tók þá ákvörðun að skrá sig í kúrsa um haustið. „Mér hefur kannski gengið betur, en ég náði að klára. Í nóvember skráði ég mig svo í maraþonhlaup sem átti að fara fram í London í apríl 2008. Maraþonið var þarna sem gulrót. Ég fór smám saman að byggja mig upp, gekk stuttar vegalengdir og fór svo út að hlaupa með konunni minni og vinum hér á Selfossi. Ég á því mikið að þakka að ég var í góðu formi þegar ég veiktist og hafði hlaupið mikið áður. Það hefur eflaust haft mikið með það að gera að ég var fljótari að ná mér en menn bjuggust við.“

Þunglyndi getur sótt á

Þegar sjúkdómurinn hefur verið sigraður tekur við strangt eftirlit og í dag fer Grímur á tveggja mánaða fresti í athugun. Það er mikil spenna í kringum þann tíma. „Stundum er eins og fólk búist við því að maður hafi kvatt krabbameinið að fullu, lifi fjarri sjúkdómnum fyrst maður hafi sigrast á honum. Það er ekki svo auðvelt. Sjúkdómurinn fylgir manni alla tíð og áfallið sem maður lendir í er kannski bara eins og að lenda í snjóflóði, maður er breyttur maður og hugsanirnar geta ásótt mann: Mun sjúkdómurinn taka sig aftur upp? Og það er alltaf mikil gleði að vera kominn úr skoðun og allt kom vel út. Kannski rjátlast þetta af manni. En það er alveg hætt við að margir, sem hafa kannski ekki góða að tala við, finni fyrir þunglyndi þegar slíkar hugsanir sækja á.“ Grímur mælir eindregið með því að þeir sem eru í þessum sporum og eru að há þessa baráttu leiti til ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. „Þar eru sérfræðingar sem geta hjálpað manni alveg ótrúlega mikið og eru alltaf boðnir og búnir til að svara öllum spurningum.“

Grímur segir að það sé kannski ekki alltaf efst á óskalistanum að ræða sjúkdóminn í þaula við kunningja sem maður hitti á götum úti. „Maður vill halda áfram og verður fljótt leiður á því að svara spurningum um hvernig manni líði. Ég skil það samt alveg, fólk spyr af umhyggjusemi. En það kemst upp í vana að segja bara að manni líði vel þótt maður sé kannski enn þá mjög veikur.“

Heppinn

Örið á hálsi Gríms minnir hann á hvað er að baki og hvað muni fylgja honum næstu árin. „Ég flý ekki sjúkdóminn og það er margt breytt. Ég er með skerta munnvatnsframleiðslu og þarf því að drekka mikið til að maturinn festist ekki í hálsinum. Ég er alveg tilfinningalaus öðrum megin í andlitinu og langt niður á bringu. Ég tel mig hins vegar lukkunnar pamfíl. Oft þegar ég fer út að hlaupa hugsa ég með mér hvað ég sé heppinn að geta verið úti að hlaupa en ekki undir grænni torfu. Og að ég gæti háð baráttu, það eru ekki allir sem eiga kost á því. Baráttan er verkefni og þannig verður maður að líta á það.“

Berlín í haust

Grímur er þessa dagana að klára mastersritgerð úr lögfræði og vinnur með skólanum á lögmannsstofunni sem hann byrjaði fyrsta vinnudaginn svo eftirminnilega á. Hann hleypur mikið og segir að þessa dagana sé hann eins og flestir aðrir Íslendingar að vona að framtíðin beri eitthvað bjartara í skauti sér en flestir óttast. „Það sem skiptir máli er auðvitað heilsan og ef maður nær að eiga húsnæði fyrir sig og börnin getur maður verið sáttur. Þetta snýst ekki um neitt annað. Það er samt aukaálag að vera veikur get ég ímyndað mér á svona tímum. Og ég finn það sjálfur að ég hugsa meira um hvað verði ef ég veikist aftur. Er ég tryggður og hvaða réttindi hef ég á krepputímum? Það er erfitt að ganga í banka í dag og redda sér yfirdrætti hvenær sem er. En ef það kemur að því þá kemur bara að því. Maður verður bara að gíra sig upp í verkefnið sem krabbameinsbaráttan er. Nú er ég hins vegar að undirbúa mig undir maraþon í Berlín í haust sem og að útskrifast í sumar úr lögfræðinni. Það skiptir mestu máli á þessum tíma að halda vinnu og húsnæði. Annað er hjóm eitt.“

Karlmenn og krabbamein

Árlega greinast um 630 karlar með krabbamein á Íslandi, almennt gera þeir sér seinna grein fyrir einkennunum en konur.

Á morgun hefst formlega átak Krabbameinsfélagsins Karlmenn og krabbamein. Yfirskrift viðtalsins í ár er Lífsstíll, heilsa og mataræði og er höfuðáherslan á að með því að stunda heilbrigða lífshætti sé hægt að draga úr líkunum á krabbameini.

Þar má benda á þætti eins og heilbrigt mataræði, að vera í kjörþyngd, að forðast reykingar, að drekka sem minnst af áfengi og varast sólbruna.

Mælt er með því að borða mikið af tómötum, hvítlauk og gulrótum. Mikið af grænmeti og ávöxtum og eins er gott að neyta mikilla trefja, t.d. grófs korns og bauna.

Átakið hefst með pomp og prakt í Vodafone-höllinni á morgun kl. 14 en þá etja kappi helstu knattspyrnuhetjur landsins eldri en fjörutíu ára og núverandi landsliðshetjur.

Í tengslum við átakið verður sala á „miðum“ í matvöruverslunum – sem fólk getur keypt fyrir 250, 500 eða 1000 kr. Þá verða falleg bindi með litum átaksins (blátt, fjólublátt og hvítt) til sölu í verslunum Herragarðsins. Litlar álnælur (svipaðar og bleiki borðinn) verða einnig seldar til fyrirtækja.

Peningurinn sem safnast fer til Ráðgjafarmiðstöðvarinnar, sem veitir körlum og konum ókeypis ráðgjöf, námskeið og þjónustu af ýmsum toga, og í frekari forvarnir.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Evrópa er hér

Meistaranám í Evrópufræðum

Í meistaranámi í Evrópufræðum er nálgunum stjórnmálafræði, sagnfræði, hagfræði og lögfræði fléttað saman í eina þverfaglega heild. Námið veitir einstaka innsýn í Evrópusamrunann og hentar þeim sem vilja starfa á alþjóðvettvangi eða að tengslum Íslands við önnur lönd.

Evrópufræðin á Bifröst hafa hlotið margvíslegar alþjóðlegar viðurkenningar. Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst er til að mynda eini íslenski þátttakandinn í SENT - samstarfsneti Evrópufræða í álfunni.

Námið er blanda af staðnámi og fjarnámi. Nemendur fara í námsferð til Brussel og hafa möguleika á að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla.

FRUMGREINADEILD:
- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTADEILD:
- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGADEILD:
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDADEILD:
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM37048

Kynntu þér glæsilegt ferðaúrval Heimsferða í sumar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumarskap. Ævintýralegar ferðir til fjölbreyttra áfangastaða á frábæru verði.

Veldu traustan ferðafélaga í sumar – ferðastu með Heimsferðum!

Gleðilegt ferðasumar!

2009

Mallorca Frá 69.650 – vika

NÝJUNG



Bodrum í Tyrklandi Frá 84.550 – 1 vika Frá 94.550 – 2 vikur

Salou Frá 69.950 – vika



Benidorm – Alicante Frá 78.650 – 1 vika Frá 19.990*

* Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum á völdum brottförum. Fargjald A.

Barcelona í allt sumar

Sérferðir & gönguferðir

ENNEMM / SÍA / NM37047

Costa del Sol

Í FARABRODDI Á COSTA DEL SOL Í 16 ÁR!

aðeins **300 sæti** á sérstöku tilboðsverði – fyrstur kemur, fyrstur fær!

Hotel Puente Real

Frábært verð
Frá kr. 83.550
– vika með hálfu fæði
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Puente Real í viku með hálfu fæði, 2. júní.
Verð miðað við gistingu í tvíbýli kr. 95.800

Frá kr. 95.250
– vika með „öllu inniföldu“
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Puente Real í viku með öllu inniföldu, 2. júní.
Verð miðað við gistingu í tvíbýli kr. 111.500.

Hotel Las Palomas

Frábært verð
Frá kr. 79.950
– vika með hálfu fæði
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Las Palomas í viku með hálfu fæði 2. júní.
Verð miðað við gistingu í tvíbýli kr. 92.300.

Hotel Roc Flamingo

Frábært verð
Frá 87.667
– vika með „öllu inniföldu“
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Roc Flamingo í viku með hálfu fæði 2. júní.
Verð miðað við gistingu í tvíbýli kr. 95.200.

FRÁBÆRIR GISTIMÖGULEIKAR Á COSTA DEL SOL

Arcosur Principe Spa ☀☀☀+ **Frá 69.990 kr.**

Aguamarina ☀☀☀ **Frá 69.990 kr.**

Timor Sol ☀☀☀ **Frá 77.350 kr.**

Castle Beach ☀☀☀+ **Frá 77.350 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Kynntu þér ævintýralegar ferðir og glæsilega gistimöguleika sumarsins og

bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Ath. Verð getur breyst án fyrirvara!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt næstkomandi fimmtudag. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna. Á þessari síðu og næstu verða kynntar fimm tilnefningar í hverjum flokkanna fjögurra.

HVUNNDAGSHETJA

ANNA MARTA ÁSGEIRSDÓTTIR OG INGÓLFUR Ö. GUÐMUNDSSON

Þegar Anna Marta og Ingólfur Örn gengu í hjónaband árið 2005 afþökkuðu þau gjafir en báðu gesti að leggja sér lið við að gera að veruleika verkefnið um ísbjörninn Hring. Hringur er vikulegur gestur á leikstofu barnaspítalans og er kærkomin tilbreyting í lífi barnanna sem þar dvelja.

BERGDÍS JÓNSDÓTTIR

Bergdís er snyrtifræðingur í eigin rekstri. Einn dag í viku lokar hún stofunni sinni og mætir á Dagsetur Hjálpræðishersins þar sem hún þvær og snyrtir fætur heimilislausra fastagesta staðarins. Þjónusta hennar er ómetanleg þeim sem hana þiggja.

GUÐRÚN ARNDÍS TRYGGVADÓTTIR

Á vefnum Náttúran.is eru á einum stað upplýsingar um umhverfismál, sjálfbærni og vistvænan lífsstíl. Þar er einnig eina heillega samantektin á vottunum og viðurkennngum á sviði umhverfismála á Íslandi. Vefurinn er til orðinn að frumkvæði Guðrúnar sem heldur honum úti af metnaði og án mikils stuðnings.

GUNNAR OG KRISTJÁN JÓNSSYNIR

Gunnar og Kristján Jónssynir í Kjötborg á horni Ásvallagötu og Blómvallagötu eru meðal fárra kaupmanna sem eru eftir á hornum í íbúðahverfum. Í Kjötborg er boðin persónuleg þjónusta, reikningsviðskipti, heimsending vöru og hlýtt viðmót. Íbúum hverfisins gefst kostur á að fara gangandi í búðina sína eftir helstu nauðsynjum sem er bæði þægilegt og umhverfisvænt.

SIGRÍÐUR VALDÍS BERGVINSDÓTTIR

Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið 2008 kartöflunni. Félag kartöflubænda fékk af því tilefni Sigríði Valdísi Bergvinsdóttur til liðs við sig til að leitast við að auka veg kartöflunnar á Íslandi. Sigríður stýrði átakinu af elju og einstökum metnaði og lagði meðal annars mikið upp úr því að hvetja til þess að hin rótgróna íslenska kartafla yrði sett í nýjan búning.

FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

GYLFI JÓN GYLFASON

Gylfi Jón Gylfason er yfirsálfræðingur hjá Reykjanesbæ. Þar hefur hann gengist fyrir uppeldisnámskeiðunum SOS – hjálp fyrir foreldra en námskeiðin eru ætluð foreldrum tveggja til tólf ára barna. Markmið námskeiðanna er að kenna þátttakendum að hjálpa börnum við að bæta hegðun sína og samskipti við umhverfið. Námskeiðin hafa verið kennd frá árinu 2000. Á annað þúsund foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla hefur sótt þau og þykir árangurinn afar góður.

KFUM OG KFUK

KFUM og KFUK hafa í 110 ár helgað starf sitt börnum og unglingum. Félagið rekur fimm sumarbúðir og stendur fyrir æskulýðsstarfi yfir vetrarmánuðina í meira en 50 deildum víðs vegar um landið og er það starf þátttaekndum að kostnaðarlausu. Þá stendur félagið fyrir verkefninu Jól í skókassa sem unnið er í samvinnu við KFUM í Úkraínu. Um 500 sjálfboðaliðar starfa á vegum KFUM og KFUK og er það rúmur helmingur þeirra sem starfa með börnunum á vegum samtakanna.

NORÐLINGASKÓLI

Í Norðlingaskóla hefur verið bryddað upp á ýmsum nýungum í skólastarfi. Lögð er áhersla á líðan barna í skólanum og þar eru allir velkomnir og engum ofaukið. Unnið er samkvæmt einstaklingsáætlun og tekið mið af sterkum hliðum nemendanna og áhugasviði. Mikið er lagt upp úr foreldrasamstarfi og er skólaboðunardagur á hausti dæmi um það. Þann dag heimsækja kennarar nemendur og foreldra þeirra. Áhersla er lögð á útivist og nýtist útikennslustofan í Björnslundi vel til þeirrar kennslu. Skólastjóri Norðlingaskóla er Sif Vígþórsdóttir.

ÓLAFUR BEINTEINN ÓLAFSSON

Ólafur Beinteinn hefur verið kennari í meira en 42 ár samfellt. Samhliða kennarastarfinu hefur Ólafur unnið viðamikið nýsköpunarstarf, meðal annars hefur hann kynnt kennnsluaðferðir þar sem samþætting námsgreina og listræn gildi eru í hávegum höfð. Um þessar mundir vinnur Ólafur að námsbók um viðfangsefnið Fuglaveröld en það námsefni er ætlað bæði leikskóla- og grunnskólanemendum.

SVANHILDUR SIF HARALDSDÓTTIR

Svanhildur hefur helgað líf sitt börnum, meðal annars hefur hún tekið börn í fóstur og verið stuðningsforeldri. Aðalverkefni hennar nú er rekstur sumarbúðanna Ævintýralands sem nú hafa starfað í tíu ár. Lögð er áhersla á forvarnir og uppbyggingu sjálfstrausts í búðunum og starfsfólk gengst undir námskeið hjá sálfræðingi áður en það hefur störf. Þar er lögð áhersla á virðingu við börnin, auk þess sem sérstaklega er farið yfir hvernig best er að hjálpa börnum með ADHD.

FRAMHALD Á SÍÐU 26

Sökum efnahagsástandsins hefur Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar ákveðið að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil rúmum. Með þessu vill hann þakka fyrir þá tryggð og þau viðskipti sem Íslendingar hafa átt við hann í gegnum árin. Um er að ræða takmarkað magn.

Komdu og fáðu þér gæða rúm á góðum afslætti.

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum aukahlutum í mjúku deild Rekkjunnar.

CASTAWAY

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CASTAWAY
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.
KK-TILBOÐ 165.000 kr.
= 55.000 kr. AFSLÁTTUR!

ADVENTURE

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

AVERY
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
KK-TILBOÐ 116.250 kr.
= 38.750 kr. AFSLÁTTUR!

AVERY

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

ADVENTURE
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.
KK-TILBOÐ 227.925 kr.
= 75.975 kr. AFSLÁTTUR!

FERMINGARTILBOÐ
30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegann hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

COMFORT ZONE
(120x200)
Verð 132.900 kr.
FERMINGARTILBOÐ 93.030 kr.

COMFORT ZONE
(97x200)
Verð 116.900 kr.
FERMINGARTILBOÐ 81.830 kr.

COMFORT ZONE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrýstijöfnunarsvampiur í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM

ALÞJÓÐAHÚS Í BREIÐHOLTI

Tilgangur Alþjóðahúss í Breiðholti er að koma til móts við þann stóra hóp innflytjenda sem á heima í Breiðholti. Starfsemin byggist á hverfistengdum verkefnum sem íbúum af mismunandi uppruna gefst kostur á að taka þátt í. Meðal fastra liða í starfi hússins eru alþjóðlegir foreldramorgnar og íslenskukennsla og heimanámsaðstoð. Einnig er mikið lagt upp úr samstarfi við íbúa Breiðholts, stofnanir og félagasamtök. Kamilla Ingibergsdóttir er verkefnastjóri Alþjóðahúss í Breiðholti.

DAGUR STEINN, JÓHANN HAUKUR, JÓN GYLFI OG GUNNAR DARRI

Dagur Steinn, Gunnar Darri, Jóhann Haukur og Jón Gylfi eru nemendur í Ingunnarskóla í Grafarvogi. Drengirnir eru mikið saman bæði innan og utan skólans. Vinátta þeirra er sérstök og einkennist af gagnkvæmri virðingu og gleði. Samband drengjanna er gott dæmi um hvernig skóli án aðgreiningar getur stuðlað að aukinni víðsýni.

RAUÐI KROSSINN Á AKRANESI

Í september síðastliðnum komu átta palestínskar flóttakonur til Akraness ásamt 21 barni sínu og settust þar að. Hitann og þungann af verkefninu bar flóttamannanefnd félagsmálaráðuneytisins, Akranesbær og Rauði krossinn á Akranesi. Einkar vel hefur tekist til við að tengja hinar nýfluttu konur við ýmsa hópa samfélagsins á Akranesi, þar á meðal nemendur við Fjölbrautaskólann. Einnig hafa konurnar tekið þátt í ýmsum verkefnum á vegum Rauða krossins. Niðurstaðan er að aðlögun fjölskyldnanna hefur gengið vonum framar.

SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR

Sigrún er sálfræðingur og starfar með börnum og unglingum sem stríða við átröskun. Hún er þó fyrst og fremst tilnefnd vegna átaks hennar sem beinist að samfélagsviðhorfum í tengslum við holdafar. Sigrún leggur áherslu á líkamsvirðingu og virðingu við þá staðreynd að það sé eðlilegt að líkamar fólks séu mismunandi. Hún leggur áherslu á góða líkamlega umhirðu án áherslu á þyngd, eða heilsu óháð holdafari og berst ötullega gegn fordómum sem fólk verður fyrir vegna líkamsvaxtar.

STYRMIR BARKARSON

Styrmir heimsótti alla grunnskóla í Reykjanesbæ árið 2008 og fræddi nemendur í 4. bekk um fjölmenningu og fordóma. Liður í verkefni hans var að afhenda öllum nemendunum trélitakassa með fjölbreytilegum andlitslitum. Að fræðslustarfinu loknu efndi hann til teiknisamkeppni meðal barnanna og var afraksturinn sýndur á Ljósanótt í Reykjanesbæ.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

ÁSGARÐUR HANDVERKSTÆÐI

Ásgarður er verndaður vinnustaður fyrir fólk með þroskahömlun. Í vinnunni í Ásgarði er áhersla lögð á að þroska hinn manneskjulega þátt vinnunnar. Framleiðsla verkstæðisins er löguð að getu hvers og eins og starfsmönnum hjálpað að ná valdi á hugmyndum og verkfærum og vinna með þau. Fagleg markmið Ásgarðs eiga rætur í uppeldiskenningum Rudolfs Steiner en í kenningum hans felst meðal annars að ekki er litið á fötlun sem vandamál heldur möguleika.

EKRON

Ekron er einstaklingsmiðuð atvinnutengd starfsþjálfun og endurhæfing fyrir þá sem hafa skerta vinnufærni vegna afleiðinga áfengis- og vímuefna. Þeir sem koma í Ekron fá aðstoð við að vinna úr sínum málum bæði fjárhagslegum og persónulegum. Markmiðið með starfinu er að byggja fólk upp til að taka á ný fullan þátt í samfélaginu. Mikið og þétt utanumhald er um þá sem taka þátt í starfi Ekron. Auk starfsþjálfunarinnar er rekið áfangaheimili á vegum Ekron. Framkvæmdastjóri Ekron er Hjalti Kjartansson.

HÖNDIN

Mannúðar- og mannræktarsamtökin Höndin eru vettvangur til sjálfstyrkingar og samhjálpar. Markmið samtakanna er að liðsinna fólki sem er að feta sín fyrstu skref til nýs lífs eftir ýmis konar áföll. Haldnir eru vikulegir fundir og einnig fjölsótt málþing þar sem tiltekin viðfangsefni eru tekin til umfjöllunar. Einnig er starfað í sjálfshjálparhópum og veitt persónuleg þjónusta.

LJÓSIÐ

Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og blóðsjúkdóma og aðstandendur þeirra. Í Ljósinu er dagskrá alla virka daga. Húsnæðið er mjög heimilislegt og er öll fjölskyldan velkomin í margvísleg uppbyggjandi verkefni. Ljósið býður upp á sjálfseflandi námskeið, fræðslufundi fyrir karlmenn, handverkshús, jóga, leikfimi í samvinnu við Hreyfingu, gönguhópa, golfhóp, slökun, heilsunudd og fleira. Að jafnaði koma um 220 einstaklingar í Ljósið í hverjum mánuði. Erna Magnúsdóttir er forstöðumaður Ljóssins.

VINIR INDLANDS

Vinir Indlands hafa haldið úti öflugri starfsemi í Tamil Nadu-fylki á Indlandi. Þar hefur verið byggt heimili fyrir munaðarlaus börn, skólakostnaður greiddur og reistar og reknar fræðslumiðstöðvar í afskekktum þorpum. Þar að auki er félagið með fósturbarnaverkefni þar sem íslenskar fjölskyldur taka að sér að styrkja indversk börn. Félagið hefur einnig tekið þátt í fjölþjóðahátíðum hér heima. Öll vinna á vegum félagsins er í sjálfboðavinnu.

Laugardagur 28. febrúar 2009

PRESSAN

1. tbl - 1. árg

ÓHÁÐUR VEFMIÐILL

Við opnum í dag

kl. 12:00

www.pressan.is

www.pressan.is - pressan@pressan.is - auglýsingasími: 554-2505

Opnum nýja og sta

erri verslun í Kringlunni

Við færum okkur yfir ganginn.
Full búð af frábærum nýjum vörum.
Kaffi og kleinur, svali fyrir börnin.

TIGER

Villidýr á verði

Hvað segja fötin um manninn?

Þá er komið að hinum stórskemmtilega leik Fréttablaðsins: Fatalestri. Andlit þjóðþekktra einstaklinga voru máð út og myndirnar sendar nokkrum vel völdum álitsgjöfum til rannsóknar. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** skráði svo niður hvað álitgjafarnir góðu þóttust geta séð úr litavali og líkamsstöðu viðkomandi aðila.

Guðmundur Andri:
Ég finn hér fyrir ríkidæmi og fágun, skilaboð um Sjálfstæðisflokkinn og íhaldssemi. En svo er þessi furðulega en pínulítið vandræðalega tálkvendisstelling með handlegginn yfir hárið meðan hinni hendinni er troðið settlega í pilsvasann með þeirri útkomu að stellingin er ekki beinlínis opin, afslöppuð eða tælandi heldur eins og hún sé að reyna að klóra sér milli herðablaðanna frá öfugum enda. Hún gæti verið skrifstofustjóri sem hefur verið beðin um að stilla sér upp sem þokkadís.

Svanhildur Hólm:
Það er svolítil Heiðveig í stellingunni á konunni á þessari mynd. Af því og gervinöglinni, sem gægist upp úr vasanum, dreg ég þá ályktun að hún hugsi mikið um útlitið. Fötin gefa svo sem ekki mikið til kynna, nema kannski það að þau eru afar aðsniðin, sem bendir til þess að konan sé ekki feimin við að flagga því sem til er. Hún gæti haft atvinnu af því að líta vel út, eða þurft að koma vel fyrir, verið fyrirsæta, eða eitthvað í sambandi við tískubransann.

Margrét Gauja:
Þetta er ung, falleg kona sem hefur þurft að líða fyrir það að vera ekki tekin alvarlega. Hún þráir að stimpla sig inn sem vitsmunalega veru og klæðist því þröngum rúllukragabol og þröngu blýantslaga „tweed"-pilsi en klúðrar því svo alveg með að setja sig í Beyoncé Knowles-stellingar með hendurnar upp í loft. Er augljóslega vön að fara í myndatökur og skella sér í þessa stellingu en þó í efnisminni fötum. En það getur enginn klætt af sér svona brjóst og ljósu lokkarnir liðast þarna niður, vel litaðir og krullaðir. Það sem toppar rembinginn er svo Kvennalista-stórusteina-hálsfestin sem á að vera rúsínan í pylsuendanum.

Klæðnaðurinn tilheyrir: Ásdísi Rán

Guðmundur Andri:
Ég er kerling í krapinu og mér finnst gaman að vera ég. Halló, sjáið mig. Kannski er þetta fyrrverandi framakona sem snýr hér baki við siðmenningunni, hefur lagst til sunds í lífsins ólgusjó og er nú komin á nýja fjöru full eldmóðs en ögn kvíðin. Kannski er þetta stjórnmálakona að láta mynda sig. En hér er lífsgleði og sjálfsöryggi og hreysti og einhver svona glettni.

Svanhildur Hólm:
Það þarf mikinn dug til að stunda sjósund við strendur Íslands, svo þetta er greinilega kjarnakona. Hún er sennilega pínu flippuð týpa, undir íhaldssömu yfirborði. Ömmulegur sundbolurinn, svörtu sokkarnir og svörtu hanskarnir eru alveg örugglega úthugsuð sjettering, smá rokk í henni. Hún er líklega komin nokkuð yfir fertugt, en greinilega keppnismanneskja og í góðu formi. Það er nánast ómögulegt að veðja á stétt fólks út frá sundfatnaði, en ég giska á að hún hafi alltaf stefnt hátt, hvað sem hún hefur tekið sér fyrir hendur.

Margrét Gauja:
Þetta er rosalega flottur sundbolur og í honum er 40 kg kona sem veldur manni ugg um að hún sé að stunda mikið sjósund. Það þarf mikla krafta til að standast straumana og virðist sem enginn sé skortur á sjálfsöryggi á þessum bænum. Þarna er vön kona á ferð, með sjósundskó og vettlinga í stíl og hatturinn er kórónan. Þetta hlýtur að vera listakona sem fær innblástur sinn frá hafinu og um leið og hún er komin í heita pottinn rumsast upp úr henni rímurnar og hugmyndir í næsta gjörning.

Klæðnaðurinn tilheyrir: Siv Friðleifsdóttur

Guðmundur Andri:
Hér er allt pælt. Hann er að tala í síma sem ekki er bara rauður heldur hreinlega með snúru – þetta er útúrhannað „low-tech". Það er slaki í stellingunni eins og hann sé að segja eitthvað sem hann meini. Ætli hann fáist ekki við hönnun, kannski á músík.

Svanhildur Hólm:
Þessi ætlar að láta líta út fyrir að hann sé mjög tilviljanakennt ekki í neinum litasjetteringum, en það er engin hending að þessir litir eru hver úr sinni áttinni. Hann hefur að öllum líkindum vandað sig mikið við að raða saman sokkunum með fjólublúa tástykkinu, blágræna bolnum og rauðu peysunni. Svo gæti líka verið að þetta væri Héðinn vinur minn, sem er svo hressilega litblindur að hann hélt í mörg ár að hann ætti brúnt hjól, þangað til einhver sagði honum að það væri rautt. Hann gæti verið að vinna við eitthvað skapandi, tónlist, blaðamennsku eða auglýsingagerð, nema hann vinni á kaffihúsi eða afgreiði í plötubúð.

Margrét Gauja:
Hann er í hljómsveit og er ekki vanur að koma fram í myndatökum því hér er klikkað á algjöru grundvallaratriði – þú ferð ekki í myndatöku á sokkaleistunum. Honum finnst þetta alveg meiriháttar, er að stimpla sig inn í bransann og lætur ljósmyndarann plata sig í að þykjast tala í þennan rauða ofursvala retrósíma sem honum finnst frábært, því hljómsveitin hans er retró. Allt heila klabbið tónar vel við nafn hljómsveitarinnar sem er enskt heiti á fyrirbæri sem enginn veit hvað er, ekki heldur hljómsveitin sjálf.

Klæðnaðurinn tilheyrir: Atla Bollasyni.

Guðmundur Andri Thorsson:
Ó, ef væri hér bara ein skekkja! Appelsínugulur vasaklútur! Opin buxnaklauf! Flasa! Þó ekki væri nema bara að hann hefði hneppt neðri tölunni á jakkanum til að óhlýðnast þó einhverju. Kuldi og firring gróðæðisins speglast í gljáandi fötunum sem eru jafn ópersónuleg og innlits/útlitsumhverfið á bak við þar sem við sjáum hið óhjákvæmlega stefnumót glers, ljósdeplalýsingar, trés og gólfflísa. Þetta er maður í hylki. Hann hugsar ekki heldur er hugsaður. Hefur gengið umhugsunarlaust inn í þankagang og verðmætamat sem allt er á yfirborðinu. Maðurinn er varla í þessum fáránlega búningi enn. Gæti eins labbað um bæinn í geimfarabúningi.

Svanhildur Hólm:
Ef þessi er ekki þegar kominn á þing, þá leynist ábyggilega innra með honum stjórnmálamaður, sem bíður eftir að fá að brjótast út. Hann fer öruggu leiðina bæði í skyrtu og bindisvali, en án þess að verða leiðinlegur til fara. Sennilega fer konan hans með honum í búðir. Hann gæti verið lögfræðimenntaður, en er samt í stellingunni sem mér fannst viðskiptamógúlar setja sig í við myndatökur þegar best lét. Svolítið „ég er alveg með þetta, svo ég má alveg hafa hendur í vösum".

Margrét Gauja:
Bankastarfsmaður, ekki spurning. Stjórnmálamaður sem ætlar sér formannssæti myndi ekki taka svona djarft skref í bindisvali og setja sig í þessa stellingu. Þessi mynd var tekin um mitt árið 2007 og sjálfstraustið er á blússandi ferð, allt að gerast! Hann er nýbúinn að kaupa sér 200m² íbúð í Skuggahverfinu. Hann er í hestunum og er á leiðinni út að borða um kvöldið með Ungfrú Vestfjörðum. Hvar ætli hann sé í dag?

Klæðnaðurinn tilheyrir: Róbert Wessman

Guðmundur Andri:
Kímonóinn vitnar um að konan er heimsborgari og áhugasöm um óríental menningu, kann skil á skringilegum japönskum popplögum, en innskeif stellingin vitnar um spennu og höndin meðfram síðunni er dálítið stíf, eða kannski bara spennt af því hún getur ekki beðið eftir að fá að vita hvað hinar stelpurnar segja um nýju töskuna sem lítur svolítið út eins og nýskotið löngu útdautt dýr. Kímonóinn fer henni vel og hún gæti verið í honum þarna af því að hún var í þannig skapi - svona kímonóskapi. Ég heyri tóna, ímynda mér að hún sé í músík, krúttlegri. Það er Björk í henni.

Svanhildur Hólm:
Þessi kona virðist hrífast af dálítið austrænum áhrifum og er litaglöð. Hún gæti helst verið einhver listamannstýpa, sé hana ekki fyrir mér við skrifborð hjá tollstjóra frá 9-5. Hún hefur örugglega sjaldan lent í að hitta einhvern á árshátíð í alveg eins fötum og hún. Þessi týpa gæti ekki verið ólíkari þeirri á fyrstu myndinni; því þótt hún hafi vafalaust miklar skoðanir á fötum og hafi mjög ákveðinn stíl, gengur hann ekki út á að sýna sem mest af henni sjálfri. Hún syngur, spilar, málar eða skrifar og vinnur sennilega best sjálfstætt.

Margrét Gauja:
Hún er að farast úr smartheitum, ég myndi drepa fyrir svona kjól og skó. Hún er á opnun sýningar á Gjörningaklúbbnum og ætlar svo beint á Kaffibarinn. Hún á vin sem er fatahönnuður og hún lofaði að ganga með töskuna fyrir hann í greiðaskyni því hún vissi að hún yrði mynduð. Þetta er flott týpa út í gegn sem kann að skemmta sér og hafa gaman af lífinu og taka áhættu. Ef sú sem er á þessari mynd les þetta einhvern tímann þá á þessi kjóll heima í Hafnarfirði, það sést langar leiðir, ég skal geyma hann.

Klæðnaðurinn tilheyrir: Björk Guðmundsdóttur

Guðmundur Andri:
Krosslagðir fætur kallast á við krosslagða handleggi svo að jafnvægi skapast. En mjóir spóaleggirnir eru í andstöðu við þrútna handleggsvöðvana. Þetta er karl í krapinu en um leið maður sem hefur gaman af því að sviðsetja sig, jafnvel af hæfilegri léttúð. Gallabuxurnar eru spjátrungslegar en krosslagðir og þóttafulllir handleggirnir sýna haminn styrk, benda manni á að vera ekkert að abbast upp á hann. Eitthvað í stellingunni segir samt að þetta sé nú ekki þannig meint – hann sé bara að pósa fyrir ljósmyndarann. Og hann er örugglega með þaulæfða ygglibrún á andlitinu. Þetta er listamaður. Rappari? Eru þeir ekki alltaf í líkamsrækt?

Svanhildur Hólm:
Þessi mynd er alveg ábyggilega tveggja, þriggja ára, ég man allavega ekki eftir svona kvartbuxum á karlmanni nýlega. Annars er fátt um fatastílinn að segja, brennipunkturinn liggur meira í handleggjunum. Þessi maður fer í ræktina að minnsta kosti sex sinnum í viku og er harðákveðinn í að detta ekki í bumbuna um fertugt. Hann virðist vera áhugamaður um fjarvist líkamshára og gæti verið einkaþjálfari, útvarpsmaður, bakari, eða jafnvel í hljómsveit frá Selfossi.

Margrét Gauja:
Eru allir karlmenn stereótýpur? Ég sé bara stereótýpu í þessum, mikið af gulum strípum og vel snyrt hárið. Búið að þróa samsuðu af hárfeiti og geli sem virkar hvað best á þennan haus. Er ekki frá því hann starfi sem einkaþjálfari. Þetta er svaka kroppur sem veit af því og myndi aldrei sjást í öðru en í stuttermabol, þrátt fyrir að búa á Íslandi og það er febrúar. Er samt ekki alveg að kaupa skóna, allar stelpur í 8. bekk eiga svona skó. Að vera í kvart-gallaíþróttabuxum og svo lágum pumaskóm og íþróttasokkum? Nei, þetta er ekki málið en handleggirnir fá feitan plús á kantinn, sæææællllll.

Klæðnaðurinn tilheyrir: Gillzeneggers.

ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS ERU:

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON RITHÖFUNDUR
SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR FRÉTTAMAÐUR
MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR BÆJARFULLTRÚI Í HAFNARFIRÐI

www.ellingsen.is
DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN
DIDRIKSONS-
DAGAR
26. feb.–3. mars
Það er allri fjölskyldunni hlýtt í vetrarfatnaði frá Didriksons. Hann er sérhannaður með það fyrir augum að hvorki kuldi né bleyta komist að. Frábær vatnsvörn, límdir saumar og góð öndun. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup!
20–50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DIDRIKSONS VÖRUM
Reykjavík • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16 • Akureyri • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWAREYKJAVÍK - SÍA

Bjórbylgjan skellur á landanum

Bjórsala hófst að nýju á Íslandi eftir 74 ára langt bann hinn 1. mars árið 1989. Í tilefni af tvítugsafmæli B-dagsins svokallaða rifjaði *Kjartan Guðmundsson* upp þessi tímamót í sögu þjóðarinnar og ræddi við menn sem muna eftir atburðum dagsins líkt og þeir hefðu gerst í gær. Skál í boðinu!

Ég veit eiginlega ekki hvernig á að lýsa þessu. Ég kunni eiginlega betur við gamla lagið. Það var eitthvað sérstakt við það. Með bjórnum er eitt síðasta vígið, sem einkennt hefur okkur Íslendinga, fallið. Nú getum við keypt bjór, hlustað á margar útvarpsstöðvar og séð sjónvarp á fimmtudögum," sagði einn viðmælenda blaðamanns DV sem tók hús á viðskiptavinum áfengisútsölunnar við Snorrabraut, sem hýsir nú meðal annars söluturninn og myndabandaleiguna Ríkið, á bjórdaginn, 1. mars 1989.

Þessi ágæti viðmælandi lét efasemdirnar um ágæti bjórsölu á Íslandi eftir 74 ára bann þó ekki aftra sér frá að festa kaup á hinum fyrrum forboðna drykk, og ljóst að ótal fleiri fóru að dæmi hans á þessum tímamótadegi í sögu þjóðarinnar.

340.000 dósir fyrsta daginn

Aflétting bjórbannsins sem gilt hafði hér á landi frá árinu 1915 átti sér nokkurn aðdraganda eins og gengur. Fram til 1. mars 1989 stóð skýrum stöfum í tollalögum að einungis áhöfnum skipa og flugvéla væri heimilað að koma með nokkurt magn af bjór til landsins í hverri ferð. Árið 1979 var lögunum breytt á þann hátt að allir ferðamenn sem aldur höfðu til fengu leyfi til að hafa með sér ákveðið magn bjórs inn í landið.

Það var svo árið 1988 sem frumvarpið sem varð að lögum númer 38/1988 var lagt fram, sem heimilaði ÁTVR að hefja sölu á áfengum bjór. Frumvarp þetta var þó ekki samþykkt fyrr en eftir miklar umræður og deilur á Alþingi, þar sem meðal annars Geir H. Haarde barðist fyrir brautargengi frumvarpsins. Steingrímur J. Sigfússon var ekki jafn hrifinn og greiddi atkvæði gegn frumvarpinu.

Á bjórdeginum, 1. mars 1989, seldust 340.000 dósir í Vínbúðum landsins, sem þá voru einungis sautján talsins, og fyrstu þrjá dagana sem bjór var í boði komu 60 milljónir króna í kassann hjá ÁTVR. Í dag eru Vínbúðirnar 49 og selja alla jafna samtals um 250.000 dósir á hefðbundnum föstudegi í mars.

Áhugi heimspressunnar

Fjölmiðlar, innlendir sem erlendir, voru í viðbragðsstöðu dagana fyrir bjórdaginn og spáðu margir hverjir fullkomnu ölæði og stjórnleysi í landinu þegar stóra stundin rynni upp. Raunin varð þó sú að þrátt fyrir töluverða ölvun á knæpum landsins fór allt vel fram. Starfsmenn lögreglunnar, sem þrátt fyrir mannfæð og fjárþurrð höfðu búið sig undir mikla aukningu í ölvunarakstri, voru á flestum stöðum hæstánægðir með daginn og hrósuðu bjórdrekkandi landanum í hástert.

Sums staðar mynduðust biðraðir við áfengisútsölur og einhverjir létu sig hafa það að sofa í svefnpokum fyrir utan næsta ríki til að freista þess að ná í bjórinn kjallarakaldan af færibandinu, en hvergi myndaðist örtröð nema þá á vinsælustu knæpunum þar sem gleði og glaumur ríktu fram eftir kvöldi.

Almenna bókafélagið gaf út „Bókina um bjórinn" í tilefni dagsins, og var lesendum lofað upplýsingum um „... framleiðslu bjórs, mismunandi bragð, glös, froðu, bjórkrár og, síðast en ekki síst, ... yfirlit yfir allt það sem bjórsnobbari þarf að vita."

Skemmtileg hefð

Enn þann dag í dag er haldið upp á afmæli bjórsins á Íslandi hinn 1. mars, til að mynda með ýmsum uppákomum og tilboðum á bjórkrám og skemmtistöðum. Ósagt skal látið hvort landsmenn sleppi frekar fram af sér beislinu á bjórdögum en aðra daga, en víst er að hér á landi hefur myndast skemmtileg hefð í kringum afmælisdag bjórsins, og vonandi að hefðin sú festi sig enn frekar í sessi.

BEST Í HEIMI Margir höfðu beðið óþreyjufullir eftir bjórdeginum og skelltu því í sig nokkrum vel völdum um leið og færi gafst á. Allt fór þó vel fram og dómsdagsspár sumra fjölmiðla reyndust ekki á rökum reistar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SANITAS Þúsundum lítra af bjór skipað upp fyrir bjórdaginn. Þrjár tegundir voru bruggaðar á Akureyri; Sanitas Pilsner- og Lager og Löwenbräu-inn þýski.

➜ BJÓRINN BÆTTI DRYKKJUMENNINGUNA

„Ég man vel eftir þessum degi," segir Skjöldur Sigurjónsson veitingamaður, sem hefur verið lengi í bransanum, eða „fyrir og eftir bjór" eins og hann orðar það.

Á þessum tíma starfaði Skjöldur á veitingahúsinu Naustinu við Vesturgötu. „Það var mikil stemning í veitingamönnum og menn höfðu beðið lengi eftir þessum degi. Það þótti voðalega mikið „erlendis" að geta sest niður og snætt og fengið sér öl með, og það gerði það að verkum að oft voru nokkrir bjórar teknir í hvert skipti fyrstu dagana. Það var því gríðarleg ölvun í miðbænum dagana í kjölfar bjórdagsins, sem sýndi nú ekki það sem koma skyldi," segir Skjöldur.

Hann segir komu bjórsins hafa bætt drykkjumenningu Íslendinga til muna. „Fram að bjórdeginum hafði þetta verið þannig að barinn lokaði klukkan hálf þrjú en húsið ekki fyrr en þrjú. Þess vegna voru margir í því að hamstra á barnum og þau urðu oft ansi mörg glösin sem þurfti að þamba úr fyrir lokun. Þú getur ímyndað þér ölvunina sem úr varð. Friðsömustu menn urðu bandbrjálaðir með

SKJÖLDUR SIGURJÓNSSON

víni. Síðan hefur menningin þróast á allt annan hátt. Nú er þetta orðið meira félagslegt. Fólk hittist kannski í einn öl án þess að fara á fyllirí."

➜ ÞJÓÐARSKELFING Í KJÖLFAR BJÓR-GRÍNS

„Ég man heldur betur eftir þessum degi því þetta var eitt af okkar mestu ævintýrum í sambandi við þættina," segir Hermann Gunnarsson fjölmiðlamaður, en þáttur af hinum geysivinsæla spjallþætti „Á tali hjá Hemma Gunn" var á dagskrá RÚV að kvöldi bjórdagsins 1989. Gestir Hemma í þættinum voru meðal annars söngvarinn Eiríkur Hauksson, sem hélt tónleika á Hótel Íslandi þetta kvöld ásamt félögum sínum í þungarokkssveitinni ARTCH, írska þjóðlagahljómsveitin The Dubliners, bandarísku diskóboltarnir í Village People, tónlistarmaðurinn Finnur Eydal og Lögreglukórinn.

„Það hafði verið þrúgandi spenna í þjóðfélaginu, jafnvel árum saman, vegna þess að til stóð að bjórbanninu mikla yrði aflétt. Áhorfið á þáttinn minn var svo svakalega mikið á þessum tíma að við vissum að kveikt yrði á sjónvarpinu á öllum krám og skemmtistöðum á landinu, þar sem bjórinn átti samtímis að flæða. Við ákváðum því að taka þátt í veislunni," segir Hemmi sposkur.

„Þarna var enn notast við gömlu leikmyndina í þáttunum, þar sem ég kom gangandi

HERMANN GUNNARSSON

niður stiga og inn á sviðið í upphafi hvers þáttar. Þegar hljómsveitin hóf að spila upphafsstefið slagaði ég niður stigann í helvíti fínum hvítum jakkafötum, bindið komið út á kant og allt leit út fyrir að ég hefði skellt mér í

FRAMHALD Á SÍÐU 37

Alicante
Flugsæti
Verð frá 39.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
Fyrir flug fram og til baka og flugvallarskatta
2. júní, 16. júní og 7. júlí.
Beint flug með Icelandair
í allt sumar til Alicante,
Mallorca og Tyrklands
Beint morgunflug
alla þriðjudaga frá 26. maí til 20. okt.
Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig
í ferðaklúbbinn á VITA.is
vita
VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is
ÍSLENSKA/SÍA.IS VIT 45354 02/09

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR

Vildarklúbbur

Flug til Manchester gefur
2.500–8.000 Vildarpunkta.

Veitingastaðir í Manchester

Í Manchester er hægt að velja á milli meira en þrjátíu mismunandi matreiðsluhefða frá öllum heimshornum. Prófið til dæmis:

Sapporo Teppanyaki

er skemmtilegur staður í kínahverfinu. Maturinn er eldaður á borðinu sem setið er við, sem skapar skemmtilega stemningu. *www.sapporo.co.uk*

The Market Restaurant

Góður, hefðbundinn, breskur matur.
www.market-restaurant.com

The Modern

Bresk matargerð með nútímasniði.
www.themodernmcr.co.uk

Grado

Tapas og réttir í anda matreisðslu eins og hún tíðakast við Miðjarðarhaf.
www.heathcotes.co.uk/collection/grado/index.php

Vermilion & Cinnabar

Fjölbreyttir réttir þar sem blandað er saman ýmsu í asískri matargerð.
www.vermilioncinnabar.com

Shimla Pinks

Indversk matargerð eins og hún gerist best.
www.shimlapinksmanchester.com

Old Trafford, heimavöll Manchester United, þekkja sjálfsagt allir fótboltaáhugamenn. Stórkostleg upplifun fyrir hvern sem er að horfa þar á fótboltaleik en á vellinum eru einnig í boði skoðunarferðir með leiðsögn og eins er hægt að skoða áhugavert safn um völlinn og liðið.

Manuela Ósk Harðardóttir

Reykjavík – Manchester frá 14.900 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er 2 sinnum í viku.

Flug og gisting í 3 nætur frá 41.900 kr.

*á mann í tvíbýli á Thistle Manchester *****
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.

MANC

Chill Factore er skíðasvæði innanhúss með nokkrum mismunandi brekkum og þar á meðal sérstakri barnabrekku. Hægt er að leigja allan útbúnað á staðnum: skíði, snjóbretti, snjóþotur fyrir börnin og allan fatnað. Þarna er fjöldi veitingastaða og verslana og frábær ísbúð, Fredricks, þar sem er ótrúlegt úrval af gómsætum ís. Þetta er æðislegur staður fyrir skíðafólk og frábær fyrir barnafjölskyldur.

The Trafford Centre er ein stærsta verslunarmiðstöð í Evrópu, afar glæsileg með nærri 300 verslunum, góðum veitingastöðum og margs konar annarri þjónustu. Þar er líka hægt að fara í bíó, spila míní-golf, keilu og „laser tag“ og gleyma sér í leiktækjasölum. Það er lítill vandi að upplifa góðar stundir í skemmtilegu umhverfi í Trafford Centre.

Manchester Wheel er í miðborginni, 60 metra hátt parísarhjól þaðan sem er gott útsýni og hægt að fá skemmtilega yfirsýn yfir borgina. Hjólið er á aðalverslunarsvæði miðborgarinnar, Arndale Market, þar sem hægt er að finna allar helstu verslanir og verslanakeðjur.

Manchester 235 er feikistórt og glæsilegt spilavíti á Deansgate, við hliðina á nýja Hilton-hótelinu. Þar er opið allan sólarhringinn alla daga vikunnar og um helgar er boðið upp á lifandi tónlist. Fyrir þá sem ekki vilja spila mæli ég samt sem áður með veitingastöðunum tveimur. Þeir eru mjög góðir.

Urbis er flott safn fyrir þá sem hafa áhuga á arkitektúr og fallegum byggingum.

Deansgate er ein aðalgatan í Manchester. Þar má finna marga góða veitingastaði og skemmtileg kaffihús sem breytast flest í skemmtistaði á kvöldin. Á efstu hæðinni á Hilton-hótelinu er flottur bar með rosalegu útsýni. Á Deansgate er líka verslunin Harvey Nichols, án efa flottasta búðin í borginni. Veitingastaðurinn þar er frábær, bæði hádegismatur á „brasseríinu“ og kvöldmatur á veitingastaðnum sem er fyrsta flokks.

MEN Arena – Manchester Evening News Arena er tónleikahöllin í Manchester. Þar er alltaf eitthvað skemmtilegt í gangi, aðallega tónleikar en líka skemmtilegar sýningar og íþróttaviðburðir.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]
febrúar 2009

Gæludýrin

Nagdýr eru alltaf vinsæl hjá krökkum. Kanínur og naggrísir eru tilvalin gæludýr fyrir litla krakka en þau minnstu ráða ekki við kvikar hreyfingar hamstra. Hamstrar eru vinsælustu gæludýrin.

SÍÐA 3

Góðan daginn

ÍSLENSKA SÍA.IS/NYT 44974 10/08

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á koppinn fjögurra mánaða

Foreldrar barna á bleiualdri velta mikið vöngum yfir gæðum og verði. Fleiri nota taubleiur en áður að mati þeirra sem til þekkja Svo eru þeir til sem sleppa bleium alveg.

Hanna, dóttir Aðalheiðar Atladóttur, er tveggja ára og hætt að nota bleiu, reyndar er langt síðan hún fór að vera bleiulaus heima hjá sér. „Þegar hún var fjögurra mánaða þá byrjaði ég að setja hana á kopp, hélt henni einfaldlega yfir koppnum og var mikið með hana bleiulausa heima á daginn," segir Aðalheiður. „Svo þróaðist þetta og hún fór að ná að gefa mér til kynna, svona oftast nær hvort hún þyrfti að pissa. Ég fór svona aðallega eftir minni tilfinningu og hvernig hún lét. Hún þróaði fljótlega sínar tímasetningar og takt, pissaði mikið á morgnana en ekkert eftir hádegi."

Aðalheiður var heima með yngri dóttur sína þangað til hún var fjórtán mánaða og þegar pabbinn tók við þá hélt hann sama striki, hafði hana bleiulausa heima en reyndar notuðu þau bleiu á hana þegar haldið var út.

Aðalheiður notaði tau- og pappírsbleiur í bland. „Ég notaði oft gamlar og lélegar bleiur heima, til þess að finna þegar hún var blaut," segir Aðalheiður sem segir engan galdur búa á bak við það að sleppa bleium að mestu leyti. „Þetta er meira svona tilfinning, að vera opinn fyrir táknum, ryþma og fleiru."

Stefna um bleiuleysi

Ástæða þess að Aðalheiður fór þessa leið var bók sem hún rakst á er hún átti von á dóttur sinni, bókin heitir Diaper free eftir Ingrid Bauer, og hún segir að hún hafi opnað þessa leið fyrir sér. Lítið samfélag hefur mynd-

FRAMHALD Á SÍÐU 2

umhverfið

veljum grænar vörur...

KOPPURINN Það getur krafist þolinmæði að venja börn á koppinn en skilar sér vissulega í miklum létti þegar bleiutímabili lýkur. Koppar fást af ýmsum stærðum og gerðum. Sá sem sést á myndinni er frá Babybjörn og er mjög þægilegur, Skálin er laus og auðvelt að tæma í klósettið, jafnvel fyrir litla snillinga.

Mæðgur Aðalheiður ásamt dætrunum Hönnu og Hrönn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mæðgin Þorgerður og Hilmir Páll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ast í kringum bleiuleysi en þó að hugmyndin sé góð eru ekki margir sem treysta sér til að taka börn af bleiu svo snemma.

Því stendur eftir valið á milli einnota bleia og taubleia og þó að meirihluti velji pappírsbleiur fullyrða þeir sem til þekkja að notkun á taubleium hafi aukist til mikilla muna undanfarin ár, og ekki síst síðan þrengja tók að hjá fólki í kjölfar þrenginga, verðbólgu og hruns.

Sparnaðarsjónarmið ráða

Guðbjörg Eggertsdóttir, eigandi verslunarinnar Litlu Kistunnar, sem meðal annars selur taubleiur segir söluna hafa tekið miklum kipp eftir efnahagshrunið. „Áður voru kaupendur taubleyia fyrst og fremst að velta umhverfissjónarmiðum fyrir sér en síðan harðna tók á dalnum fóru peningarnir að skipta máli," Guðbjörg bendir á að þó að stofnkostnaðurinn sé töluverður þá séu bleiur nú til dags svo góðar að þær endist á fleiri börn en eitt og fólk selji þær jafnvel þegar bleiutímabili lýkur ætli það ekki að eignast fleiri börn. „En góðu taubleiurnar eru svo eftirsóttar að þær seljast um leið og þær eru auglýstar á vefnum hef ég tekið eftir." Guðbjörg segir kúnnahópinn fjölbreytilegan hjá sér, en þó séu mæður eldri en þrítugar algengastar, þær leggist oft í dýpri pælingar í kringum barneignir en þær yngri.

Guðbjörg segir að sér virðist að þegar mæður venji sig á að nota taubleiur þá finnist þeim það ekkert vesen.

Minna vesen að nota tau

Undir það tekur Þorgerður Pálsdóttir sem byrjaði að nota taubleiur á son sinn, Hilmar Pál, þegar hann var sjö mánaða. „Þá keypti ég tólf taubleiur, það reyndist vera of lítið og fljótlega bætti ég fjórum við, sem er hæfilegt. Ég set notuðu bleiurnar í körfu og þvæ bleiur annan hvern dag, sem er ekkert mál. Sumir spyrja mig hvort að þetta sé ekki vesen, en mér finnst þetta bara minna vesen en að þurfa að fara út í ruslatunnu með óhreinar bleiur."

Þorgerður keypti sínar bleiur í Bandaríkjunum, fyrir hrun þannig að hennar byrjunarpakki með tólf bleium kostaði aðeins fimmtán þúsund, síðar bætti hún við fleiri bleium en hennar sett kostaði þó eigi að síður bara tuttugu þúsund sem er mjög vel sloppið reyndar og ekki verð sem er raunhæfur stofnkostnaður í dag. „Við erum búin að spara heilmikinn pening á þessu, það er alveg á hreinu," segir Þorgerður sem segir það þó fyrst og fremst hafa verið umhverfissjónarmið sem ýttu sér af stað á sínum tíma. „Ég las að hverju barni fylgdu tvo tonn af pappírsbleium og ég hafði bara ekki samvisku í að fara þá leið."

Þorgerður myndi þó ekki mæla með taubleium fyrstu mánuðina á meðan reglan er lítil á börnum en það eru skiptar skoðanir á því í bleiufræðunum. Þorgerður mælir með taubleiunum sem hún notar, Bumgenius, en upplýsingar um hinar ýmsu tegundir er meðal annars að finna á ýmsum netsíðum t.d. www.natturulegt.is.

KOSTIR & GALLAR

Taubleia

Kostir
Minna rusl
Ódýrara þegar upp er staðið
Umhverfisvænt
Börn fá síður útbrot

Gallar
Dýrt í upphafi
Meiri þvottur
Meiri rafmagns- og vatnsnotkun

Pappírsbleiur

Kostir
Einfalt og þægilegt
Hendir bleium eftir notkun

Gallar
Þarft að eiga bleiur.
Dýrar og rándýrar í öðrum verslunum en lágvöruverslunum.
Svo rakadrægar að börn eru lengur á bleiu en þau væru ella segja sumir.

MISDÝRAR BLEIUR

Breytingar á bleiunotkun í dýrtíðinni

Taubleiunotkun hefur aukist síðan í haust eins og fram kemur í greininni hér á síðunni en það er ekki eina breytingin sem hefur átt sér stað. Ýmsar vísbendingar benda til þess að Íslendingar kaupi nú í mjög auknum mæli ódýrari gerðir af bleium. Á smábarnaleikskólanum 101 Rvk fengust til dæmis þær upplýsingar að eftir hrunið í haust hefði fólk farið að kaupa ódýrari bleiur en áður. Hjá Bónus fengust þær upplýsingar að söluaukning væri á Euroshopper, merki sem þeir flytja sjálfir inn og er helmingi ódýrara en Pampers og Libero, sem hafa hingað til verið þekktustu bleiumerkin. Þegar neytendafréttablaðsins, Dr. Gunni, benti á það sparnaðarráð í pistli að nota ódýrari bleiur til að spara spannst mikil umræða um þá færslu á Netinu, fólk hafði mjög sterkar skoðanir á því hvort ódýrari merki væru verri eða jafn góð og þau dýru og sýndist sitt hverjum. Ekki skal fullyrt um það hér.

Hvað kosta bleiur fyrir barnið?*

Stór pakki af merkjableiu, 54 stk. 2.000 krónur, stykkið kostar 37 kr. Stór pakki af ódýrari gerð: 1.000 kr., stykkið á 20 kr. Taubleia - 3.500 krónur.

Dæmi 1: Barn notar átta bleiur á sólarhring að meðaltali, eða 2.920 bleiur á ári. Bleiukostnaður yfir árið er þá 108.040 krónur ef dýrari bleiur eru notaðar en 58.400 ef ódýrari tegund er valin.

Dæmi 2: Ef keyptar eru 16 bleiur á 3.500 krónur stykkið þá gera það 52.500 kr. Þar með er útgjöldum lokið sé þessi fjöldi látinn duga. Flestir nota samt pappírsbleiur með, til dæmis á ferðalögum en það eru þá nokkrir pakkar á ári í mesta lagi.

**Ath. verðið miðast við verð í lágvöruverslun, og eru upphæðirnar námundaðar enda er taflan hugsuð til hliðsjónar en ekki sem algildur sannleikur.*

Í SÁTT OG SAMLYNDI
Margrét Birna Þórarinsdóttir sálfræðingur telur upp kosti þess að láta systkini vera saman í herbergi.

BLS. 6

SJÁLFBÆRNI Viðbúið er að fleiri Íslendingar snúi sér að sjálfsþurftarbúskap á næstunni í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu.

BLS. 4-5

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 28. FEBRÚAR 2009

FÖGUR FORM

Saltfélagið opnað að nýju í húsakynnum Pennans í Hallarmúla

BLS. 7

HEIMILISHALD

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

Þolinmæði afa og ömmu

Heimilisfriðurinn er mikiklvægur hluti í lífi hverrar fjölskyldu og það sem fólk elst upp við á æskuheimilinu hefur mótandi áhrif á framtíðina. Meðal annars hversu háan þolinmæðiþröskuld fólk hefur gagnvart öðrum. Ömmur okkar og afar rifja gjarnan upp þegar margfalt fleiri manneskjur deildu sama fermetrafjölda og hver og einn hefur út af fyrir sig í dag. Oft bjuggu fleiri en ein fjölskylda saman í íbúð eða húsi og var þá raðað þétt í hvert herbergi. Börn deildu herbergjum með eldra fólki. Þessum sögum fylgja yfirleitt fullyrðingar um að samkomulag milli fólks hafi verið betra í þá daga en nú. Hjónaskilnaðir nánast óþekkt fyrirbæri og fjölskyldan hélt saman gegnum súrt og sætt.

„Eins gæti ég trúað að hið nána sambýli sem eldri kynslóðir bjuggu við og vitna til með rómantík í augum, hafi ekki alltaf verið dans á rósum.“

Við systurnar sváfum inni hjá foreldrum okkar fyrstu árin, áður en við fluttum saman í herbergi. Því herbergi deildum við í sæmilegri sátt allt þar til önnur okkar flutti að heiman. Svo gengum við í heimavistarskóla þar sem við deildum herbergi með fleiri stúlkum allt til unglingsára.

Ég er ekki frá því að þetta nána sambýli hafi aukið á tillitssemi og þannig verið til góðs. Hins vegar var ekki mikið um næði sem var erfitt, sérstaklega á unglingsárum þegar þolinmæði gagnvart yngri systkinum minnkaði. Þannig gæti ég eins trúað að hið nána sambýli sem eldri kynslóðir vitna til með rómantík í augum, hafi ekki alltaf verið dans á rósum. Aðstæður buðu bara ekki upp á annað svo fólk lét sér lynda sama hvað á gekk.

Með meiri peningum hafa aðstæður fólks breyst og kröfurnar þar með. Frelsi einstaklingsins og réttur hans á næði varð mikilvægara og heil kynslóð hefur alist upp við sérherbergi, sérsjónvarp, nettengingu og einkasíma. Nú er aftur á móti spurning hvort við séum að sigla inn í svipaða tíma og ömmur okkar og afar töluðu um. Peningar vaxa ekki á trjánum lengur og óvíst er um atvinnu margra. Í dag þurfa því margir að minnka við sig húsnæði og raða þéttar í herbergin. Þá er gott að rifja upp sögur ömmu og afa og taka sér þolinmæði fyrri kynslóða til fyrirmyndar.

● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók mynd í Saltfélaginu **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Verkin á sýningunni eru undir áhrifum frá nytjahlutum sem Margrét hefur eignast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tilraunastarf fyrir norðan

● Listakonan Margrét Jónsdóttir sýnir tilraunakennd leirlistaverk á Listasafninu á Akureyri. Þar leitar hún ýmissa leiða við að afmá hin tilbúnu landamæri milli listarverka og nytjalistar.

„Ég er að sýna leirlistaverk sem ég hef verið að vinna síðan árið 2008. Meðal annars verk undir áhrifum frá gömlum hlutum sem hafa fylgt mér í gegnum tíðina. Ég meira að segja stilli stundum verkunum og hlutunum upp hlið við hlið til að taka af öll tvímæli um þessi tengsl,“ segir listakonan Margrét Jónsdóttir, sem sýnir leirlistaverk á Listasafninu á Akureyri undir yfirskriftinni Hvítir skuggar.

Margrét hefur farið óhefðbundar leiðir í listsköpun sinni í gegnum tíðina.

Að sögn Margrétar er hugmyndin með sýningunni sú að afmá hin tilbúnu landamæri milli listaverka og nytjalistar. „Það er alltaf verið að tala um list og nytjalist og muninn þarna á milli. Sjálf hef ég verið að vinna með hvort tveggja og aðhyllist því ekki þessa aðgreiningu. Sem dæmi um það er ég þarna með vasa og sæki innblásturinn í fjöldaframleiddan vasa sem ég keypti eitt sinn og hefur fylgt mér um nokkurt skeið. Þarna er líka til sýnis borð sem kallast Hringborð hvítra skugga, en ofan á það hef ég staflað ýmsum nytjahlutum svo úr verður skúlptúr.“ Margrét segist hafa gert ýmsar tilraunir með samspil leirs og annarra efna í gegnum tíðina, svo sem steinsteypu, kopars, silfurs og mósaíks. Á sýningunni heldur hún þessu tilraunastarfi áfram. „Í þetta sinn er ég til dæmis að vinna með plast í fyrsta sinn,“ bendir hún á og bætir við: „Svo bað ég nokkra rithöfunda að semja texta um hluti sem hægt er að leira, vann verk út frá þeim og sýni síðan hvort tveggja.“

Óhætt er að segja að margbreytileiki sé áberandi á sýningunni, en eitt eiga þó allir hlutirnir sameiginlegt og það er liturinn. „Verkin eru öll hvít og vísar yfirskrift sýningarinnar til þeirrar staðreyndar,“ útskýrir Margrét.

Þess skal getið að sýningunni lýkur 8. mars næstkomandi. Nánar á vefsíðunni www.listasafn.akureyri.is.

- rve

Á ils.is getur þú:
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:
- Bráðabirgðamat
- Reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Ýmsar þjónustubeiðnir

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsumsókn
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

ego dekor



DIVANY TV skenkur
í hvítu eða svörtu háglans
Stærð: 180cm
Verð: 105.000,-
Einnig fáanlegur í 120cm
og 240cm

RIO stóll
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 14.800,-
-15%
Verð nú: 12.580,-

OPAL leðurstóll
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu
Verð: 15.800,-

DIVANY
Í hvítu eða svörtu háglans
Borðstofuborð
200x100cm
Einnig til í 140x140cm
Verð: 118.000,-
Spegill
140x90cm
Verð: 32.000,-
Borðstofuskenkur
240cm
Verð: 178.000,-
Einnig til í 180cm

COMO HNOTA



Stækkanlegt borð
Stærð: 200cm(288cm)X110cm
Verð 139.000,-

Vegghengdur skenkur
Stærð: Br:180cm D:42cm H:62cm
Verð: 108.000,-

Borðstofuborð
220x100cm
Verð: 87.000,-

Vegghengdur skenkur
183cm
Verð: 108.000,-

Spegill
140x90cm
Verð: 32.000,-

KLUNKER ljósakróna
120cm
Verð: 38.000,-

FLOTT HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

LUND tungusófi
Stærð: 232x160cm færanleg tunga
Fáanlegur í 2 litum
Verð: 158.000,-

EAST COAST tungusófi
Stærð: 260x180cm
Færanleg tunga
Fáanlegur í 3 litum
Verð: 187.000,-

Titan leður hornsófi
Stærð: 225x210cm
Eingöngu fáanlegur í svörtu leðri
Verð áður: 235.000,-
-15%
Verð nú: 199.750,-

PLAZA tungusófi
Stærð: 285x162cm
Fáanlegur í 3 litum
Verð áður: 248.000,-
-20%
Verð nú: 198.400,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

● **HUNANG Í BÚIÐ** Flugur eru sælkerabændur frá náttúrunnar hendi. Hérlendis hefur myndast samfélag býflugnabænda sem orðið hafa reynslu í umgengni við býflugur og kúnstinni að nýta afurðir þeirra til hunangsframleiðslu. Þeim sem vilja rækta sitt eigið býflugnabú má meðal annars benda á www.byflugur.is.

Garðyrkjunámskeið

í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

Ræktun ávaxtatrjáa
Tvö kvöld, þri. 3. og 10/3 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 12.500.-

Matjurtarækt
Tvö kvöld, mið. 4. og 11/3 kl. 19:00-21:30.
Tvö kvöld, þri. 17. og 24/3 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 12.500.- hvort námskeið.

Ræktun berjarunna og -trjáa
Tvö námsk., mið. 4/3 kl. 17-18:30.
Tvö námsk., þri. 17/3 kl. 17-18:30.
Verð kr. 3.750.- hvort námskeið.

Kryddjurtarækt
Miðvikudaginn 11/3 kl. 17-18:30.
Verð kr. 3.750.-

Klipping trjáa og runna
Miðvikudaginn 18/3 kl. 17:00-21:30.
Verð kr. 11.500.-

Ræktun í sumarhúsalandinu
Miðvikudaginn 25/3 kl. 17-21:30.
Verð kr. 11.500.-



Leiðbeinendur:
Auður I. Ottesen, garðyrkjufr.
Jón Guðmundsson, garðyrkjufr.

Skráning og upplýsingar
í síma 578 4800
og á www.rit.is

Eplatré geta við réttar aðstæður orðið stór og tignarleg.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sum epli eru súr, önnur sætari á bragðið.

Ræktun kirsuberja verður tekin fyrir.

Hægt verður að tína ávexti strax í sumar.

Ávaxtatínsla í íslenskum görðum möguleg í sumar

● Auður I. Ottesen ætlar að kenna Íslendingum að rækta epli, plómur og kirsuber og annað góðgæti úti í garði, á sérstöku námskeiði sem haldið verður í Gerðubergi í næstu viku.

„Þetta er í fyrsta sinn sem haldið er námskeið í ávaxtatrjárækt á Íslandi. Þar förum við yfir hvaða ávaxtategundir er hægt að rækta utandyra og segjum frá yrkjum sem búið er að prófa og sannreyna að geti þrifist á Íslandi," segir Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur, sem heldur námskeið í ávaxtatrjárækt í næstu viku ásamt Jóni Guðmundssyni garðyrkjufræðingi. „Jón er með garð uppi á Skaga sem er 30 metra frá flæðarmálinu en ræktar margar eplasortir og hefur sérstaklega valið nokkur yrki sem eru norðlæg og hafa reynst vel í Rússlandi og Kanada."

Auður segir eplin ná fullri stærð, sum séu súr en henti vel í matargerð og niðursuðu, önnur séu ljúffeng beint af trénu. Kirsuberjauppskera sé líka mjög góð og berin ekkert síðri en þau innfluttu. „Þessi yrki eru ágrædd á stofn. Þá er valin harðger rót sem þolir mikið frost og umhleypinga og svo græddur á hana sproti af yrki. Þannig þarf ekki að bíða eftir að tréð nái ákveðinni stærð. Yrkin eru seld á nokkrum gróðrarstöðvum svo að þeir sem koma á námskeiðið geta fljótt hafist handa og tínt svo ávexti í garðinum sínum í sumar."

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auður ætlar að kenna landsmönnum ræktun ávaxtatrjáa.

Auður og eiginmaður hennar, Páll Jökull Pétursson, gefa út blaðið Sumarhúsið og garðurinn og segist Auður verða vör við aukinn áhuga á matjurtarækt og nytjarækt, sérstaklega eftir að áhrifa kreppunnar fór að gæta. „Fólk hefur mikinn áhuga á að rækta sitt eigið og verður mjög hissa á að hægt sé að rækta ávexti á Íslandi." Auður og Páll Jökull standa fyrir ýmiss konar námskeiðum varðandi ræktun á matjurtum, kryddum og berjum. Á Ræktun ávaxtatrjáa verður fjallað um hentugar tegundir og uppruna þeirra, umhirðu, jarðveg, vökvun og áburðargjöf og fleira. Ávextirnir sem teknir verða fyrir á námskeiðinu eru epli, plómur, kirsuber og perur og munu þátttakendur einnig fá leiðbeiningar um uppskeruna, geymsluþol og uppskriftir með íslenskum ávöxtum. Námskeiðið verður haldið í Gerðubergi næstkomandi þriðjudags- og miðvikudagskvöld klukkan 19 til 21.30 og kostar 12.000 krónur. Nánari upplýsingar og skráningarform má finna á vefnum www.rit.is.

- irb

KLAUSTURKAFFI á Skriðuklaustri verður opið í allan dag þar sem árlegur lomberdagur stendur yfir. Spilað verður frá hádegi og fram á nótt og eru byrjendur boðnir sérstaklega velkomnir en þeir munu fá leiðsögn um lomber og lítið kver til stuðnings.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Patti húsgögn

Landsins mesta úrval af íslenskum sófum

Íslensk framleiðsla - Íslensk hönnun - Íslensk framtíð



Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Miðvikudagur 4. mars kl. 20:00–22:00
hjá Maður lifandi Borgartúni 24

Námskeið um hvernig á að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Farið verður yfir hvaða fæðutegundum er gott að byrja á og hvenær.

… Svo eitthvað sé nefnt.

Leiðbeinandi:
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari
Verð: 3.500 kr.
Upplýsingar og skráning:
síma 694-6386 og á netfanginu
ebbagudny@internet.is

Námskeiðið nýtist einnig vel þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir og fróðleiksmolar fylgja með námskeiðinu og verða nokkrir réttir og "drykkir" útbúnir á staðnum.

maður lifandi

Glæsileg páskaferð um Austur-Tírol, en nú er vorið komið og gróðurinn í blóma. Gistum fyrstu nóttina í Ingolstadt og höldum svo heilsubæjarins Matrei þar sem við gistum í 5 nætur á góðu heilsuhóteli. Skemmtilegar skoðunarferðir verða farnar þaðan, t.d. að Misurina-vatni og til Cortina d´Ampezzo sem er heimsfrægur ferðamannabær við endann á stóru Dólómítaleiðinni. Einnig verður frjáls tími í Matrei til að njóta alls þess sem hótelið hefur upp á að bjóða en hótelið er með sundlaug, gufu, nuddpottum og einnig er hægt að panta sér nudd og spa meðferðir. Jón Árni harmonikkuleikari mun halda uppi fjöri í ferðinni. Gistum eina nótt í nágrenni við Frankfurt í lok ferðar.

Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir
Verð: 156.100 kr. á mann í tvíbýli
Innifalið: Flug, skattar, hótelgisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Hjörtur Guðnason ætlar að fá sér einn kaldan í tilefni þess að tuttugu ár eru liðin frá því bjórinn var leyfður á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Grín sem vatt upp á sig

Á morgun eru tuttugu ár frá því bjórinn var leyfður á Íslandi. Hjörtur Guðnason var formaður Félags íslenskra bjóraðdáenda á sínum tíma og ætlar að fá sér einn kaldan í kvöld í tilefni tímamótanna.

„Icelandic beerlovers association var nú bara brandari sem vatt upp á sig," segir Hjörtur Guðnason sem ber þó enn titilinn formaður félagsins.

„Hálfu ári áður en bjórinn var leyfður bað vinur minn mig að hanna lógó á boli sem hann var að selja. Ég skellti upp lógói með yfirskriftinni Icelandic beerlovers association og bolurinn varð langvinsælasti bolurinn það árið. Þá var farið að rukka mig um félagið."

Hjörtur rifjar upp að til að ganga í félagið hafi þurft að svara einni spurningu rétt; Finnst þér bjór góður? Ekki var nóg að segja „já" heldur þurfti svarið að vera „ég elska bjór"! „Menn fengu boli og barmmerki og við bjuggum til einhverjar grínreglur og félagsskírteini. Svo átti ég mína fimmtán mínútna frægð á bjórdaginn því blaðafólk frá erlendum fjölmiðlum leitaði mig uppi í viðtöl sem formann félagsins. Ég varð því heimsfrægur í smástund."

Þar sem tuttugu ár verða liðin á morgun frá því bjórinn var leyfður á Íslandi er Hjörtur inntur eftir því hvort eitthvað standi til hjá félaginu vegna tímamótanna.

„Ég hafði nú bara alveg gleymt þessu þar til þú hringdir í mig núna, var bara að koma úr ræktinni. Ef mínir gömlu félagar vissu hvað ég er lélegur í bjórdrykkjunni þá myndu þeir sjálfsagt reka mig sem formann félagsins," segir Hjörtur og hlær. „En, jú, ég verð nú að fá mér einn til að verða mér ekki til skammar. Nú er kominn svo góður íslenskur bjór á markaðinn svo að sjálfsögðu verður hann fyrir valinu, og dásamlegt að það séu svona margar tegundir til. Ég á líka einhvers staðar safn af bolum og merkjum frá þessum tíma. Ég fletti kannski í gegnum þetta á morgun til að rifja upp. Manni finnst ótrúlegt í dag að það hafi einu sinni verið bannað að drekka bjór á Íslandi."

heida@frettabladid.is

INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!
30% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur

30%

EINNIG 25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM

OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

www.friform.is

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

NÁM

GRÆNIR DAGAR Norræna hússins og Gaia, félags nemenda í umhverfis- og auðlindafræði, verða haldnir 2. til 6. mars. Á Grænum dögum verður meðal annars boðið upp á málþing, fatamarkað og kvikmyndasýningu.

Charlotte segir mikilvægt að mæður fái tækifæri til að næra sálina og skapa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skapandi mæður

Námskeið byggt á reynslusögum mæðra hefst í Kramhúsinu.

Leikkonan og leikstjórinn Charlotte Böving er að fara af stað með námskeið í Kramhúsinu sem er ætlað mæðrum í fæðingarorlofi og ungbörnum þeirra. Þar verður megináhersla lögð á að þátttakendur næri sálina með sköpun og hreyfingu. Á námskeiðinu verður unnið með reynslusögur þátttakenda og annarra af móðurhlutverkinu í bland við hreyfingu.

„Hugmyndin byggir á leikritinu Mamma mamma sem ég leikstýrði í Hafnarfjarðarleikhúsinu en það var byggt á reynslusögum leikkvenna og viðtölum við konur. Þá er ég sjálf tiltölulega nýbökuð tvíburamamma og finn hversu auðvelt er að einangrast í fæðingarorlofi og hversu mikilvægt er að næra sjálfa sig og fá tækifæri til að skapa.“

Að sögn Charlotte er markmiðið með námskeiðinu ekki endilega að búa til leikrit þó að það sé ekki útilokað. „Við erum umfram allt að opna á gleðina og virkja sköpunarkraftinn með börnin okkur við hlið en þau hafa gaman af því að fylgjast með og róast þegar móðirin nærir sjálfa sig. Námskeiðið, sem stendur í fjórar vikur, hefst mánudaginn 9. mars. *- ve*

Augu opnuð og víðsýni aukin fyrir þjóð í nauð

Rauði kross Íslands tekur þátt í samstarfsverkefni franskra, ítalskra og danskra systurfélaga sinna með því að veita stríðshrjáðum börnum í Palestínu sálrænan stuðning, en þangað héldu tvö ungmenni í gær.

Gunnlaugur Bragi Björnsson er tvítugur sjálfboðaliði Rauða kross Íslands. Í komandi viku ætlar hann að heimsækja stríðshrjáð börn í Palestínu.

„Þetta verður eflaust mjög spennandi þótt ómögulegt sé að vita við hverju á að búast, því Palestína er allt annar heimur en fósturjörðin hér. Þetta verður án efa mjög gefandi um leið og átakanlegt og erfitt, en ég hef heyrt að Palestínubúar séu ótrúlega opnir, skemmtilegir og léttlyndir, miðað við þær aðstæður sem þeir lifa við, en trúlega er það eina leiðin til að komast í gegnum þær,“ segir Gunnlaugur sem í gærmorgun hélt utan í félagi við Sólveigu Ólafsdóttur, sviðsstjóra upplýsingasviðs RKÍ, og Kristínu Helgu Magnúsdóttur sjálfboðaliða, en bæði standa þau Gunnlaugur á tvítugu.

„Rauði kross Íslands vinnur með Rauða krossi Ítalíu, Frakklands og Danmerkur að þessu verkefni sem hefur verið í gangi síðan 2002, en samtökin halda úti stöðvum í Palestínu þar sem stríðshrjáðum börnum er veittur sálrænn stuðningur. Árlega sendir svo hvert land tvo unga sjálfboðaliða á svæðið, sem ferðast um og hitta krakka í skólum og öðru umhverfi þeirra.

Gunnlaugur Bragi Björnsson hefur starfað með Rauða krossi Íslands síðan 2005. Hann vonast til að geta farið aftur utan til Palestínu og lagt ungmennum þar lið í framtíðinni, sem og öðrum þjóðum sem eiga um sárt að binda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Markmið ferðarinnar er að kynna aðstæður palestínskra barna í okkar heimalöndum, opna augu landa okkar og auka víðsýni þeirra gagnvart stríðandi þjóð.“

Fylgjast má með ferðabloggi þeirra Gunnlaugs Braga og Kristínar Helgu á www.palestinufarar.blog.is.

thordis@frettabladid.is

Velkomin í

Dagskrá á Háteigsvegi (Sjómannaskólahúsinu)

Skrúfudagur Tækniskólans er í dag, laugardaginn 28. febrúar, frá kl. 12 – 16. Komdu í heimsókn og taktu þátt í skemmtilegri dagskrá og kynntu þér um leið það nám sem er í boði. Þú gætir unnið útsýnisflug, tíma í flughermi eða námskeið.

- Flugskólinn.
- Véltækniskólinn.
- Skipstjórnarskólinn.
- Endurmenntunarskólinn.
- Stálsmiðjan Framtak.
- Slysavarnaskóli sjómanna.
- Barkasuða Guðmundar.
- Scubaiceland köfunarskóli.
- Opnar vinnustöðvar í Vélasölum.
- Siglingahermir.
- Vélahermir.
- Kökuhlaðborð.
- Leiðsögn um húsið.
- Opið í flughermi.
- Siglingastofnun.
- Félag skipstjórnarmanna.
- Kælismiðjan Frost.
- Eimskip.
- Fjórhjólaævintýri.
- Danfoss.
- Antlantsolía.
- Kafbátur.

zetor

Koma fólki á bragðið

Fjölmargir hestamenn í Hestamannafélaginu Fáki hafa lagt leið sína í Reiðhöllina í Víðidal á miðvikudagskvöldum þar sem boðið er upp á að fá aðstoð reiðkennara endurgjaldslaust.

„Þetta er einn liður í því að nálgast almenna félagsmenn sem hafa ekki nýtt sér þjónustu Fáks til þessa," segir Jón Finnur Hansson, framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík, sem hefur tekið upp á þeirri nýjung í vetur að bjóða upp á ókeypis reiðkennslu á miðvikudagskvöldum fyrir félagsmenn sína.

„Þegar við fórum að skoða hverjir það eru sem sækja reiðnámskeið og nýta Reiðhöllina komumst við að því að það er yfirleitt fólk fjörutíu ára og yngra. „Til að koma til móts við þann hóp sem þorir ekki, eða er ekki vanur því að vera með reiðkennara ákváðum við að bjóða upp á fría reiðkennslu.

Fyrirkomulagið verður þannig að reiðkennarinn verður í Reiðhöllinni öll miðvikudagskvöld á milli klukkan átta og tíu fram að páskum. Félagsmenn í Fáki geta þá fengið aðstoð í reiðkennslu og upplýsingar um allt sem þeim liggur á hjarta og viðkemur hestum.

„Með þessu erum við líka að koma fólki á bragðið og fá það til að fara á reiðnámskeið," segir Jón Finnur og telur að hestamennskan verði ánægjulegri eftir því sem fólk læri meira.

Fákur stendur fyrir reiðkennslunni í samstarfi við reiðkennara og reynslumikla knapa á svæðinu. „Reiðkennararnir eru mjög jákvæðir enda sjá þeir einnig tækifæri til að mynda tengsl við ákveðinn hóp sem ekki hefur sótt til þeirra áður," segir Jón Finnur sem telur mun meira líf vera á Fáksvæðinu í Víðidal í ár en í fyrra .„Það er almennt mjög jákvæður andi hjá fólki í hestamennskunni og mikið riðið út."

solveig@frettabladid.is

Jón Finnur Hansson, framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Fáks, segir mikið líf í hestamennskunni og að jákvæður andi ríki hjá hestamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jóna Margrét Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri hjá Mími-símenntun, segir námskeiðin „Aftur í nám" vera góða leið fyrir lesblinda til að setjast aftur á skólabekk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nám fyrir lesblinda

Mímir-símenntun býður upp á námsleiðina „Aftur í nám" fyrir fólk með lesblindu.

Aftur í nám kallast 95 klukkustunda námsleið hjá Mími-símenntun fyrir fólk með lestrar- og skriftarörðugleika. „Aftur í nám tekur yfir níu vikna tímabil og hefst næsta námskeið 7. apríl næstkomandi," segir Jóna Margrét Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri hjá Mími-símenntun. „Námið felst í sjálfsstyrkingu, einkatímum í lesþjálfun, íslenskunámi og tölvunotkun," segir hún en að loknu námi er markmiðið að nemendur hafi yfir að ráða aðferðum til að vinna bug á lesblindu sinni. Jóna Margrét segir það þó ráðast af því að fólk nýti aðferðirnar áfram til þjálfunar.

„Í náminu eru notaðar óhefðbundnar aðferðir sem byggja meðal annars á þrívíddarskynjun, en einstaklingar með lesblindu hugsa jafnan á myndrænni hátt en aðrir," segir Jóna Margrét og bætir við að algengt sé að fólk hafi ekki fengið greiningu á lesblindu sinni og eigi því stundum slæmar minningar úr skóla. Það geti því reynst erfitt að stíga fyrstu skrefin og fara aftur í nám. Hún segir starfsmenn Mímis hafa mikla reynslu af því að taka á móti fólki sem glími við erfiðar tilfinningar tengdar námi.

Alls hafa á þriðja hundrað fullorðinna einstaklinga lokið náminu. Breidd nemendahópsins er mikil en þeir eru á aldrinum 18 til 67 ára, jafnt karlar sem konur. „Þátttakendur í Aftur í nám hafa verið mjög ánægðir með námið og sumir telja það jafnvel hafa breytt lífi sínu," segir Jóna Margrét og bætir við að flestir hafi ákveðið að fara í frekara nám eftir að náminu hjá Mími lauk. *- sg*

heimsókn

Dagskrá á Skólavörðuholti (gamla Iðnskólanum í Reykjavík)

- Hársnyrtiskólinn.
- Fjölmenningarskólinn.
- Byggingatækniskólinn.
- Raftækniskólinn.
- Tæknimenntaskólinn.
- Endurmenntunarskólinn.
- Kynning frá HÍ og HR.
- Sýning á lampagítarmagnara sem smíðaður var í skólanum.
- Orkuherbergi með áherslu á lýsingarhönnun.
- Ratleikur.
- Opnar vinnustöðvar um allan skóla.
- Opnar vinnustofur í teikningu og hönnun.
- Verkstæði og verkefni nemenda í gull- og silfursmíði.
- Kökuhlaðborð.
- Verðlaunaafhending og sýning á myndum í ljósmyndasamkeppni.
- Skartgripagerð.
- Nemendur í Fjölmenningarskólanum kynna heimalönd sín.
- Opið ljósmyndastúdíó.

Dagskrá í Tölvuhúsi Tækniskólans (Vörðuskóli)

- Upplýsingatækniskólinn.
- Margmiðlunarskólinn.
- Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar.
- Tískublöð.
- *Motion capture* verkefni nemenda.
- Tölvubraut.
- Ómar Guðjóns spilar á gítar.
- Kaffi.
- CCP Games (EVE Online) - hvernig getur þú lært að verða tölvuleikjafrömuður.



Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

SKRAUTSPÖNG getur fullkomnað útlitið þegar eitthvað mikið stendur til. Þessi leðurspöng er frá gbeta og fæst fyrir 8.000 krónur í Krista/Quest í Kringlunni.

Hafði ekki áhuga á tísku

Bergþór Bjarnason, sem býr og starfar í París, hefur skrifað tískupistla í Fréttablaðið í fjögur ár. Hann segir að áfram muni ríkja afturhvarf til fortíðar í vor- og sumartískunni.

Bergþór Bjarnason flutti til Parísar fyrir fjórtán árum og hefur meirihluta þess tíma starfað sem sölumaður nokkurra vel þekktra tískuverslana. Hann hefur miðlað af reynslu sinni úr háborg tískunnar til lesenda Fréttablaðsins í fjögur ár með vikulegum pistlum um tísku.

„Það var nú í síðustu kreppu sem ég ákvað að fara til Parísar enda var þá ekki margt í spilunum á Íslandi og mig langaði að prófa eitthvað nýtt," segir Bergþór sem í dag vinnur sem sölumaður hjá Valentino en áður hefur hann unnið hjá Yves Saint Laurent og Chanel.

Helstu þekkingu sína á tísku hefur Bergþór úr umhverfi sínu. „Ég er ekkert menntaður á tískusviðinu. Ég er með BA í íslensku og diplómu úr hagnýtri fjölmiðlun og það er líklega eins langt frá tískunni og mögulegt er," segir hann og bætir við hlæjandi að hann hafi í raun aldrei haft mikinn áhuga á tísku. „Ég var reyndar að vinna í tískubúð í Reykjavík á háskólaárunum en það var nú bara til að borga leiguna," segir Bergþór sem bjó þó að þeirri reynslu þegar hann kom til Parísar og var að leita sér að vinnu. „Í rauninni hefur tískunni verið þröngvað upp á mig," segir hann hlæjandi.

„Það sem mér finnst skemmtilegt við tískuna er að skoða söguna á bak við hana. Hér í landi er tískan mjög mikilvæg og miklu fremur listgrein en framleiðsla. Því er gaman að rekja sögu einhvers stíls, persónu eða flíkur," segir Bergþór og nefnir til að mynda rykfrakkann eða „trench coat" sem á uppruna sinn að rekja til skotgrafanna í fyrri heimsstyrjöldinni.

Inntur eftir vor- og sumartískunni segir Bergþór: „Það verður áfram, eins og hefur verið, nokkurt afturhvarf til fortíðar enda held ég að á krepputímum verði það enn meira áberandi að leitað sé leiða út úr vandanum með því að horfa til baka," segir Bergþór og bætir við að með harðnandi efnahagslífi verði tískan einnig mikið praktískari. „Fantasían er á sýningarpöllunum en í búðunum eru einfaldari föt til að tryggja sölu," útskýrir hann. En hvaða litir verða á fötum í vor og sumar? „Hvítt og ljóst verður áberandi. Einnig mynstur og jafnvel sterkur plómulitur litur í bland við föla pastelliti. Svo verður mikið meira af sterkum litum í herratískunni en oft áður," segir Bergþór sem er síður en svo útbrunninn þrátt fyrir ötul pistlaskrif síðustu ár.

Bergþór Bjarnason býr í París og starfar sem sölumaður hjá Valentino. Hann hefur skrifað vikulega tískupistla í Fréttablaðið í fjögur ár.

„Stundum líður mér reyndar eins og ég viti ekkert hvað ég ætla að skrifa um næst. En á öðrum tímum hef ég óteljandi hugmyndir," segir Bergþór sem fær innblástur úr umhverfinu en hann er duglegur að líta í kringum sig og safna áhugaverðum greinum úr blöðum.

Bergþór segist hafa fengið mun meiri viðbrögð við pistlum sínum en hann hefði getað ímyndað sér. „Sumir þakka fyrir eða eru að spyrja út í eitthvað. Ég hef jafnvel lent í því að fólk sendir mér póst til að spyrja hvar það eigi að versla í París," segir Bergþór glettinn.

solveig@frettabladid.is

Hvítir og ljósir litir verða áberandi í vor og sumar. Á vor- og sumarsýningu Elie Saab var nokkuð um hvíta kjóla á borð við þennan.

Fortíðarþrá hefur verið áberandi á tískupöllum síðustu mánuði og verður áfram að mati Bergþórs. Hér er fyrirsæta í kjól úr vor- og sumarlínu Jeans Pauls Gaultier.

Sevilla
23.-26. apríl
Hin glæsta höfuðborg Andalúsíu!

Frábært sértilboð - mjög fá sæti í boði!
Heimsferðir bjóða nú frábæra helgarferð, á sumardaginn fyrsta til Sevilla höfuðborgar hins einstaka Andalúsíuhéraðs á Spáni. Sevilla er einstaklega fögur borg, rík af sögu og stórfenglegum byggingum, s.s. Dómkirkjunni með Giraldaturninn þeirri þriðju stærstu í heimi. Í miborginni og hinum eldri hlutum borgarinnar er einstök stemmning, þröngar götur, veitinga- og kaffihús og heillandi torg. Auk þess er óendanlegt úrval verslana í borginni. Vorið bregður Sevilla í sinn fegursta búning og hún skartar öllu sem hún hefur til að bera. Bjóðum frábært sértilboð á góðri gistingu, Suites Vega del Rey. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í einstaka helgarferð þar sem tíminn nýtist einstalega vel, en flogið er út að morgni fimmtudags (sumardagsins fyrsta) og komið heim að kvöldi sunnudags (aðeins einn vinnudagur).

Beint morgunflug
- á sumardaginn fyrsta

Frá kr. 69.990
Netverð á mann. Sértilboð. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Suites Vega del Rey með morgunverði í 3 nætur. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 5.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.200.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

KOLAPORTIÐ
Kolaportið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Vandaðir dömuskór úr leðri og skinnfóðraðir
Stærðir 36 - 42
Verð: 7,670,- og 7.970.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Kranastjóri

ÍAV

Vanur kranastjóri óskast á Demag AC kranabíl sem verður í notkun á höfuðborgarsvæðinu.

Umsóknum skal skila um heimasíðu ÍAV,merkt kranastjóri.

Umsóknum skal skila fyrir 7. mars n.k.

Upplýsingar veitir Stefán B. Guðjónsson í síma 660-8127.

Skilvísir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar
Þjónustuver 550 1400 | spron.is

spron

ARGUS / 09-0034

8000

íslensk börn eiga atvinnulausa foreldra. Þar af eiga rúmlega fjögur þúsund og fjögur hundruð atvinnulausan föður en fjögur þúsund atvinnulausa móður.

10

ungmenni á aldrinum sextán til sautján ára tóku þátt í Ólympíuhátíð æskunnar en vetrarleikarnir fóru fram í Póllandi á dögunum. Ekki var hægt að keppa í öllum greinum vegna fannfergis.

600

myndir keppa til úrslita í gæludýra-myndasamkeppni verslunarinnar Dýraríkisins í Miðhrauni. Gestir verslunarinnar velja bestu myndina og eru síðustu forvöð að skoða nú um helgina.

40

Uppselt er á 40 sýningar á Kardimommubænum í Þjóðleikhúsinu en frá upphafi hafa 160 þúsund Íslendingar skemmt sér yfir lífinu í Kardommubæ Thorbjörns Egner.

FRÓÐLEIKUR

GAGN&GAMAN

Litla kistan Taubleiur úr lífrænni bómull og föt úr umhverfisvænum efnum á borð við sojabaunir og bambus eru á meðal þess sem fæst í versluninni Litlu kistunni sem opnaði í mánuðinum í Bergstaðastræti 13. Þar má einnig fá eiturefnaprófaðan fatnað úr hefðbundnari efnum, hreinlætisvörur og hönnunarvörur fyrir barnaherbergið svo eitthvað sé nefnt. Litla kistan er bæði vefverslun og götuverslun, hægt er að panta á Netinu og koma síðan og sækja vöruna, eða fá heimsent. Veffangið er www.litlakistan.is.

Ódýr Ikeamatur Börn borða frítt í Ikea í febrúar og því síðasta tækifærið í dag að njóta þess kostaboðs. Fjögurra manna fjölskylda getur þannig fengið fulla máltíð fyrir innan við þúsund krónur. Þó að þessu tilboði ljúki í dag er annað hagstætt tilboð í gangi alla virka daga milli hálfsex og hálfsjö; sænskar kjötbollur, tveir 10 bolluskammtar fyrir fullorðna og tveir barnaskammtar af spaghettíi ásamt safa fyrir börnin á 1.390 krónur. Ferð á virkum degi tekur minna á taugar fullorðna fólksins. þá er mun rólegra og auðveldara fyrir börnin að njóta sín í Boltalandi og barnadeild búðarinnar.

Endurfundir Barnaleiðsögn verður um Þjóðminjasafnið á morgun kl. 14 og verður þá sýningin Endurfundir skoðuð. Á henni má sjá alls konar áhugaverða gripi sem fundust við fornleifarannsóknir á mörgum stöðum á Íslandi. Börnin fá að kynnast grunnhugmyndum fornleifafræðinnar og setja sig í spor fólks „í gamla daga“. Sýningunni er ætlað að höfða til allra aldurshópa. Leiðsögnin er ætluð börnum á aldrinum 6 til 10 ára.

HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA

- Húðin okkar er viðkvæm og veðráttan á Íslandi getur verið húðinni erfið.
- Decubal viðheldur heilbrigði og ferskleika húðarinnar – allt árið um kring.
- Kynntu þér eiginleika Decubal og kveddu þurra húð.

DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI

Spennandi dagsferðir *frá Manchester*

Liverpool
Heimabær Bítlanna og fótboltasnillinganna í Liverpool F.C. og Everton F.C. Litrík og spennandi menningarborg þar sem margt er að sjá og upplifa.

Chester
Chester er í suðvestur frá Manchester, fallegur bær sem rekur sögu sína allt aftur til þess er Rómverjar réðu ríkjum á þessum slóðum. Gefið ykkur tíma til að skoða dómkirkjuna, rölta um gamlar götur í elsta hluta bæjarins og hið sérstæða smáverslanahverfi The Rows.

Blackpool
Í Blackpool, frægasta skemmtana- og hressingarstrandbæ á Bretlandi, finna allir í fjölskyldunni eitthvað við sitt hæfi, skemmtigarða, dýragarð, vaxmyndasafn og sædýrasafn.

Lake District – Vatnahéraðið
Vatnahéraðið er undurfallegt, töfraveröld þar sem fléttast saman hlýlegir dalir, stöðuvötn, heiðar og fjöll. Kjörið svæði til gönguferða og fyrir fjallagarpa þar sem er m.a. Scafell Pike (978 m), hæsta fjall á Englandi.

Verslun *í Manchester*

Manchester er frábær verslunarborg. Í miðborginni er að finna ókjörin öll af verslunum, merkjabúðum, hátískuverslunum, skemmtilegum sérverslunum, verlunarmiðstöðvum og verslunarkjörnum sem hafa á sér hefðbundið yfirbragð markaðstorgsins. Margar verslanir eru opnar alla sjö daga vikunnar og ekki óalgengt að sé opið til kl. 20:00.

Exchange Square /New Cathedral Street
Þetta er nýtt og endurbyggt hverfi í miðborg Manchester þar sem er að finna m.a. vörhúsin Selfridges, Hvarvey Nichols og Triangle. Þarna eru líka merkjaverslanir eins og Hobbs, Zaram, Wheels & Doll Baby, Louis Vuitton, Massimo Dutti, Ted Baker, Reiss, Fornarina, Bravissimo og Adidas.

King Street /St Ann's Square
King Street hefur ævinlega verið vinsæl og svolítið virðuleg verslunargata. Þarna eru tískuverslanir, hönnuðabúðir og verslunarhús, sem Íslendingar ættu að kannast við, House of Fraser. Af merkjaverslunum má nefna t.d. Agent Provocateur, Armani, DKNY, Diesel, Thomas Pink, French Connection og Aquascutum.

Mikið fyrir peningana *í Manchester*

Í Manchester færðu gistingu á góðu verði og hagstæð tilboð hjá mörgum hótelum, aðgangur að mörgum ferðamannastöðum er ókeypis og kostar lítið að nýta sér almenningssamgöngur.

MANCHESTER

Flug og bíll

Manchester er áfangastaður þar sem um margt er að velja ef fólk ætlar sér að ferðast um Bretland á bílaleigubíl. Borgin er miðsvæðis, syðst í norðanverðu Englandi og þaðan liggja leiðir til allra átta.

Hertz

Lifandi tónlist
Í Manchester eru spennandi klúbbar og skemmtistaðir, sem bjóða lifandi tónlist, nánast úti um alla borg. Það er alltaf eitthvað um að vera og úr nógu að velja, hvort sem menn vilja hlusta á óþekktar hljómsveitir að taka sína fyrstu takta í Night and Day eða Life Café eða hlusta á heimsstjörnur á stórtónleikum í MEN Arena, sem rúmar 21.00 áhorfendur, eða á City of Manchester Stadium.

En það er að sjálfsögðu hægt að gera fleira sér til skemmtunar í Manchester en að hlusta á lifandi tónlist. Háskólanemar flykkjast t.d. á Oxford Road þar sem plötusnúðar halda uppi fjörinu og kaffihús og krár eru opin fram á nótt.

Svifstökk
Kajakaróður
Vatnaskíði
Siglingar
Vatnabretti
Klettaklifur
Flug í loftbelg
Útreiðartúrar
Golf o.fl.

Visit Manchester

Leitið nánari upplýsinga á **www.visitmanchester.com**

TIL HAMINGJU MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Soffía G. Karlsdóttir var vinningshafi í Borgarlukkuleiknum í Mín borg um síðustu helgi. Hún fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Soffía er húsmóðir. Hana langar einna mest að fara til Stokkhólms eða Kaupmannahafnar í heimsókn til barnanna sinna og vill auðvitað helst ferðast með manninum sínum.

LONGCHAMP BOSS SAND BURBERRY Wolford LLOYD

Gefið ykkur góðan tíma fyrir flugið.
Lítið við í Saga Shop í Leifsstöð.

Frábært verð á heimsþekkum vörumerkjum.

Afsláttur af merktum vörum frá 10–40%.

LEIFSSTÖÐ | SÍMI 4250 345
WWW.SAGASHOP.IS

Saga Shop

AUKINN HRAÐI
og þægindi með netinnritun

Viðskiptavinir Icelandair geta nú innritað sig í gegnum Netið allt að 22 klukkustundum fyrir áætlaða brottför. Í netinnritun velurðu sæti og prentar út þitt eigið brottfararspjald. Þá þarftu ekki að fara í gegnum hefðbundna innritun og sparar tíma. Það er því tími fyrir meiri morgunmat, meira kaffi, meiri vinnu eða einfaldlega aðeins meiri svefn.
Nánari leiðbeiningar eru á *www.icelandair.is*

NÝIR ÁFANGA-STAÐIR
í Noregi og Þýskalandi

Tveir nýir áfangastaðir bætast við hjá Icelandair með sumaráætlun félagsins. Um er að ræða borgina Düsseldorf í hjarta Þýskalands við bakka Rínar en borgin er miðstöð viðskipta, menningar og tísku.
Í Noregi bætist við nýr áfangastaður: Stavanger. Borgin er oft kölluð „olíuhöfuðborg“ Noregs en það gefur kannski ekki rétta mynd af borginni sem er fögur norðurlandaborg með mjóum strætum milli hvítra húsa. Í næsta nágrenni er síðan ægifögur náttúra Noregs.

NÝTT FARGJALDA-KERFI – 3 FARRÝMI
Meira val

Hvaða fargjaldaflokkur hentar þér best? Kynntu þér málið á *www.icelandair.is*

ÍBÚÐA-SKIPTI
Íbúðaskipti eru ódýrasta gistingin

Fólk sem ætlar til útlanda í sumar getur sparað sér stórfé vegna gistingar með því að skoða þann möguleika að hafa skipti á íbúðum eða sumarhúsum við fólk erlendis sem ætlar að koma til Íslands.
Á netinu eru margar vefsíður með svona íbúða- eða sumarhúsamiðlunum og má t.d. benda á *www.HomeXchangeVacation.com* og *www.HomeForExchange.com* (Leitið sjálf með því að slá inn t.d. leitarorðin „home exchange“ eða „apartment exhange“.)

TRAUSTUR *íslenskur* FERÐAFÉLAGI

Flugfélag Íslands jók mjög innanlandsflug eftir að Loftleiðir hættu flugi innanlands. Íslendingar kunnu vel að meta þennan ferðamáta sem leysti þá undan því að skrölta eftir holóttum malarvegum. Meira að segja börnin voru send í sveitina flugleiðis eins og sést á þessari mynd frá árinu 1955.

BORGARLUKKUPOTTUR

VINNINGUR: **FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum.
Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 4. mars.
2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

   Icelandair
   Mín borg/spurningaleikur
   Reykjavíkurflugvelli
   101 Reykjavík

Skilafrestur er til og með 4. mars
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 5. mars, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 7. mars).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

1. **Fyrir hvað er Old Trafford frægastur?**
   - ☐ Hann er elsti bíll sem enn gengur í Manchester
   - ☐ Hann er að margra dómi besti bjórinn í Manchester
   - ☐ Hann er heimavöllur Manchester United
2. **Hvað er Teppanyaki?**
   - ☐ Sértakt afbrigði af japanskri glímu
   - ☐ Veitingastaður í Kínahverfinu í Manchester
   - ☐ Samkvæmisleikur frá Thailandi
3. **Hvað heitir hæsta fjall á Englandi?**
   - ☐ Scafell Pike
   - ☐ Snaefell
   - ☐ Helvellyn

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á fluáætlun og verði.
Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45275 02/09

FRAMHALD AF SÍÐU 32

nokkra bjóra fyrr um daginn. Svo byrjaði ég bara eitthvað að tuða og enginn skildi neitt. Svo endaði það þannig að hljómsveitarstjórinn Magnús Kjartansson kom upp úr gryfjunni sinni, tók utan um mig og leiddi mig rólega út af sviðinu. Þá kom skilti á sjónvarpsskjáinn; Afsakið hlé! Svo kom þulan og sagði að gert yrði stutt hlé á þættinum, og tveimur mínútum seinna hófst útsending að nýju og ég var mættur, bláedrú og fínn auðvitað," segir Hemmi og skellir upp úr.

Hemmi segir að mörgum áhorfendum hafi brugðið við þetta spé sitt. „Fólk hélt að ég væri dottinn í það og það má eiginlega segja að þjóðarskelfing hafi gripið um sig. En það versta í þessu var að í öllum hamaganginum steingleymdi ég að segja elskulegum foreldrum mínum frá þessu gríni. Ég mátti bara þakka fyrir að hitta þau á lífi eftir þáttinn, því þau héldu að litli drengurinn þeirra hefði orðið bjórnum að bráð. Þetta var það allra versta, en auðvitað jafnaði þetta sig með tíð og tíma eins og allt annað. Eftir þetta reyndi ég að láta mína nánustu vita ef ég hugði á svona óvæntar uppákomur."

Að útsendingu þáttarins lokinni buðu Hemmi og Björn Emilsson, stjórnandi útsendingar, starfsfólki þáttarins upp á bjór. „Fólkið hafði verið að vinna allan daginn þannig að við splæstum í tvo kassa handa þeim svo allir fengju bjórinn sinn á bjórdaginn. Einhver skrifstofumaður varð úrillur og bannaði þetta, en við höfðum þau aðvörunarorð að engu," segir Hemmi Gunn.

➜ MEÐ FYRSTU BJÓRKAUPENDUNUM

„Maður fékk að heyra það í mörg ár eftir þetta," segir Tryggvi Sigurðsson, skrifstofustjóri Hringrásar. Tryggvi var með þeim fyrstu sem fjárfestu í kassa af bjór í ríkinu á Snorrabraut daginn sem bjórsala var heimiluð og prýddi forsíðu DV sem kom út í hádeginu þann dag.

Tryggvi hafði ærna ástæðu fyrir bjórkaupunum þennan eftirminnilega morgun. „Það vildi þannig til að það voru frjálsir dagar, svokallaðir Tyllidagar, í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem ég stundaði nám á þessum tíma. Í tilefni þeirra var skólaball um kvöldið og bjórinn því kærkominn fyrir þá nemendur sem voru byrjaðir að drekka. Þetta átti því allt sínar skýringar, það var ekki þannig að ég væri bara svona rosalega mikill bjórmaður," segir Tryggvi og hlær.

TRYGGVI SIGURÐSSON

Hann segir enga örtröð hafa verið í ríkinu á Snorrabraut þennan morgun eins og margir höfðu búist við. „Ég var mættur þarna rétt fyrir opnun og það voru eiginlega bara ég og svo frétta- og myndatökumenn frá erlendum sjónvarpsstöðvum og nokkrir íslenskir blaðamenn. Ég byrjaði reyndar að fara í ríkið átján ára gamall og var aldrei spurður um skilríki fyrr en einmitt daginn sem ég varð tvítugur," segir Tryggvi.

Tryggvi hafði þó haft einhver kynni af bjórdrykkju áður en bjórdagurinn frægi rann upp. „Ég hafði smakkað bjór í útlöndum og svo stundaði besti vinur minn líka siglingar. Þannig kom fullt af bjór til landsins á þessum árum. Ég veit nú ekki hvort rétt sé að segja frá því á þessum vettvangi, en þannig var að karl faðir minn var líka að brugga bjór, sem hann setti á gamlar kókflöskur. Þeir félagarnir voru svo að metast um hver bruggaði besta bjórinn, en í minningunni var þetta hreinasti óþverri, Þannig að karlinn fékk að hafa þetta mikið í friði fyrir mér. Svo smakkaði maður líka blessað bjórlíkið, sem var viðbjóður."

SPJÖLD SÖGUNNAR Tryggvi, til vinstri, lét sér nægja einn kassa af Budweiser-bjór í veganesti fyrir MK-skólaballið að kvöldi 1. mars 1989. Af því tilefni smellti ljósmyndari af honum mynd sem birtist á forsíðu DV í hádeginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsíðumyndin af Tryggva var meðal annars hengd upp á korktöflu í Menntaskólanum í Kópavogi og hékk þar lengi vel. „Svo birtist myndin í Öldinni okkar og birtist reglulega í kringum 1. mars mörg ár á eftir. Það má eiginlega segja að maður hafi komist á spjöld sögunnar með þessu," segir Tryggvi og skellir upp úr.

HÚSNÆÐISFÉLAG SEM
SAMTÖK ENDURHEFJA MEMSKASÆÐINGA
Sléttuvegi 3 - 103 Reykjavík
Sími/Fax 588 7470

Happdrætti húsnæðisfélags S.E.M. - - Útdráttur 24. feb 2008 -

Ferðavinningur frá Heimsferðum verðmæti 200.000 kr.

210	14037	22686	32022	50640	61353	85723	103953	117993
3654	14530	23894	35009	50748	63668	90181	104691	121260
4825	14951	26986	41348	51915	72080	92845	105452	122735
4957	15964	28029	44804	52137	79603	93617	106649	124313
5527	18304	28406	44873	53139	83376	95388	110946	
12147	20528	29094	47414	56021	83413	97329	115912	
12779	21287	31840	47880	56631	83497	98220	117432	

Ferðavinningur frá Heimsferðum verðmæti 100.000 kr.

576	20624	26139	35470	55403	68304	81054	94729	110042
2039	20922	26226	35824	55620	68338	81176	101153	110148
3820	21479	26378	38575	55912	69156	81345	101616	110616
4674	21511	26383	38672	56527	69270	81580	102776	113309
5176	22187	26642	40495	57367	70590	81937	105132	116063
5991	22255	27061	46781	57384	73263	82701	105226	116118
10928	23053	27262	47518	58007	74305	85317	105472	116566
12651	23210	27419	47781	58776	76567	85463	106388	117438
14662	23596	29472	48106	59763	76772	85887	106622	117931
15032	23954	29516	50440	59867	77429	86912	106876	119511
15632	25133	29987	50841	60983	79088	87317	107356	120620
15778	25282	31216	50973	64470	79828	87455	108241	122766
16619	25323	32366	52276	65280	80048	88215	108624	124021
17153	25503	33527	52492	66958	80347	91716	108815	124909
18005	25920	33994	55094	67963	81052	94215	109185	

Vinninga ber að vitja innan árs birt án ábyrgðar.
Þökkum stuðninginn.Einnig er vinningaskrá á sem.is

➜ BJÓRTEGUNDIR SEM Í BOÐI VORU Í ÁTVR Á BJÓRDAGINN, 1. MARS 1989

Sanitas Pilsner (Ísland)
Sanitas Lager (Ísland)
Egils Gull (Ísland)
Budweiser (Bandaríkin)
Löwenbräu (Þýskaland)
Tuborg (Danmörk)
Kaiser (Austurríki)

1. sæti

STÉTT MEÐ STÉTT
Samstaða um endurreisn
GUÐLAUGUR ÞÓR

Við opnum kosningaskrifstofu Guðlaugs Þórs í dag kl. 12.00.

Reykvíkingar eru hvattir til að fjölmenna og taka þátt í umræðu um endurreisn Íslands. Kaffi veitingar og barnahornið á sínum stað.
Nánar á vefnum: www.gudlaugurthor.is

Ármúla 18 - 108 Reykjavík - sími 568 4817 - gth@gudlaugurthor.is - www.gudlaugurthor.is

FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA OG FAGFÉLAGIÐ

bjóða atvinnulausum félagsmönnum til morgunverðarfundar mánudaginn 2. mars kl. 10.00 í fundarsal félaganna í Borgartúni 30, 6. hæð. Til umræðu verður staða atvinnulausra, framboð á námskeiðum og önnur úrræði.

Fagfélagið
FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK OG BERA ÞÓRISDÓTTIR, EIGINKONA HANS Hér eru hjónin með Felix, styrktarbarni sínu á barnaheimilinu í Lomé, og félaga hans Olivier.

Nýtt barnaþorp rís í Tógó

Dr. Njörður P. Njarðvík og eiginkona hans **Bera Þórisdóttir** hafa unnið mikið mannúðarstarf í lýðveldinu Tógó þar sem börn lenda á götunni sökum örbirgðar og sjúkdóma. *Anna Margrét Björnsson* spjallaði við hjónin en þau eru nýkomin úr þriggja vikna ferð til Afríku þar sem þau voru viðstödd opnun nýs barnaheimilis á vegum SPES-samtakanna.

Allt frá því að SPES-samtökin voru stofnuð árið 2000 hefur Njörður P. Njarðvík, prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, einbeitt sér að því að hjálpa foreldralausum börnum í Tógó í Vestur-Afríku. Fyrsta barnaþorp SPES í höfuðborg Tógó, Lomé, er nú fullbyggt og er heimili fyrir 94 börn. Hinn 14. febrúar síðastliðinn var nýtt barnaþorp í Kpalimé formlega vígt en borgin er í um tveggja klukkutíma akstursfjarlægð frá Lomé. „Bygging þorpsins hefur tekið rúmlega tvö ár og við höfum verið í miklu og góðu sambandi við borgarstjórann í Kpalimé sem styður framtakið dyggilega, enda mikil neyð í borginni eins og annars staðar í Tógó þar sem fjöldinn allur af börnum lendir á götunni sökum dauða eða veikinda foreldra.“ Nú eru fimm börn á nýja heimilinu en þar munu rúmast tuttugu börn til þess að byrja með, en SPES tekur við börnum um og undir fimm ára aldri. Húsin í Kpalimé eru, eins og barnaheimilið í Lomé, litrík og fallega hönnuð af innfæddum arkitekt. „Við stefnum svo á byggingu leikskóla í borginni en þar er enginn slíkur. Markmið okkar er ávallt að börnin gangi í almenna skóla og blandi geði við önnur börn utan SPES-heimilisins.“

Stuðningur við barnaskólann

Í þessari ferð hjónanna til Tógó voru þau einnig viðstödd formlega afhendingu nýs húss fyrir barnaskólann í Kélégougan en hann sækja börnin frá SPES-heimilinu í Lomé. „ Við gáfum skólanum tvö vegleg hús með níu nýjum kennslustofum,“ útskýrir Njörður sem segir að í bekkjunum séu 145 nemendur undir leiðsögn eins kennara. „Nýju húsunum fylgdu þau tilmæli að ráðherra skólamála gerði sitt ýtrasta til þess að fjölga kennurum við skólann svo að námsárangur batni. Hann lofaði því að þrír nýir kennarar kæmi til starfa 2. mars og aðrir þrír næsta haus og svo yrðu aldrei fleiri en 75 í hverjum bekk. Ég sagði honum að yfirvöld í Tógó eyddu of miklum fjármunum í herinn en ekki nægilegum til menntamála, en auðvitað er menntun þessara barna lykillinn að velfarnaði þjóðarinnar. Með því að virða menningu barnanna, ráða heimafólk til starfa í þorpinu og senda þau í hverfisskólann vonumst við til þess að þau í kjölfarið verði nýtir þegnar þessa lands,“ segir Njörður. Nú í febrúar var ræðisskrifstofa Íslands í Tógó formlega vígð en fyrsti ræðismaður okkar þar í landi er Claude Gbedey sem hefur stutt starfsemi SPES þar í landi dyggilega.

BÖRNIN FAGNA SPES-samtökin gáfu skólanum í Kélégougan tvær nýjar byggingar nú í febrúar en þar eru yfir hundrað nemendur í hverjum bekk.

Styrktarforeldrum hefur ekki fækkað vegna kreppunnar

SPES-samtökin byggja starfsemi sína á fjármagni sem fæst í gegnum styrki og styrktarforeldra barnanna á Íslandi, í Frakklandi og í Belgíu en það kostar 77 evrur að sjá einu barni fyrir öllum helstu nauðsynjum á mánuði. Á krepputímum hefur styrktarforeldrum ekki fækkað en erfiðara reynist að finna nýja. „Við höfum líka hvatt til þess að fleiri en einn aðili taki að sér að styrkja eitt barn, til dæmis tveir fjölskyldumeðlimir eða samtök þar sem þetta er dálítið dýrt. En mikilvægt er samt að börnin finni tengingu við sinn styrktaraðila og það eru oftast þó nokkur samskipti milli barnanna og styrktarforeldranna. Í sumum tilfellum geta styrktarforeldrar komið og heimsótt börnin á barnaheimilið eða þá skipst á bréfum, ljósmyndum og pökkum.“ Þreifingar hafa verið um að stofna fleiri barnaþorp í öðrum Afríkulöndum en Njörður vill fara varlega í sakirnar og einbeita sér að Tógó. „Við verðum að gera þetta með fyllstu gát og fara hægt í sakirnar. Við berum mikla ábyrgð á öllum þessum börnum.“

Þeim sem vilja gerast styrktarforeldar SPES eða styrkja samtökin á annan hátt er bent á www.spes.is

NÝTT BARNAHEIMILI Glaðlegar byggingar barnaheimilisins í Kpalimé sem var vígt nú í febrúar. Á myndinni sést Eyjólfur Guðmundsson læknir sem einnig var með í för.

NÝJA HÚSIÐ Tvö ár tók að reisa barnaheimilið nýja. Nú eru fimm börn þar en verða tuttugu er fram í sækir.

RÆÐISMAÐUR ÍSLANDS Hér sést Claude Gbedey, ræðismaður Íslands, taka formlega við ræðismennsku á skrifstofu sinni í Lomé.

ÓDÝR HEIMILISTÆKI

EINFÖLD, TRAUST OG ENDINGARGÓÐ TÆKI

BARKAÞURRKARI

Euroline T3048
Einfaldur 6kg ÞURRKARI með barka, 2 hitastigum og galvaniseraðri tromlu. Orkunýting C.

TILBOÐ 49.995
FULLT VERÐ 64.995

85sm FRYSTISKÁPUR

Scancool SFS100
85sm og 85 lítra FRYSTISKÁPUR með 4 skúffum og 6kg frystigetu á sólarhring. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 85x50,4x51,4sm.

TILBOÐ 49.995
FULLT VERÐ 56.995

60sm ELDAVÉL

Euroline EU1628
60sm ELDAVÉL án blásturs með 4 steyptum hellum, 58 lítra ofni sem auðvelt er að þrífa, yfir- og undirhita, grilli, geymsluskúffu og barnalæsingu á ofnhurð. Mál (hxbxd): 85-90x60x60 sm.

TILBOÐ 59.995
FULLT VERÐ 69.995

1000sn ÞVOTTAVÉL

Euroline WME1000
5kg ÞVOTTAVÉL með 500 og 1000 snúninga vindingu, 30-90° hitastilli, 30sm hurðaropnun, ullarkerfi, skolstoppi og hraðkerfi. Þvotthæfni A, orkunýtni A og vinduhæfni C. Mál (bxhxd): 60x85x60sm.

TILBOÐ 64.995
FULLT VERÐ 74.995

BARKALAUS ÞURRKARI

Euroline TK4042
Barkalaus 6kg ÞURRKARI með krumpuvörn og barnaöryggi. Orkunýting C.

TILBOÐ 69.995
FULLT VERÐ 79.995

UPPÞVOTTAVÉL

Beko DUN1300
60sm UPPÞVOTTAVÉL með 3 kerfum; skolun, 50° og 60°. Forþvottur. Vatnsflæðivörn. Þurrkar með hita frá elementum.Lætur vita ef gljáefni vantar.Þvottahæfni A. Orkunýtni A. Þurrkgeta B. Utanmál(hxbxd): 82x60x55sm.

TILBOÐ 74.995
FULLT VERÐ 84.995

144sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKF220
144sm KÆLISKÁPUR með frysti og 5 glerhillum í kæli. 167 lítra kælir og 45 lítra frystir. Orkunýtni A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

TILBOÐ 74.995
FULLT VERÐ 79.995

186sm KÆLIR/FRYSTIR

Euroline C340
186sm KÆLISKÁPUR með frysti, 214 lítra kæli, 90 lítra frysti og glerhillum. Orkunýting A. Mál (hxbxd) 186,5x59,5x60sm.

TILBOÐ 89.995
FULLT VERÐ 99.995

EUROLINE

scan domestic

BEKO

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika…

Hlandskálaeigendur. Össur Hafþórsson og félagar á tónleikastaðnum Sódóma Reykjavík fengu mikla athygli fyrir þá nýbreytni sína að bjóða upp á andlit útrásarvíkinga í hlandskálum staðarins. Sódóma opnar ekki fyrr en 6. mars og enginn hefur einu sinni séð hlandskálarnar enn þá. Góð markaðssetning, myndi einhver segja. En aumingja útrásarvíkingarnir. Þessi niðurlæging bætist við aðra sem þeir verða nú að þola. Þeir geta þó huggað sig við að myndirnar af þeim eru ekki ofan í sjálfum klósettunum og losna því væntanlega við „númer 2“.

Fyrir norska skiptidíla. Þetta var ekki vond vika fyrir alla brottreknu seðlabankastjórana því Ingimundur Friðriksson, sá sem kvaddi fyrst, fékk æsandi tilboð frá seðlabanka Noregs. Vitanlega var Ingimundur upp með sér, enda ekki á hverjum degi sem manni er boðin vinna nú í kreppunni, sérstaklega ekki í banka. Á sama tíma var norskur náungi selfluttur í funheitan stól Ingimundar og félaga í Seðló. Það virðist því hafa verið um eins konar skiptidíl að ræða.

Slæm vika…

Fyrir ástralska fjárfesta. Steve Cosser fékk ekki að kaupa Moggann og er eðlilega fúll. Hver yrði ekki fúll yfir að missa af svona gullnámu? Ekki er vitað hvort milljarðerinn fékk yfirhöfuð að kaupa eitthvað á Íslandi. Það var óvanalega hátt uppi á Cosser typpið í sjónvarpsviðtölum. Hann er víst svona líka ógeðslega ríkur, vill hann meina. Í venjulegu árferði hefðu landsmenn verið svag fyrir svona gengdarlausu monti og litið upp til ríkidæmis útlendings sem vill fjárfesta á skerinu. Bara ekki akkúrat núna.

Fyrir (d)rekna. Sorrí. Það er að æra óstöðugan að draga Davíð enn einu sinni inn í þennan dálk, en nú er ekki annað hægt. Maðurinn kvaddi jú djobbið sem hann vildi ekki kveðja í vikunni. Loksins. Margir sáu snilldarlegan stjórnmálajöfur þegar Davíð mætti með allt á hornum sér í Kastljósið. Aðrir sáu eitthvað allt annað. Var þetta síðasta vikan í bili þar sem allt snerist um Davíð enn einu sinni? Maður spyr sig.

- drg

SAM AMIDON „Ég hef aldrei í rauninni samið lag, en tek gömul þjóðlög og endurskrifa þau.“

Breytti slys þínum aðstæðum?
Slys hafa margs konar áhrif á líf okkar og starf.
Fáðu ráðleggingar – það kostar þig ekkert.
Við könnum rétt þinn á bótum!
FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál
Fulltingi þér við hlið / www.fulltingi.is / sími 533 2050 / Suðurlandsbraut 18 Rvk.
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Er alltaf á ferðalagi

Bandarískur tónlistarmaðurinn Sam Amidon kom fyrst til Íslands fyrir þremur árum en hann er hjá íslenska plötufyrirtækinu Bedroom Community. *Anna Margrét Björnsson* spjallaði við **Sam** að nýloknum tónleikum á Kaffibarnum í vikunni.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Samuel Tear Amidon

STARF: Tónlistarmaður og atvinnumaður í körfubolta (NBA)

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI: 1981 , árið sem Frakkland hætti að nota fallöxina.

Hvar ertu fæddur og hver er tenging þín við Ísland? Ég fæddist í Brattleboro í Vermont í Bandaríkjunum. Vinur minn, tónskáldið Nico Muhly, er einnig frá Vermont. Við fluttum báðir þaðan til New York og hann kynnti mig síðar fyrir Íslandi og Gróðurhúsinu, stúdíói Valgeirs Sigurðssonar. Þar byrjaði ég að vinna árið 2006 með Valgeiri og öllu frábæra fólkinu hjá Bedroom Community og ég hef í kjölfarið reynt að koma til Íslands eins oft og ég mögulega get.

Hvenær varstu hamingjusamastur? Ég verð vonandi hamingjusamastur einhvern tímann í náinni framtíð.

Hvar býrð þú núna? Ég er heimilislaus! Nei, kannski að mér sé betur lýst sem farandsöngvara. Ég er eiginlega alltaf á hljómleikaferðalagi en mér líður alltaf mest eins og heima hjá mér í New Yorkborg.

Hver er uppáhaldsflíkin í fataskápnum þínum og af hverju? Það er græn skyrta og á henni stóð eitt sinn „ Donnely Threshing Bee“ en stafirnir hurfu í þvotti. Vinur minn Mike gaf mér hana þegar ég var fjórtán ára og ég fer með hana hvert sem ég fer. Mike reyndi að verða ríkisstjóri í Minnesota á tíunda áratugnum og til þess að auglýsa sjálfan sig reið hann á hestbaki yfir allt ríkið. Hann tapaði.

Hvenær byrjaðir þú að semja tónlist? Ég hef aldrei í rauninni samið lag, en tek gömul þjóðlög og endurskrifa þau. Ég byrjaði á því fyrir um fjórum árum en ég hef spilað tónlist alla ævi. Ég á kassettur af sjálfum mér að syngja þegar ég var tveggja og hálfs árs og ég byrjaði að læra á fiðlu þegar ég var þriggja ára.

Hvernig tónlist hefur mest áhrif á þig og hvað er uppáhaldslagið á ipodinum þínum þessa stundina? Ég er ekki viss um áhrifavaldana mína, sennilega fullt af dóti sem mér finnst ekki einu sinni skemmtilegt. En uppáhaldslagið mitt á ipodinum mínum er „You“ af nýju plötu Q-Tip. Ég er líka með allt sem ég finn með Theolonius Monk á playlista og reyni að hlusta á hann eins oft og ég get.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Nei, ég bý yfir ofurmannlegum krafti og get sofið hvar sem er, hvenær sem er, í mjög langan tíma.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndir þú fara og hvers vegna? Ég myndi fara til New York-borgar árið 1957 til þess að heyra Theolonius Monk spila á Five Spot-klúbbnum.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Kvikmyndir eftir Wes Anderson.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Kvikmyndaleikstjórans Takeshi Kitano. Eða The RZA frá Wu Tang Clan.

En hvaða núlifandi manneskju þolir þú ekki? Sennilega Dick Cheney.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna líf þitt? Að láta gera við gula kajakinn minn svo að ég gæti farið út á haf og ferðast um heiminn ásamt ímynduðum vini mínum sem væri selur.

Hvaða frasa ofnotar þú? „It's all good“, hræðilegur frasi. Þetta er ekki einu sinni satt.

Hvað er uppáhaldsorðið þitt á íslensku? Mér finnst gaman að segja „Hvað segirðu“.

Eru fleiri tónleikar skipulagðir í Reykjavík á næstunni? Ekki sem ég veit um en ég skal leyfa ykkur að fylgjast með!

Hvaða lag vilt þú að sé spilað í jarðarförinni þinni? „When you know why you are happy“ eftir Mary Margaret O'Hara.

Blómaval
um land allt!

25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í
TENGSLUM VIÐ FERMINGUNA
m.a.: merktar sálmabækur, áprentun á servíettur, skrautskrifuð kerti, blómaskreytingar, gestabækur, hanskar, hárskraut og margt fleira.

Ath!
Áprentun á servíettur
er á sama verði og í fyrra.

Ferming
TILBOÐSHELGI Í BLÓMAVALI

Prímúla
199

Friðarlilja
999

Blóma-
pottur
(lítill)
299

Ástareldur
499

Munið eftir
lukkuleiknum
í heimsenda
fermingarpóstinum!

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

MICHEL DE MONTAIGNE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1533

„Þeir sem óttast þjáningu þjást þegar sökum óttans.“

Franski heimspekingurinn Michel De Montaigne var einn af áhrifamestu rithöfundum Frakklands á 16. öld. Hann er hvað þekktastur fyrir að hafa fundið upp ritgerðarformið.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. FEBRÚAR 1953

Watson og Crick leystu gátuna um byggingu DNA-sameindarinnar



Þennan dag árið 1953 tilkynntu þeir James D. Watson og Francis Crick að þeir hefðu leyst gátuna um byggingu DNA-sameindarinnar.

Uppgötvunina byggðu þeir að stórum hluta á athugunum Rosalind Franklin sem bentu til þess að DNA-sameindin væri gormlaga. Fyrir uppgötvun sína fengu þeir félagar Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1962. DNA er erfðaefni allra lífvera. DNA-sameindir litninganna skiptast í starfseiningar sem eru kallaðar gen. Þær eftirmyndast með mikilli nákvæmni í hverri frumukynslóð þannig að hver afkvæmisfruma fær nákvæmlega eins DNA, það er að segja sams konar gen og foreldrisfruman. Arfgengar breytingar á erfðaefninu eru nefndar stökkbreytingar.

DNA (deoxyribonucleic acid) hefur á íslensku verið kallað DKS sem stendur fyrir deoxýríbóasakjarnsýra.

MERKISATBURÐIR

1794 Kristjánsborgarhöll brennur í fyrsta sinn.

1913 Fyrsti íslenski hárgreiðslumeistarinn, Kristólína Kragh, opnar stofu í Reykjavík.

1974 Þjóðleikhúsið frumsýnir leikritið Kertalog eftir Jökul Jakobsson.

1989 Landslið Íslands í handknattleik sigrar heimsmeistarakeppni B-liða í París. Kristján Arason skorar sitt þúsundasta mark í landsleik.

1993 Bílasprengja springur undir World Trade Center í New York-borg.

1994 Magnús Scheving verður Evrópumeistari í þolfimi.

AFMÆLI

Edda Jónsdóttir, eigandi gallerísins i8, er 67 ára.

Guðrún Halldórsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Námsflokka Reykjavíkur, er 74 ára.

María Baldursdóttir söngkona er 62 ára í dag.

MIKILVÆGU STARFI HALDIÐ Á LOFTI Edda segir markmið dagsins að vekja athygli á því göfuga starfi sem fer fram í tónlistarskólum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði ásamt Hilmari Erni Hilmarssyni allsherjargoða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fræðsla um siðfestuathöfn

Ásatrúarfélagið stendur fyrir fræðsludegi um siðfestuathafnir í dag í húsnæði Ásatrúarfélagsins í Síðumúla. Þar mun Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði segja gestum og gangandi frá því hvað felst í siðfestuathöfn.

„Siðfestuathöfnum er helst hægt að líkja við fermingar í kristni en munurinn er þó nokkur,“ segir Jóhanna en helsti munurinn á siðfestuathöfn og fermingu er sá að aðeins einn tekur þátt í siðfestuathöfn meðan fleiri eru fermdir í einu. „Þetta er persónuleg athöfn fyrir hvern og einn,“ segir Jóhanna en áður en athöfnin fer fram er fræðsla um heiðinn sið, Hávamál og Völuspá.

Siðfestuathafnir Ásatrúarfélagsins fara mest fram á vorin og sumrin og segir Jóhanna þó nokkurn hóp taka þátt í slíkri athöfn á hverju ári, bæði unglinga og fullorðna.

Opið hús verður í húsnæði Ásatrúarfélagsins að Síðumúla 15 frá 14 til 16 í dag. Þar verður heitt á könnunni og allir velkomnir sem vilja fræðast um ásatrú og siðfestuathafnir.

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Útfararþjónusta

Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðþjófsson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA: HALDINN HÁTÍÐLEGUR VÍTT OG BREITT

Sjónum beint að blómlegu tónlistarstarfi um land allt

Dagur tónlistarskólanna er haldinn hátíðlegur um land allt í dag. Dagskráin er fjölbreytt og er skólunum í sjálfsvald sett upp á hverju þeir brydda. Samleikstónleikar, samsöngur, skólatónleikar og hljóðfærakynningar verða á hverju strái og er fólk hvatt til að kynna sér framboðið í sínu næsta nágrenni.

Edda Borg, formaður Samtaka tónlistarskólastjóra, segir dag tónlistarskólanna hafa verið haldinn í yfir tvo áratugi. „Markmiðið er að vekja athygli almennings og stjórnvalda á því göfuga starfi sem fer fram í tónlistarskólum landsins. Það er allur gangur á því hvernig skólarnir halda upp á daginn og hafa margir til að mynda verið með opna viku í aðdraganda hans og aðrir ætla að gera slíkt hið sama í komandi viku. Þá verður mikið um tónleika og hljóðfærakynningar en nú fer sá tími í hönd þegar forskólanemar velja sér það hljóðfæri sem þeir vilja læra á næsta vetur,“ segir Edda. „Hljóðfærakynningarnar eru til þess fallnar að hjálpa þeim að taka sjálfstæðar ákvaðanir.“

Edda á von á því að sjónum verði sérstaklega beint að tónlistarnámi í ár en Samtök tónlistarskólastjóra eru 40 ára á árinu. „Ný stjórn var kjörin á síðasta ári og nú er búið að skipa í afmælisnefnd,“ segir hún og brosir. Edda á einnig von á því að aukið samstarf verði framvegis á milli tónlistarskóla. „Við stöndum frammi fyrir niðurskurði sem gerir það að verkum að við þurfum að taka höndum saman og skoða aukið samstarf þar sem því verður komið við,“ segir hún og nefnir sameiginlegar aukagreinar og samspilshópa sem dæmi.

Edda stendur sjálf á tímamótum en tónlistarskóli hennar, Tónskóli Eddu Borg, er tuttugu ára. Við byrjðum árið 1989 og stefnum að því að bjóða upp á þétta tónleikadagskrá í haust. Þá er einnig hugmyndin að hóa saman gömlum nemendum og aðstandendum þeirra,“ segir Edda sem má til með að skjóta því að að einmitt í vetur gerðist það í fyrsta skipti að afkomandi nemanda hóf nám við skólann. „Það er óneitanlega gaman fyrir mig að sjá þessa þróun. Eins er ánægjulegt að fylgjast með nemendum ná árangri á tónlistarsviðinu en við eigum tölurvert í hljómsveitum eins og Hjaltalín og Sokkabandinu,“ segir hún stolt.

Tónskóli Eddu Borg mun flytja í stærra húsnæði á árinu sem býður upp á nýja möguleika. „Við færum okkur úr Hómaseli yfir í Kleifarsel og getum þar af leiðandi verið í enn betra samstarfi við Seljaskóla en tónlistarkennslan fer að hluta til fram innan veggja hans.“

vera@frettabladid.is

Aðstandendur fræðast um MS

Sverrir Bergmann, taugalæknir og sérstakur taugasérfræðingur MS-félagsins, situr fyrir svörum á aðstandendafundi, sem haldinn verður í dag, 28. febrúar, klukkan 13.30 í húsakynnum MS-félagsins að Sléttuvegi 5. Vegna efnahagshrunsins hérlendis eru tímamót í heilbrigðisþjónustu MS-sjúklinga og mikil óvissa ríkir um framhald meðferðar með Tysabri, besta MS-lyfinu.

Sverrir gerir grein fyrir árangri af Tysabri-lyfjagjöf á Íslandi eftir eins árs reynslu. Samkvæmt lauslegri athugun hafa lífsgæði þeirra MS-sjúklinga sem hafa fengið Tysabri batnað stórlega og í mörgum tilvikum farið langt fram úr vonum. Dæmi eru um að sjúklingum hafi farið svo verulega fram að þeir hafi lagt hækjur á hilluna eða hætt að nota hjólastóla.

Sverrir Bergmann situr fyrir svörum á aðstandendafundi MS-félagsins í dag.

Á aðstandendafundinum verður kynnt starfsemi MS-félagsins og endu rhæfingarmiðstöðvarinnar og sitja forsvarsmenn félagsins og endurhæfingarinnar fyrir svörum.

Mjög ánægður með útkomuna

ORG - ættfræðiþjónustan ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í ættrakningum og söfnun ættfræðigagna sem alla Íslendinga varðar og þar með eru talin gögn um Vestur-Íslendinga. Fyrirtækið fagnar nú tíu ára afmæli, en 685.685 Íslendingar eru skráðir í grunninn í dag þegar afmælið ber upp.

ORG er hugarsmíði Odds Helgasonar, fyrrverandi sjómanns, sem er framkvæmdastjóri og aðaleigandi ættfræðiþjónustunnar. Hann hefur á síðustu fjórtán árum haft veg og vanda af upplýsingasöfnun og segist vera ánægður með útkomuna. „Ég hef fengið þjóðina til að vinna þetta með mér, en til þess þurfti ég að vinna traust hennar og trúnað. Eitthvað sem virðist ábótavant í dag.“

Draumur Odds er að stofnuð verði sérstök ættar- og þjóðfræðimiðstöð Íslands, sem yrði sjálfseignarstofnun og þar af leiðandi eign þjóðarinnar. „Svo vildi ég sjá stofnun sambands sögu, fræða og átthagafélaga um allt land og Íslendingafélög um heim allan. Þetta byggist auðvitað á samvinnu allra aðila, bæði safna og fólksins í landinu.“

Oddur Helgason er mikill áhugamaður um ættfræði og hefur á síðustu árum fengið útrás fyrir áhugamálið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Listamenn lögðu góðu málefni lið

Samtökin Caritas á Íslandi afhentu á dögunum ADHD-samtökunum rúmlega 500.000 krónur sem er ágóði af síðustu aðventutónleikum í Kristskirkju við Landakot.

Sigríður Ingvarsdóttir, formaður Caritas á Íslandi, segir að margir af helstu listamönnum þjóðarinnar hafi lagt þessu góða málefni lið. Án listamannanna hefði þetta ekki verið mögulegt. „Árlegir tónleikar Caritas eru eitt ánægjulegasta verkefnið sem ég tek þátt í og þeir marka upphaf aðventunnar hjá mörgum og fjölmargir gestir koma ár eftir ár á þessa tónleika, njóta fagurra lista og leggja góðu málefni lið í leiðinni. Ég vil þakka öllum þessum tónlistarmönnum sem lögðu gjörva hönd á söfnunina í heild.“

Þetta er í fjórða sinn sem Caritas styrkir samtökin með þessum hætti, en Caritas hefur haldið styrktartónleika í Kristskirkju Landakoti frá 1994.

Frá vinstri Gyða Magnúsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, formaður Caritas, séra Patrik frá kaþólsku kirkjunni og Ingibjörg Karlsdóttir, formaður ADHD-samtakanna.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór B. Stefánsson

Lautasmára 3, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, miðvikudaginn 25. febrúar.

Hallgerður Pálsdóttir

Ólafur Halldórsson — **Auður Sigurðardóttir**
Páll Halldórsson — **Sólveig Ásgrímsdóttir**
Ásta Halldórsdóttir — **Einar Erlendsson**
Elín Ýrr Halldórsdóttir — **Kristján M. Baldursson**
Ólöf Eir Halldórsdóttir — **Jenni Guðjón Clausen**

barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar og tengdaföður,

Óskars Jensens

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í Hjúkrunarheimilisins að Vífilstöðum.

Aðalheiður óskarsdóttir
Gústaf Óskarsson — **Kristbjörg Markúsdóttir,**
Málfríður Óskarsdóttir
Anna Júlía Óskarsdóttir
Ómar Óskarsson — **Ólafía Sigurgarðsdóttir**

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Jón Steinþórsson

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, fimmtudaginn 26. febrúar.

Steinþór Stefánsson — **Hildur Pétursdóttir**
Friðberg Stefánsson — **Áslaug Birna Ólafsdóttir**
barnabörn og langafabarn.

---

†

Okkar elskulegur faðir,

Róbert F. Gestsson

málari, Ásvallagötu 63, Reykjavík,

lést á líknardeildinni á Landakoti aðfaranótt miðvikudagsins 25. febrúar.
Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Ingveldur, Guðný og Kristín Róbertsdætur

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Jóhannsdóttir

áður til heimilis Álfaskeiði 64,

sem lést á Sólvangi 23. febrúar sl., verður jarðsett frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 3. mars kl. 13.00.

Ingi J. Marinósson
Erla Eiríksdóttir — **Sigurður Hallgrímsson**
Eiríkur Sigurðsson — **Elva Guðmundsdóttir**
Guðríður S. Weiss — **Manfred Weiss**
Ólöf Sigurðardóttir — **Már Sigurðsson**
og barnabörn.

---

†

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar og amma,

Jónína Ósk Jónsdóttir

lést miðvikudaginn 25. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 6. mars kl. 15.00.

Guðjón Rögnvaldsson
Ingibjörg Jónsdóttir
Kristín Bj. Óskarsdóttir — **Jóhann Gísli Hermannson**
Dagbjört Ósk Óskarsdóttir — **Rögnvaldur Jónsson**
Arnar Þór Óskarson — **Hólmfríður L. Stefánsdóttir**
Helena Rós Hafsteinsdóttir — **Þorleifur Reynisson**
ömmubörn og langömmubarn.

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, dóttur og systur,

Huldu Lilju Ívarsdóttur

Jörfagrund 20, Kjalarnesi.

Kristinn Guðmundsson
Brynja Rut Kristinsdóttir — **Ívar Orri Kristinsson**
Sigrún Kjærnested — **Ívar Magnússon**
Lárus K. Ívarsson — **Einar Ívarsson**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

frá Hrauni, Tálknafirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi fimmtudaginn 26. febrúar. Útförin auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug í veikindum, við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Sigurðar Einarssonar

frá Hvalnesi í Lóni,
Ásvallagötu 17, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Guðný Egilsdóttir
dætur, tengdasynir
og barnabörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ósk Ingibjörg Eiríksdóttir

Hamraborg 18, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 2. mars kl.13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi í síma 543 1159.

Unnur Hjartardóttir — **Jón Bjarni Bjarnason**
Þorvaldur P. Böðvarsson — **Jenný Jóna Sveinsdóttir**
Böðvar Már Böðvarsson — **Shirly Moralde**
Bergþór Grétar Böðvarsson
ömmubörn og langömmubörn.

AFNEMUM VSK AF ÖLLUM BARNAPEYSUM

BARNAHELGI Í

2.690 *(fullt verð 3.290)*

NIKE KID BEANIE

Tvöföld barnahúfa, flís eða prjónuð.
Litir: Svört/grá, ljósbleik/dökkbleik.

PUMA 3 PIECE STORY SET

Barnasett úr bómull. Rennd hettupeysa, bolur og buxur. Litir: Bleikur, blár. Stærðir: 62-104.

PUMA BARNASETT 3 STK

6.690

(fullt verð 9.990)

2.990 *(fullt verð 4.290)*

NIKE CUFF FLEECE PANT

Barnabuxur úr bómull. Litur: Bláar.
Stærðir: 98-128.

4.990 *(fullt verð 6.990)*

NIKE BTS BIG LOGO HOOD

Hettupeysa úr bómull. Litur: Blá.
Stærðir: 98-128.

4.490 *(fullt verð 5.990)*

NIKE DOWNSHIFTER S/O

Íþróttaskór með teygjureimum. Litur: Hvítir.
Stærðir: 28-35.

PÓSTVERSLUN – SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

3 VERSLANIR – SAMA LÁGA VERÐIÐ

INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLLINNI ***SÍMI 585 7220*** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
INTERSPORT SMÁRALIND ***SÍMI 585 7240*** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
INTERSPORT LINDIR ***SÍMI 585 7260*** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18

SKRÁÐU ÞIG Í CLUB INTERSPORT OG FÁÐU FLEIRI TILBOÐ

CLUB INTERSPORT

INTERSPORT

NIKE POLYWARP WARMUP
Barnagalli úr polyester. Litur: Svartur.
Stærðir: 128-170.

NIKE BARNAGALLI
6.990
(fullt verð 8.490)

2.490
NIKE 70´S POP TEE
Barnabolur úr bómull. Litur: Svartur.
Stærðir: 128-170.

4.490 *(fullt verð 5.990)*
NIKE WOVEN PANT
Íþróttabuxur á börn. Litir: Svartar, bláar.
Stærðir: 128-158.

6.990 *(fullt verð 7.990)*
ADIDAS SUPERSTAR II K
Slitsterkir götuskór á börn. Litir: Hvítir, svartir. Stærðir: 28-38,5.

7.990 *(fullt verð 9.990)*
NIKE COURT TRADITION V 2
Götuskór með riflásum á börn. Litur: Svartir. Stærðir: 35,5-38,5.

9.990 *(fullt verð 11.990)*
NIKE DOWN JACKET
Barnadúnúlpa. Litur: Svört.
Stærðir: 128-170.

INTERSPORT

ftr.

Framboð í trúnaðarstöður

Í samræmi við 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði auglýsir félagið hér framboðsfrest til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til mánudagsins 13. apríl kl. 12 á hádegi.

Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR, Stórhöfða 31, 110 Rekjavík

Reykjavík 20. febrúar 2009

Stjórn FTR

ftr.is

PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
www.fip.is

félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu

Rannsóknar-styrkur

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða auglýsir hér með eftir umsóknum um rannsóknarstyrk til verkefna sem tengjast og hafa áhrif á þróun íslenska lífeyriskerfisins. Styrkurinn nemur 1.200.000 króna. Úthlutun styrksins fer fram á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða, sem haldinn verður 14. maí nk.

Umsóknum skal fylgja:

- Greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess.
- Tímaáætlun, sem gerir grein fyrir framvindu verkefnisins.
- Fjárhagsáætlun verkefnisins og framlag samstarfsaðila.

Ekki verður veittur styrkur til verkefna sem þegar er lokið. Þegar fyrir liggur ákvörðun um hver eða hverjir fá styrk verður gerður sérstakur samningur um rannsóknarverkefnið, þar sem fram kemur m.a. lýsing á markmiðum og fyrirhugaðri framkvæmd og hvernig greiðslum verður háttað.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Landssamtaka lífeyrissjóða, Sætúni 1, Reykjavík. Ennfremur má nálgast umsóknareyðublöð á veffanginu *www.ll.is.*

Umsóknir þurfa að berast Landssamtökum lífeyrissjóða fyrir 24. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Allar nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, Hrafn Magnússon, í síma 563 6450 eða á netfanginu *ll@ll.is.*

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

NOKKUR ORÐ

Ragnheiður Tryggvadóttir

Blóm en engar blúndur á konudag

Eftir að þvottadrengurinn stal sennunni á bóndadaginn með framúrskarandi eldamennsku og uppvaski á eftir, kveið ég konudeginum. Var hrædd um að ég yrði krafin um kvöldverð en það er alls ekki mín sterka hlið. Kvíði minn reyndist þó óþarfur þegar dagurinn rann upp því þvottadrengurinn stóð sína plikt. Hefur sjálfsagt ekki viljað hleypa mér í eldhúsið hvort sem var. Hann þekkir þennan hæfileikaskort minn og hefur ekki viljað hætta á hlaupsoðið spagettí í matinn. Þegar fólk er farið að þekkja hvort annað þetta vel hlýtur það að þýða að sambandið sé komið í sæmilegar skorður. Ef þú veist hvað gleður makann mest, hver uppáhaldsmaturinn hans er og hvar takmarkanir hans liggja ætti ástandið að vera sæmilegt á heimilinu. Gott er að læra strax við hverju þarf ekki að búast þegar kemur að rómantískum málum. Drengurinn veit að ég kann ekki að elda og sjálf hætti ég fyrir mörgum árum að búast við því að hann gæfi mér klassískar konudagsgjafir eins og nærföt. Eins hefur hann ekki lagt í vana sinn að gefa mér blóm því í hjarta sínu er hann hálfgerður nirfill og finnst illa farið með þá aura sem fara í afskorin blóm og blúndur. En þegar ég hélt að ég vissi hvar ég hefði drenginn brá hann út af vananum. Á konudaginn góða kom hann mér nefnilega á óvart með því að færa mér búnt af appelsínugulum túlípönum. Og eins og það væri ekki nóg dró hann líka upp pakka sem innihélt þessar fínu naríur. En það má samt sjálfsagt líta á það sem merki um þann þroska sem hjónaband okkar hefur náð, að nærhöldin voru úr þéttri bómull og náðu mér upp að nafla.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Kristrún

Heba

Sigrún

Davíð

Edda

Tinna

Kristján

SLIPPURINN

HÁRGREIÐSLUSTOFAN SLIPPURINN TRYGGVAGÖTU 16 S: 511 6660

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Sun 1/3 kl. 14:00 U	Sun 22/3 kl. 14:00 U	Lau 18/4 kl. 17:00 U
Sun 1/3 kl. 17:00 U	Sun 22/3 kl. 17:00 U	Sun 19/4 kl. 14:00 U
Lau 7/3 kl. 14:00 U	Lau 28/3 kl. 14:00 U	Sun 19/4 kl. 17:00 U
Lau 7/3 kl. 17:00 U	Lau 28/3 kl. 17:00 U	Lau 25/4 kl. 14:00 U
Sun 8/3 kl. 14:00 U	Sun 29/3 kl. 14:00 U	Lau 25/4 kl. 17:00 U
Sun 8/3 kl. 17:00 U	Sun 29/3 kl. 17:00 U	Sun 26/4 kl. 14:00 U
Lau 14/3 kl. 14:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 26/4 kl. 17:00 U
Sun 15/3 kl. 14:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 3/5 kl. 14:00 U
Sun 15/3 kl. 17:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U	Sun 3/5 kl. 17:00 U
Lau 21/3 kl. 14:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U	Þri 5/5 kl. 18:00 U
Lau 21/3 kl. 17:00 U	Lau 18/4 kl. 14:00 U	Sun 10/5 kl. 14:00 U

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is

Hart í bak (Stóra sviðið)

Fim 3/3 kl. 20:00 Ö	Lau 14/3 kl. 20:00 aukas. U	Mið 25/3 kl. 20:00 aukas.
Fös 6/3 kl. 20:00 U	Mið18/3 kl. 20:00 U	

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fös 13/3 kl. 20:00 frums. U	Fim 26/3 kl. 20:00	Fös 3/4 kl. 20:00
Fim 19/3 kl. 20:00	Fös 27/3 kl. 20:00	Fim 16/4 kl. 20:00
Fös 20/3 kl. 20:00	Fim 2/4 kl. 20:00	

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2 kl. 13:00 U	Lau 14/3 kl. 13:00 Ö	Lau 21/3 kl 14:30
Lau 7/3 kl. 13:00 U	Lau 14/3 kl 14.30	Lau 28/3 kl. 13:00 U
Lau 7/3 kl 14:30	Lau 21/3 kl. 13:00	Lau 28/3 kl 14:30

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Mán 16/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fim 19/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fim 26/3 kl. 21:00
Þri 17/3 kl. 20:00 fors. Ö	Fös 20/4 kl 21:00 frums. U	Fös 27/3 kl. 21:00

Sigurbjörns minnst

Á morgun er heimsdagur æskunnar og þá verður margskipt dagskrá í Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélags kirkjunnar sem helguð er minningu Sigurbjörns Einarssonar, fyrrum biskups. Hefst dagskráin kl. 11 með messu og barnastarfi. Drengjakór Reykjavíkur syngur undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar. Eftir messuna kl. 14 er dagskrá í minningu Sigurbjörns en hann þjónaði í sókninni á sínum tíma. Hamrahlíðarkórinn flytur verk eftir feðginin Þorkel Sigurbjörnsson og Misti, auk sálma Sigurbjörns undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.

Guðný Einarsdóttir leikur uppáhaldsverk afa síns, Passacaglia eftir Bach. Myndlistarsýning Hörpu Árnadóttur verður opnuð kl. 15. Skömmu síðar, kl. 15.30, verður flutt leikgerð Jóns Hjartarsonar leikara eftir barnabók Sigurbjörns. Með honum annast flutninginn Bernharður Guðmundsson og ungir leikarar. **- pbb**

MENNING Sýningarskáli Íslands á Heimssýningunni fyrir fjórum árum.

Expo í Sjanghæ

Undirbúningur er nú hafinn fyrir þátttöku Íslands í heimssýningunni sem haldinn verður í Sjanghæ að ári. Upphaflega var áætlað að lagt yrði í fjárfestingu í sýningaraðstöðu og rekstri skála þar eystra fyrir 600 milljónir og þótti mörgum nóg um. Nú hefur fjármagn til íslenska skálans verið skorið niður í 210 milljónir og er áætlað að ríki leggi fram 140 milljónir. Auglýst var eftir hugmyndum að skálanum og voru framlagðar hugmyndir nær hundrað. Nokkrum aðilum var gefinn kostur á frekari kynningu fyrir fulltrúaráði opinberra aðila og útflutningsráðs og á endanum var tillaga Plús arkitekta og Saga film valin.

MENNING Páll Hjalti Hjaltason, sýningarstjóri íslenska skálans á næsta ári.

Þema sýningarinnar er borgarsamfélagið, undir einkunnarorðunum „Betri borg, betra líf“. Markmiðið með þátttöku Íslands er að vekja athygli á íslenskri orku og orkunýtingu, mannauði og menningu. Jafnhliða verður leitast við að skapa íslenskum fyrirtækjum viðskiptatækifæri. Þema Íslands er „Pure energy, healthy living“.

Heimssýningin er haldin á fimm ára fresti með þátttöku flestra ríkja heims og að þessu sinni er gert ráð fyrir að um 400.000 manns sæki sýninguna daglega. Expo 2010 er frá maí til október 2010. Þátttaka Íslands er samstarfsverkefni fyrirtækja og hins opinbera. Verkefnið mun lúta framkvæmdastjórn undir forystu Péturs Ásgeirssonar, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu, skipaðri fulltrúum ráðuneytisins, Útflutningsráðs og Framkvæmdasýslu ríkisins. Framkvæmdastjórnin hefur samráðshóp sér til fulltingis sem í sitja fulltrúar stjórnvalda, fyrirtækja og hagsmunaaðila. Hreini Pálssyni, sendiráðsritara í utanríkisráðuneytinu, hefur verið falið starf framkvæmdastjóra verkefnisins. Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Peking, verður tengiliður íslenskra stjórnvalda gagnvart kínverskum skipuleggjendum. Þátttakendur á sýningunni eru nú orðnir 231 talsins, þar af 185 þjóðir.

Af hálfu umsjónaraðila er Páll Hjalti Hjaltason arkitekt sýningarstjóri en með honum starfa Finnbogi Pétursson myndlistarmaður, Ámundi Ámundason hönnuður, Steinunn Sigurðardóttir hönnuður og Magnús Viðar Sigurðsson framleiðandi.

Páll segir áherslu lagða á einfaldleika: við niðurskurð hafi umráðafé hönnuða verið skorið úr 600 milljónum í 200 og af því fari um 100 milljónir í rekstur skálans. Hann verði klæddur að utan með segldúk sem Ámundi Ámundason hanni og að innan verði myndbandsverk á lofti og gólfi. Páll segir þrengri fjárhagsramma hafa neytt menn til að hugsa á einfaldari nótum og hann telji það hafa verið til góðs í pælingum um sýningarútlitið.

Á vefnum Chinatoday halda kínverskir því fram að þátttaka Íslands í World Expo-sýningunni í Sjanghæ á næsta ári muni létta undir með þjóðinni að vinna sig út úr núverandi efnahagsörðugleikum. **pbb@frettabladid.is**

Bókamarkaður hefst

Í dag hefst hinn sígildi og árlegi bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda í Perlunni þar sem hann hefur verið haldinn nokkur undanfarin ár.

Bókamarkaðurinn hefur verið við lýði næstum samfleytt frá því í lok sjötta áratugar síðustu aldar og táknmynd hans, glaðbeitti bókakarlinn, er greypt í huga íslensks almennings. Bókamarkaðurinn er besta tækifæri sem völ er á til að sjá á einum stað það sem til er af bókum á íslensku, en í boði eru yfir 10.000 titlar í plastinu. Að auki eru í boði 10.000 titlar sem seldir eru af fornbókasölum en sú nýbreytni hefur verið í boði í fá ár. Úrval nýlegra bóka sem komið hafa út á síðustu mánuðum og misserum hefur einnig aukist til muna og eru þær allar seldar með að minnsta kosti 50% afslætti. Bókamarkaðurinn stendur til sunnudagsins 15. mars og er opinn daglega frá 10 til 18. **- pbb**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 28. febrúar 2009

Tónleikar

14.00 Nemendur úr Tónlistarskólanum í Reykjavík verða með tónleika í **Norræna húsinu** við Sturlugötu þar sem leikin verða verk eftir Haydn og Mozart. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

17.00 **Ágúst Ólafsson barítón** heldur ljóðasöngstónleika þar sem hann flytur verk eftir Schubert, Tsjajkovskíj o.fl. í Kirkjuhvoli (safnaðarheimili Vídalínskirkju) við Kirkjulund í **Garðarbæ**.

Leiklist

Bergþór Morthens hefur opnað sýningu á verkum sínum í Lost Horse Gallery við Skólastræti 1. Opið föst.-sun. kl. 13-19.

Dans

20.00 Dansverkið **Salka Valka** eftir Auði Bjarnadóttur við tónlist **Úlfars Inga Haraldssonar** verður flutt í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu 50, Hafnarfirði.

Síðustu Forvöð

16.00 Sýningu Þuríðar Sigurðardóttur **„Á milli laga"** á listasafni ASÍ, lýkur sunnudaginn 1. mars. Í tilefni af því mun Kammerkór Suðurlands vera með tónleika í dag kl. 16.00. **Listasafni ASÍ**, Freyjugötu 41.

Opnanir

16.00 Sýning sex nemenda **Listaháskóla Íslands** auk tveggja nemenda frá Listaháskólanum Valand í Gautaborg, verður opnuð í Skaftfelli, miðstöð myndlistar við Austurveg á Seyðisfirði.

17.00 Sýning á verkinu **„The Last Silent Movie"** eftir myndlistakonuna Susan Hiller verður opnuð í sýningarýminu 101 Projects við Hverfisgötu 18a. Opið mið.-lau. kl. 14-17.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 01. mars 2009

Kvikmyndir

Mótorhjóladagbækur, leikin mynd um vélhjólaferð **Che Guevara** og vinar hans um Suður Ameríku á sjötta áratug síðustu aldar, verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. **Aðgangur ókeypis.**

Börn

14.00 Listasmiðja fyrir börn og foreldra í Hafnaborg í tengslum við sýningu Helga Gíslasonar **„Verund"** milli kl. 14 og 16. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 11-17, fimmtudaga til kl. 21. Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði.

Listamannsspjall

13.00 **Steingrímur Eyfjörð** verður með leiðsögn um sýningu sína „Teikningar & skissur" milli kl. 13 og 15 í Gallerí Agúst við Baldursgötu 12. Opið mið.-lau. kl. 12-17 og eftir samkomulagi.

15.00 Pétur Már Gunnarsson fjallar um innsetningu sýna **„Mæri"** í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Opið alla daga kl. 10-17, fimmtudaga til kl. 22.

Ópera

20.00 Sýningin Óperuperlur þar sem nokkrar af vinsælustu óperuaríum tónlistarsögunnar eru fluttar og færðar í leikrænan búning, verður sýnd í **Íslensku óperunni** við Ingólfsstræti. Fram koma Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigríður Aðalsteinsdóttir, Ágúst Ólafsson og Bjarni Thor Kristinsson.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

SÓFAVEISLA

20%-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM
SÍÐASTI DAGUR Í DAG!

Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

HÚSGAGNAHÖLLIN

ENN BETRI REYKJAVÍK

Reykjavíkurborg leitar að kraftmiklum samstarfsaðilum á sviði forvarna, lýðheilsu og fegrunar í hverfum borgarinnar

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar.
Markmið sjóðsins er að styrkja forvarnarstarf, efla félagsauð, auka öryggi og bæta umgengni.

Sérstök áhersla verður lögð á skapandi og uppbyggileg verkefni fyrir börn og unglinga.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2009.
Umsóknum er hægt að skila á netfangið ennbetri@reykjavik.is eða í Ráðhús Reykjavíkur merkt „Enn betri Reykjavík".

Við lýsum eftir nýstárlegum hugmyndum að verkefnum frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða stofnunum. Margvísleg verkefni koma til greina en þau verða að fela í sér minnst eitt af eftirfarandi:

- **Forvarnir í þágu barna og ungmenna**
- **Eflingu lýðheilsu**
- **Aukið öryggi íbúa**
- **Fegurri ásýnd hverfis**
- **Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana í þágu forvarna og félagsauðs**

Verkefnin skulu unnin í samstarfi við þjónustumiðstöðvar í hverfum og/eða fagsvið borgarinnar. Upplýsingar um úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/ennbetri

Frekari upplýsingar veita Regína Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri borgarstjóra í síma 411 4500, regina.asvaldsdottir@reykjavik.is og Hans Orri Kristjánsson verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjóra í síma 411 4506, hans.orri.kristjansson@reykjavik.is

Reykjavíkurborg

umsóknarblað má finna á landsbankinn.is

NÁMSSTYRKIR

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
- 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr.
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
- 3 styrkir til listnáms, 350.000 kr.

SÆKTU UM FYRIR: 30. MARS 2009

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM36760

BETRA VERÐ
27. FEB
- 1. MARS

ÓDÝRT

Borasett og tappar
300 stk
5027502

Rúllusett
Ruffex 25 sm.
7010093

10 ltr

Jotaplast
Gæða plastmálning á veggi og loft, gljástig 7, beinhvít
7119800

Verkfærataska
Curver, 12,5", 320 x 180 x 140 mm
5024797

Handbrúsa Diamo
Tenrid, 5 stillingar
8016002

Tangasett
3 stk
5052762

STÓR
verðlækkun
á völdum ljósum

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Tilboð gilda föstudag til sunnudags meðan birgðir endast.

Í HÚSASMIÐJUNNI
UM HELGINA

Lyklakippa m/ laserbendli
5006290

Kaffi Garður

Píta m/buffi 190 kr
allan daginn

Baunasúpa 190 kr
11:30 - 14:30

Í Skútuvogi

B-VÖRUDAGAR
Skútuvogi, Akureyri og Egilsstöðum

ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF ÍSSKÁPUM OG FRYSTISKÁPUM

LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐIR OG SÝNINGARVÖRUR

RUGL VERÐ
GERÐU FRÁBÆR KAUP

verð frá **79.990**

Electrolux

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

>TONN AF FÖTUM

Leikhópurinn **„Ég og vinir mínir“** er að safna tonni af fötum fyrir leiksýninguna Húmanímal í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Hópurinn hvetur fólk til þess að gefa gömlu fötunum sínum nýtt líf sem búningum eða leikmynd. Tekið verður á móti fötum í Hagaskóla og Hafnarfjarðarleikhúsinu laugardaginn 28. febrúar frá 12-16.

stíll

utlit@frettabladid.is

OKKUR LANGAR Í ...

Dásamlegan fjaðrakraga frá Einveru, Laugavegi sem poppar upp hvaða flík sem er.

Fallega drapplita peysu með svartri slaufu frá Einveru, Laugavegi.

hvítan augnblýant frá Lancôme, sem gerir augun stærri og fallegri.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Dahling, dahling!

Það er engin furða að tískuheimurinn hafi það orðspor á sér að vera yfirborðs- og froðukenndur. Í fjölmiðlum sjáum við þetta iðulega, sérstaklega þegar við fáum að kíkja baksviðs á tískuvikurnar og sjáum fólk kyssa andrúmsloftið á báðar kinnar og æpa „Dahling“ „Dahling“ alveg eins og hinar snilldarlegu Edie og Patsy í Absolutely Fabulous. Þessir bresku sjónvarpsþættir náðu reyndar ýmsu réttu um tískubransann.

Önnur vinkvennanna, Patsy, var í sífelldum vandræðum með aukakílóin, hafði fylgt öllum tískubylgjum frá jóga og hassreykingum upp í harem-buxur og hárbönd með misgóðum árangri. Edie á hinn bóginn var keðjureykjandi, vodkastaupandi, kampavínsdrekkandi sorakjaftur sem hafði náð einhverjum frama með því að sofa hjá hinni og þessari rokkstjörnunni. Hver getur gleymt setningum eins og „Ef stutt pils verða styttri í ár þá verður heimurinn að kvensjúkdómalækninum þínum“.

Það var erfitt að ímynda sér að það væri í raun og veru til fólk sem hafði ekkert annað að tala um heldur en nýjustu tísku og hversu stórkostlega viðmælandinn liti út. En auðvitað er þetta til. Sumir gera ekki annað en henda myndum af sér inn á Facebook eða Myspace til þess eins að fá „komment“ eins og „Þú ert guðdómleg/ur“ „Þetta er stórfenglegur kjóll“ eða „Guð minn góður, babycakes babydoll þú ert svo sssssjúklega bjútífúl ást og kossar“. Svo er þetta fólk svo... tja... hvað á maður að segja... undarlegt.

Þegar ég var sextán ára fór ég á mína fyrstu „haute couture“-tískusýningu í París og laumaðist þar um á öftustu bekkjum meðan furðulegt lið í skærlituðum fötum strunsaði um með stóra hatta eða sólgleraugu og talaði ofboðslega hátt. Ég varð eiginlega jafn skelkuð og ég hafði gaman af öllum látunum. Ég verð enn skelkuð ef ég lendi í hópi fólks sem klæðir sig í alla liti regnbogans og talar ofsalega hátt um föt.

Ég fer alltaf að velta fyrir mér hvort það hafi virkilega ekki áhuga á neinu öðru en sjálfu sér og fötunum sem það gengur í. En þetta er víst það sem getur líka verið svo heillandi við tískubransann, þessi skrautlegi og skrýtni sirkus af sérvitru fólki sem lítur á sjálft sig sem listaverk.

STUTT Grátt dress frá Osman Yousefzada.

LEÐUR Hörkulegur kynþokki hjá Jasper Conran.

GRÍMUBALL Hárkolla og gríma til sýnis hjá Charlie Le Mindu.

EINFALT Frá sýningu athyglisverðs nýliða Josh Goot.

Átt þú rétt á bótum eftir slys?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum þér að kostnaðarlausu!

Hjá FORTIS starfar samhentur hópur lögfræðinga með víðtæka reynslu af lögmannsstörfum. Við leitumst við að veita persónulega og alhliða þjónustu á flestum sviðum lögfræðinnar og sérhæfum okkur í skaðabótamálum vegna umferðar- og vinnuslysa, skilnaðar- og sambúðarslitamálum svo fátt eitt sé nefnt.

Höfum áratuga reynslu af uppgjöri slysabóta.

KRAFTAVERK

FORTIS Lögmannsstofa

Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hdl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.

www.fortis.is

Laugavegi 7 • 101 Reykjavík • Sími: 520 5800 • fortis@fortis.is

GOTNESK ÁHRIF ÁFRAM RÁÐANDI HJÁ BRESKUM HÖNNUÐUM:

Svart, hvítt og þröngt

Tískuvikunni í London var að ljúka en sú í Mílanó er að hefjast. Gotnesk áhrif, svört og drungaleg, þóttu einkenna hönnun margra en breski frumleikinn þótti athyglisverður að vanda. Sýningarnar sem vöktu mesta athygli voru hjá nýliðunum Louise Goldin og Josh Goot en einnig sló lína Christopher Kane rækilega í gegn. Hér gefur að líta nokkra hápunkta vikunnar.

- amb



GRINDIN ÚTI Poppardóttirin Pixie Geldof á æfingu fyrir sýningu Luella í London.

SVART SKAL ÞAÐ VERA Sýning Louise Goldin vakti mikla athygli.

KVENLEGT Frá sýningu á kvenfötum Paul Smith.

Stjörnubók

1.500 krónur

Með fyrstu bókunum í Eymundsson Smáralind fylgir ókeypis miði á stjörnum prýdda kvikmyndina!

Metsölubókin er komin aftur

Blákaldur sannleikur um hvernig karlmenn hugsa!

„Hann er ekki nógu skotinn í þér“ – ögrandi og fyndin bók.

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 8. MARS

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

JÓNSSON & LE'MACKS · JL'MS · SÍA

> NÝTUR STUÐNINGS

Leikkonan Gwyneth Paltrow segir vandamál sín vera smávægileg í samanburði við það sem Madonna hefur gengið í gegnum og dáist að því hvernig hún hefur sigrast á erfiðleikum sínum. Hún segir Madonnu vera mjög áhugaverða og hlýja persónu sem hafi þurft að sæta mikilli gagnrýni en sé langt frá því að vera eins og fólk haldi.

fólk

folk@frettabladid.is

HIN HLIÐIN ÁLFRÚN HELGA ÖRNÓLFSDÓTTIR LEIKKONA

Lífsglöð og þolir ekki leti og neikvæðni

Hvað er að frétta? Er á fullu að æfa leiksýninguna Húmanímal. Við verðum með fatasöfnun í dag, laugardag, milli 12 og 16 í Hafnarfjarðarleikhúsinu og Hagaskóla. Við þurfum nefnilega tonn af fötum í leikmyndina okkar.

Augnlitur: Blár.

Starf: Leikkona.

Fjölskylduhagir: Er lofuð og á eins árs dóttur.

Hvaðan ertu? Vesturbænum.

Ertu hjátrúarfull? Njáei… stundum.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Dexter.

Uppáhaldsmaturinn: Avókadó og sætar kartöflur, ekki saman samt.

Fallegasti staðurinn: Rauðisandur á Vestfjörðum, vá!

iPod eða geislaspilari: Bara útvarpið.

Hvað er skemmtilegast? Að leika, bæði við dótturina og á sviðinu.

Hvað er leiðinlegast? Að hangsa og bíða.

Helsti veikleiki: Óþolinmæði.

Helsti kostur: Lífsgleðin.

Helsta afrek: Fyrir utan fæðingu frumburðarins er það mjög minnisstætt þegar ég komst fyrst í splitt.

Mestu vonbrigðin? Spillingin sem hefur verið í gangi undanfarin ár á Íslandi.

Hver er draumurinn? Að Húmanímal verði skemmtilegasta sýning í heimi.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Frikki Frikk, ekki spurning.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Leti og neikvæðni.

Hvað er mikilvægast? Að gleðja aðra, þá verður maður sjálfur glaður.

Geymir Óskarinn á klósettinu

Kate Winslet hefur valið heldur óvenjulegan stað á heimili sínu fyrir Óskarsverðlaun sín, en hún ætlar að geyma styttuna sína inni á klósetti. Í viðtali við breska dagblaðið Daily Mail segist leikkonan, sem er gift Óskarsverðlaunaleikstjóranum Sam Mendes, ætla að stilla sinni styttu upp við hlið styttu eiginmannsins inni á klósetti því hún vill ekki að verðlaunin hafi áhrif á vinnu sína. Jafnframt segist hún vona að verðlaunin breyti ekki samstarfi sínu við aðra leikstjóra og leikara.

ÓBREYTT EFTIR ÓSKARINN Kate Winslet vonar að Óskarsverðlaunin sem hún hlaut fyrir leik sinni í myndinni The Reader breyti ekki samstarfi sínu við aðra leikara og leikstjóra.

Winslet, sem er tveggja barna móðir, viðurkennir að hún sé komin með nóg af fínum verðlaunahátíðum og síðkjólum í bili og segist vera að skipuleggja sumarfrí fjarri Hollywood.

Aldrei múm

Hemmi Gunn verður á Aldrei fór ég suður hátíðinni á Ísafirði um páskana eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Samtals verða um 20-30 atriði á hátíðinni og nokkur nöfn hafa nú bæst við prógrammið. Þetta eru Dr. Spock, Agent Fresco, Sin Fang Bous og hljómsveitin múm, sem leggur nú lokahönd á nýja plötu. Einnig spila mörg frambærileg heimabönd á hátíðinni eins og vanalega, til að mynda Reykjavík!, Stórsveit Vestfjarða, Skúli Þórðarson og Sökudólgarnir og Klikkhausarnir.

HAFA FENGIÐ NÓG AF SLÚÐRI OG SKEMMDARVERKUM Þorsteinn Stephensen og félagar í Hr. Örlygi hafa sent frá sér yfirlýsingu vegna ummæla blaðamannsins Bens Murray. Þar segir að ástæðulaust sé að óttast um framtíð Iceland Airwaves.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Iceland Airwaves-fólk vill frið fyrir skemmdarverkum

Þorsteinn Stephensen og starfsmenn Hr. Örlygs segjast þreyttir á slúðri og skemmdarverkastarfsemi um Airwaves-hátíðina.

Starfsmenn Hr. Örlygs, sem skipuleggur Iceland Airwaves-hátíðina, hafa sent frá sér yfirlýsingu vegna viðtals við enska blaðamanninn Ben Murray sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Þar sagði hann að Hr. Örlygur skuldaði sér peninga og að hann óttaðist um framtíð hátíðarinnar.

Í yfirlýsingunni kemur fram að Ben sé nýjasti liðsmaður í þröngum hópi sem hafi tjáð ást sína opinberlega á íslenskri tónlist og Airwaves-hátíðinni en vinni síðan skipulega gegn hagsmunum hátíðarinnar og þeirra sem að henni standa.

„Ben Murray talar fjálglega um starf sitt fyrir Iceland Airwaves en staðreyndin er sú að umræddur Ben hefur aldrei unnið við Iceland Airwaves. Ben Murray var ráðinn til að sinna ákveðnum og mjög takmörkuðum verkefnum fyrir Hr. Örlyg í tengslum við London Airwaves, sem fram fór í London hinn 18. september síðastliðinn. Hátíðin í London gekk afburðavel en því miður náðu endar ekki saman þar sem styrktaraðilar gengu úr skaftinu á síðustu stundu. Af þeim sökum eru enn ógreiddir reikningar; einn þeirra var frá Ben Murray. Hann hljóðaði upp á 900 pund og hefur verið greiddur," segir í yfirlýsingunni frá Hr. Örlygi. „Ben, eins og fleiri, segist óttast að Airwaves-hátíðin verði ekki haldin í ár. Sá ótti er, rétt eins og ótti sama fólks um að Airwaves 2008 yrði ekki haldin, sennilega frekar óskhyggja og algjörlega óþarfur. Að öðru leyti óska aðstandendur Hr. Örlygs og Iceland Airwaves eftir að fá frið fyrir slúðri og skemmdarverkastarfsemi svo við getum gert það sem við höfum alltaf gert, látið verkin tala."

Undir þetta rita Árni Einar Birgisson, Egill Tómasson, Inga Dóra Jóhannsdóttir, Kerstin Ganzemuller, Róbert Aron Magnússon, Sara María Júlíudóttir og Þorsteinn Stephensen.

freyr@frettabladid.is

Hitar upp vestanhafs

Söngkonan Lay Low hitar upp fyrir Emilíönu Torrini á þrennum tónleikum í Bandaríkjunum í lok mars. Fyrstu tónleikarnir verða í New York 28. mars, þeir næstu í San Francisco kvöldið eftir og þeir síðustu í Los Angeles 30. mars.

LAY LOW Söngkonan Lay Low hitar upp fyrir Emilíönu Torrini í Bandaríkjunum í lok mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Tónleikaferð þeirra saman um Evrópu, sem lauk á dögunum, gekk mjög vel og í framhaldinu af því bauð Emilíana Lay Low að hita upp fyrir sig á fyrstu tónleikunum sínum í Bandaríkjunum í tengslum við útgáfu plötunnar Me and Armini. Áður en að þessum tónleikum kemur munu þær stöllur spila í London 13. mars og er þegar uppselt á giggið.

Leikur Fury í Iron Man 2

Samuel L. Jackson hefur samþykkt að leika Nick Fury í hasarmyndinni Iron Man 2 og hugsanlega átta öðrum myndum fyrir framleiðandann Marvel. Á meðal þeirra eru Captain America, Thor, The Avengers, The Shield og mögulegar framhaldsmyndir þeirra.

Jackson kynnti Fury til sögunnar í lok Iron Man þegar hann bað Tony Stark um að ganga til liðs við njósnadeild sína The Shield. Jackson átti í launadeilum við Marvel og neitaði að leika Fury nema hann fengi eitthvað fyrir sinn snúð og nú hefur samkomulag loks náðst. Iron Man 2 er væntanleg í bíó sumarið 2010 í leikstjórn Jons Favreau.

BJARTMAR OG ERPUR Gömlu hippamussunni hlotnast sá heiður í kvöld að fá VIP-passa á Prikið þar sem rapparnir halda sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bjartmar fær fyrsta VIP-passa Priksins afhentan

Bjartmar Guðlaugsson er þess heiðurs aðnjótandi að fá fyrsta VIP-passa sögunnar á Prikið. Mikið stendur til þar í kvöld.

„Sigurði Kára verður ekki einu sinni hleypt inn í anddyrið þótt hann sé með diplómatapassa. Ef ég verð í dyrunum," segir rapparinn Erpur Eyvindarson.

Mikið stendur til á Prikinu í kvöld. VIP-passar eru í framleiðslu, verið er að taka niður nöfn hugsanlegra handhafa og fer það svo fyrir dularfulla nefnd sem ræður hver fær. En passa númer eitt, þann fyrsta í 58 ára sögu Priksins, fær heiðursgesturinn Bjartmar Guðlaugsson sem mun grípa í gítar af þessu tilefni. DJ DeLuxxx tekur þá við og svo munu XXX-Rottweiler-hundar rífa trýnið af svíninu. „Bjartmar verður í þvílíku stuði. Og við í Havana Club á kantinum. Þarna verður doktor í rommi sem mixar ofan í liðið. Bjartmar er klassískur larfur og við ungir larfar. Já, ég hringdi í frændann og frábært að fá hann. Geirmundur var þarna fyrir skemmstu og sló þvílíkt í gegn," segir Erpur og kjaftar á honum hver tuska. Enda Erpur í aðdáendaklúbbi Bjartmars ásamt mörgum góðum mönnum og hefur himin höndum tekið. Hann leggur áherslu á að innréttingarnar á Prikinu séu því sem næst upprunalegar og engum Innlits-útlitssultuhundum verði hleypt í þær, né fái slíkir VIP-passa heldur bara útvaldir.

jakob@frettabladid.is

Á milli laga í ASÍ

Lokadagur sýningar Þuríðar Sigurðardóttir, Milli laga, í Listasafni ASÍ er á morgun. Á sýningunni gefur að líta verk sem Þuríður hefur unnið á undanförnum árum, annars vegar með einstaka náttúru mýrarfláka á Suðurlandsundirlendinu sem viðfangsefni og hins vegar samband manns og hests. Báðar seríurnar eiga það þó sameiginlegt að byggja á hugleiðingum um eðli málverks og hafa þróast yfir í teikningu, myndbönd og hljóðverk.

Almenn ánægja ríkti meðal gesta á opnuninni eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. **- ag**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VERKIN SKOÐUÐ Guðmundur Hagalínsson og Guðmundur Pálsson mættu á opnun sýningarinnar í Listasafni ASÍ.

Á MILLI LAGA Rósa Elísdóttir og Ágústa Halldórsdóttir virtu fyrir sér verk Þuríðar.

GLÖÐ Í BRAGÐI Þuríður Sigurðardóttir fagnaði afrakstrinum ásamt Friðriki Friðrikssyni.

Víravirkisnámskeið

Víravirkisnámskeið fyrir þá sem vilja prófa að smíða víravirki. Námskeiði er kjörið fyrir þá sem aldrei hafa smíðað úr silfri áður. Smíðað verður kross eða men.

Leiðbeindandi: Leifur Jónsson gullsmiðameistari.
Verð 20.900,-kr 2x4tímar.
Inifalið silfur í kross, silfurfesti og askja.
Námskeið 1) 9. og 11. mars frá kl 18-22 bæði kvöldinn.
Námskeið 2) 16. og 18. mars frá kl 18-22 bæði kvöldinn.
Lágmark 3 nemendur, hámark 5 nemendur.
Námsflokkar Hafnafjarðar.
Skráning í www.nhms.is. Og í síma 5855860

Uppl um námskeiðið hjá Leifi Jónssyni gullsmið síma 893 4548.

Ekkert kynlíf utan sambanda hjá Barton

Mischa Barton segist ekki vilja stunda einnar nætur gaman. Í viðtali við breska tímaritið FHM sagðist leikkonan aðeins stunda kynlíf þegar hún er í föstu sambandi.

Mischa, sem hefur sést með Luke Pritchard, söngvara Kooks, upp á síðkastið, segist vera á lausu. Hún segist laðast að mönnum sem eru sjálfsöruggir og komi sér til að hlæja, en segist finna fyrir því að karlmenn séu stundum hræddir við sig því hún sé búin að vera mikið í sviðsljósinu. Leikkonan segist oft eiga í erfiðleikum með að eignast góðar vinkonur og kjósi frekar að vera með karlmönnum því það sé ekki eins flókið.

Á LAUSU? Mischa Barton hefur sést með Luke Pritchard, söngvara Kooks, upp á síðkastið, en segist vera á lausu.

Störe í úrslit á stóru pókermóti

„Það má setja sokk í þá sem halda að Den Störe kunni ekki póker," segir Egill Einarsson, einkaþjálfari og fyrirliði íslenska landsliðsins í póker.

Egill, sem kallar sig Den Störe, þykist nú heldur betur geta stungið upp í alla þá sem hafa haft efasemdir uppi um getu hans í póker. Undanfarna þrjá mánuði hefur staðið yfir mótaröð í póker sem heitir ÍSOP, Icelandic Series Of Poker, sem er eitt helsta mót sem haldið er í íþróttinni. „Spilað á hverjum fimmtudegi upp á stig og níu stigahæstu mennirnir mætast á lokaborði þar sem spilað er upp á 610 þúsund krónur. Den Störe er kominn á lokaborðið þrátt fyrir að hafa einungis spilað 4 mót af 12. Sem er magnaður árangur," segir Den Störe. Og talar um sjálfan sig í 3. persónu eins og Davíð Oddsson. Og heldur áfram: „Í þessu móti mætast bestu pókerspilarar landsins. Lokaborðið verður spilað næstkomandi fimmtudag á hinum glæsilega Pókerklúbb." - jbg

ENGINN AUKVISI Í PÓKERNUM Den Störe er kominn á lokaborðið sem hann segir magnaðan árangur í ljósi aðstæðna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Lokamyndin í bíó 2011

Síðasta myndin í Harry Potter-seríunni, Harry Potter and the Deathly Hallows: Part II, kemur í bíó sumarið 2011. Ákveðið var að gera tvær kvikmyndir upp úr sjöundu og síðustu Potter-bókinni og kemur sú fyrri út 19. nóvember á næsta ári.

Næsta Harry Potter-mynd er aftur á móti væntanleg í sumar en í ágúst í fyrra var ákveðið að fresta henni um átta mánuði til að tryggja að framleiðandinn Warner Bros fengi öruggan sumarsmell. Einnig hafði verkfall handritshöfunda í Hollywood í fyrra áhrif á ákvörðunina.

Fyrstu fimm Potter-myndirnar hafa aflað gríðarlegra tekna og eru nú orðnar tekjuhærri en James Bond- og Star Wars-myndirnar.



HARRY POTTER Síðasta myndin í Harry Potter-seríunni kemur í bíó sumarið 2011.

U2 borgar skatt í Hollandi

Hljómsveitin U2 hefur vísað á bug gagnrýni um að hún notfæri sér erlend skattaskjól til að komast hjá því að borga háan skatt í heimalandi sínu, Írlandi.

U2 Rokkararnir í U2 hafa verið gagnrýndir fyrir að borga hluta af sköttum sínum í Hollandi í stað Írlands. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Umræðan kemur upp á slæmum tíma fyrir hljómsveitina því hún er um þessar mundir að gefa út nýja plötu, No Line on the Horizon. Samtökin The Dept and Development Coalition, sem berjast fyrir réttindum þriðja heims ríkja, stóðu fyrir mótmælum fyrir utan fjármálaráðuneyti Írlands fyrir skömmu þar sem þau gagnrýndu U2 fyrir að borga skatta sína í Hollandi. Sögðu samtökin að meðlimir U2 væru hræsnarar því með þessu fengi írska ríkið minni peninga til að aðstoða fólk í fjárhagskröggum og fátæk erlend ríki, en söngvarinn Bono hefur einmitt verið í herferð gegn fátækt í gegnum tíðina. Paul McGuinness, umboðsmaður U2, vísar þessu á bug og segir alla meðlimi sveitarinnar vera fjárfesta og starfsmenn á Írlandi. Hann segir sveitina hvergi brjóta írsk skattalög. „U2 er alþjóðlegt fyrirtæki og það borgar skatta sína á alþjóðlegan máta," sagði McGuinness. „Að minnsta kosti 95% af viðskiptum U2, þar á meðal plötu- og miðasala vegna tónleika, fer fram utan Írlands og þess vegna borgar hljómsveitin mismunandi skatta víðs vegar um heiminn. Meðlimir hennar eru áfram með bækistöðvar sínar á Írlandi og eru þar fjárfestar og starfsmenn."

U2 flutti útgáfustarfsemi sína til Hollands árið 2006 þar sem skattaumhverfið er þeim hagstæðara. „Það er ekkert ólöglegt við það að nýta sér skattalög sem hentuðu þeim betur. En vitandi það að Bono hefur eytt miklum tíma í að berjast gegn fátækt þá sjáum við alveg mótsögnina í þessu," sagði McGuinness.

Nessa Ni Chasaide hjá The Dept and Development Coalition segir að samtökin hafi viljað vekja athygli á því að Bono berjist gegn fátækt og óréttlæti á meðan hljómsveitin hans hafi fært hluta af viðskiptum sínum í skattaskjól í Hollandi. „Þegar menn komast hjá skatti eða notfæra sér glufur í skattalögunum verða þróunarríkin af að minnsta kosti 18,2 milljörðum króna á hverju ári. Þessi peningur er nauðsynlegur til að fólk geti brotist út úr fátækt sinni," sagði hún. „U2 er bara hluti af vandamálinu. Þetta er miklu stærra og kerfisbundnara vandamál sem er til staðar í okkar alþjóðlega fjármálakerfi. Öll fyrirtæki og einstaklingar eiga að bera þá ábyrgð að borga rétta upphæð í skatt."

LJÓTU HÁLFVITARNIR Nógu bjartsýnir fyrir Rás 2.

Bjartsýni og baráttuvilji

Löngu fyrir Eurovision voru danslagakeppnir helsti vettvangur nýrra íslenskra dægurlaga. Sígild lög eins og „Nú liggur vel á mér" og „Laus og liðugur" fæddust í svona keppnum. Rás 2 vitnar nú í þessar keppnir fortíðar og hefur blásið til „Bjartsýnissöngvakeppni hins nýja lýðveldis – sönglagakeppni fólksins". Lagið verður að „fylla okkur baráttuvilja til að takast á við framtíðina", eins og það er orðað. Lögin streyma nú inn og meðal þeirra sem taka þátt eru Halli Reynis og hljómsveitirnar South River Band, Árstíðir, Múgsefjun og Ljótu hálfvitarnir.



THE SIMPSONS Vinsældum Simpsons-fjölskyldunnar virðist aldrei ætla að linna.

Simpsons langlífasta þáttaröðin

Staðfest hefur verið að The Simpsons verði langlífasta sjónvarpsþáttaröðin frá upphafi í Bandaríkjunum því framleiðandinn Fox hefur ákveðið að gera tvær nýjar þáttaraðir.

Tuttugasta þáttaröð af Simpsons er sýnd um þessar mundir og jafnar það met þáttanna Gunsmoke sem luku göngu sinni árið 1975. 21. þáttaröðin af Simpsons hefst í haust og sú 22. verður sýnd á næsta ári. Fyrsti Simpsons-þátturinn var sýndur vestanhafs í desember árið 1989. Með tveimur nýju þáttaröðunum, sem samanstanda af 44 þáttum, verða Simpsons-þættirnir orðnir 493 talsins þegar þeim lýkur.

Landsins stærsta

Skósprengja

er í fullum gangi

SKECHERS LLOYD Rbk ara PUMA

ecco PETER KAISER adidas

FULLT AF NÝJUM VÖRUM

Allt að **90%** afsláttur

Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Laugarvegi - Kringlunni Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN ▪ SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Börn og hundar nefnd í höfuðið á Magnúsi Ver

Hátt í tíu drengir í Bandaríkjunum og Kanada eru skírðir í höfuðið á kraftajötninum Magnúsi Ver Magnússyni. Nafn hans þykir mjög flott úti í heimi, eins og nýlegur listi á netsíðunni Cracked.com ber vitni um.

MAGNÚS VER MAGNÚSSON Magnús með persneska högnann sinn Kamb. Auk hátt í tíu drengja hafa hundar verið nefndir í höfuðið á honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á bandarísku síðunni var Magnús Ver Magnússon valið þriðja karlmannlegasta nafnið í heiminum. „Það eru margir úti sem finnst nafnið eitthvað kúl. Það er búið að skíra fullt af börnum eftir mér bæði í Ameríku og Kanada og ég hef meira að segja hitt eitt barnið," segir Magnús Ver, sem hefur fengið sendar myndir af börnunum í gegnum tíðina. Hann segir að fólkið sem skíri börnin sín í höfuðið á honum sé fyrst og fremst áhugafólk um kraftakeppnir og fólk sem hefur sjálft tekið þátt í slíkum keppnum. „Þetta er mjög mikill heiður, meiri heiður en þegar menn nefna hundana sína eftir manni. Það hefur komið fyrir," segir Magnús og hristir hausinn. „Einn í Suður-Afríku átti þrjá hunda sem voru allir nefndir eftir kraftamönnum. Hann átti Magnús, Riku Kiri og Jamie Reeves."

Magnús fer í næstu viku á Arnold Classic-kraftakeppnina í Bandaríkjunum þar sem hann verður dómari eins og undanfarin ár. Arnold Schwarzenegger er maðurinn á bak við keppnina og er alltaf viðstaddur. Magnús segir óvíst hvort hann nái að heilsa upp á stjörnuna. „Ég hitti hann stundum og stundum ekki. Það er alltaf mikil dagskrá í gangi hjá honum."

Þess má geta að í öðru sæti yfir karlmannlegasta nafnið lenti Dick Pond sem starfar sem lögfræðingur og í því efsta var Max Fightmaster, bandarískur yfirmaður í hernum sem hefur tekið þátt í Íraksstríðinu. Fjórða sætið skipaði ástralski ruðningskappinn Stirling Mortlock og í því fimmta var vísindamaðurinn Dr. Duncan Steel.

Karlmannleg nöfn

1. Max Fightmaster
2. Dick Pond
3. Magnús Ver Magnússon
4. Stirling Mortlock
5. Duncan Steel
6. Flex Plexico
7. Max Planck
8. Powers Boothe
9. Lance Armstrong

Á síðunni kemur fram að Magnús hafi fjórum sinnum unnið titilinn Sterkasti maður heims. „Samkvæmt norrænni nafnahefð þýðir nafnið Magnús sonur Magnúsar, sem fær mann til að hugsa um hóp manna sem allir heita Magnús sem hafa stundað ýmsa karlmannlega iðju í gegnum aldirnar," segir á síðunni. Þar er einnig sýnt myndband frá Sterkasta manni heims árið 1996 þar sem Magnús Ver bar sigur úr býtum með miklum glæsibrag.

freyr@frettabladid.is

Frábær tilboð

Rugl verð

Kill Zone 2

Einn af hörðustu fyrstu-persónu skotleikjum allra tíma. Killzone 2 skartar einhverju flottustu grafíkeffectum sem sést hafa í tölvuleikjum hingað til. Leikmenn fara í hlutverk ISA hermanns sem þarf ásamt félögum sínum að berjast gegn hinum illu Helghast hermönnum. Netspilun leiksins er í algjörum sérflokki.

9,4 af 10
IGN.com
10 af 10
Gamepro
9 af 10
Eurogamer.net

6.999 FYLGIR

VAR AÐ LENDA

8.999

Halo Wars

Halo Wars er rauntíma hernaðarkænskuleikur sem leyfir leikmönnum að stjórna stórum herum í mjög raunverulegum hernaði. Halo Wars gefur alveg nýja sýn á stríðið milli Covenant og UNSC sem menn þekkja orðið vel út Halo FPS leikjunum.

LEIKJATÖLVUR

29.999

PSP + Buzz brain bender

24.999

PS3 VÉLIN

- 80GB Harður Diskur
- Þráðlaus DualShock 3 stýripinni
- Resistance 2 fylgir

69.999

FARTÖLVUR

TOSHIBA

L300D-14Y
- AMD Dual Core X2 QL-62 Turion64 örgjörvi, 2.0GHz
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 15.4" WXGA TruBrite skjár með 1280x800 upplausn
- 256MB ATI Radeon 3100 PCI-E16X skjástýring með HyperMemory
- 0.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Basic

99.999

TOSHIBA

P300-1DA
- Intel Pentium Dual-Core T3200 2.0GHz
- 3 GB DDR 800 MHz
- 250GB SATA 5400rpm diskur
- 17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
- 256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
- 1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
- Windows Vista Home Premium

149.999

BT

FLAKKARI

Argosy margmiðlunarspilari
- 500GB SATA,
- USB2 margmiðlunarspilari,
- 720p upscaling,
- SCART, HDTV, Coaxial ofl.

29.999

BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

> Viktor Bjarki skiptir um félag

Greint var frá því í gær á heimasíðu norska úrvalsdeildarfélagsins Lilleström að Viktor Bjarki Arnarsson væri á leið í 1. deildarfélagið Nybergsund. Félögin hafi í öllum meginatriðum komist að samkomulagi um það. Sjálfur sagðist Viktor Bjarki ánægður með þessa lausn mála en hann hefur lítið sem ekkert fengið að spila með Lilleström síðan hann kom þangað frá Víkingi í Reykjavík árið 2006 en hann var lánaður til KR á síðasta keppnistímabili.

sport
sport@frettabladid.is

ICELAND EXPRESS DEILD KARLA: EKKERT NEMA ÚTISIGRAR Í GÆRKVÖLDI

Mikilvægur sigur Keflavíkur í Garðabænum

Þrír leikir fóru fram í Iceland Express deild karla í körfubolta í gær og reyndust útivallarliðin hlutskörpust í þeim öllum. KR endurheimti toppsætið með sigri á Njarðvík, Þór heldur enn í vonina um að halda sæti sínu í efstu deild eftir nauman sigur á Tindastóli og þá vann Keflavík mikilvæg tvö stig í Garðabænum með sigri á bikarmeisturum Stjörnunnar.

Keflavík hafði á endanum tólf stiga sigur, 96-84, eftir að Stjarnan hafði skyndilega náð sex stiga forystu í þriðja leikhluta eftir að bakvörðurinn Kjartan Atli Kjartansson gerði sér lítið fyrir og setti niður þrjá þrista í röð.

„Stundum fær maður opin færi gegn svæðisvörn og þá verður maður bara að setja skotin niður," sagði Kjartan. „En annars komumst við aldrei almennilega í takt við leikinn. Svæðisvörnin þeirra sló okkur út af laginu í byrjun leiksins. Þegar þeir skiptu svo í maður á mann varnarleik sló það okkur líka út af laginu."

Stjarnan er nú með sextán stig í sjötta sæti deildarinnar, rétt eins og ÍR sem er í því sjöunda. Þrjú lið - Tindastóllk, FSu og Breiðablik - bítast svo um áttunda og síðasta sætið sem veitir þátttökurétt í úrslitakeppninni en þau eru öll með fjórtán stig.

„Sextán stig eru ekki nóg," sagði Kjartan. „Næsti leikur er grannaslagur gegn Breiðabliki og við erum alls ekkert öruggir."

Sigurður Ingimundarson var ánægður með sigur sinna manna og sagði Keflvíkinga á ágætri siglingu sem veit á gott fyrir úrslitakeppnina.

„Þeir voru að spila fantavel í þriðja leikhluta og vörnin okkar fór alveg úr skorðum við það. Við þurftum því að gjörbreyta henni en það virkaði vel því vörnin var frábær í fjórða leikhlutanum," sagði Sigurður.

Hann segir þó sína menn ekki einblína aðeins á að ná þriðja sætinu á Snæfellinga sem hafa tveggja stiga forskot á Keflavík þegar þrjár umferðir eru eftir.

„Nú á mánudaginn eigum við leik gegn liði sem er tveimur leikjum á eftir okkur. Við ætlum okkur fyrst og fremst að vinna hann. Þegar svo lítið er eftir af deildinni er mikilvægt að halda einbeitingunni góðri og hugsa bara um næsta leik."

ÚRSLIT

Iceland Express deild karla:

Stjarnan - Keflavík 84-96
Stig Stjörnunnar: Kjartan Atli Kjartansson 20, Justin Shouse 18, Jovan Zdravevski 14, Fannar Freyr Helgason 13, Guðjón Lárusson 11, Ólafur Sigurðsson 4, Birkir Guðlaugsson 2, Hjörleifur Sumarliðason 2.
Stig Keflavíkur: Hörður Axel Vilhjálmsson 20, Gunnar Einarsson 18, Sverrir Þór Sverrisson 17, Sigurður Þorsteinsson 16, Elvar Sigurjónsson 10, Gunnar Stefánsson 10, Jón Nordal Hafsteinsson 4, Axel Margeirsson 1.

Njarðvík - KR 93-115
Stig Njarðvíkur: Magnús Gunnarsson 23, Friðrik Stefánsson 18, Heath Sitton 17, Fuad Memcic 15, Hjörtur Einarsson 10, Elías Kristjánsson 4, Sævar Sævarss. 3, Grétar Garðarss. 2, Friðrik Óskarss. 1.
Stig KR: Jakob Sigurðarson 30, Jón Arnór Stefánsson 26, Jason Dourisseau 19, Helgi Már Magnússon 16, Darri Hilmarsson 6, Skarphéðinn Ingason 6, Fannar Ólafsson 4, Páll Helgason 3, Ólafur Ægisson 3, Brynjar Þór Björnsson 2.

Tindastóll - Þór 102-105
Stig Tindastóls: Svavar Birgirsson 28, Helgi Margeirss. 22, Friðrik Hreinss. 20, Alphonso Pugh 13, Ísak Einarss. 12, Helgi Viggóss. 5, Óli Reyniss. 2.
Stig Þórs: Óðinn Ásgeirsson 26, Konrad Tota 25, Guðmundur Jónsson 18, Daniel Bandy 18, Hrafn Jóhannesson 10, Bjarki Oddsson 3, Jón Orri Kristjánsson 3, Baldur Már Stefánsson 2.

STAÐAN:

KR	**19**	**18**	**1**	**1857-1430**	**36**
Grindavík	19	17	2	1873-1514	34
Snæfell	**19**	**13**	**6**	**1563-1380**	**26**
Keflavík	19	12	7	1642-1469	24
Njarðvík	**19**	**10**	**9**	**1567-1642**	**20**
Stjarnan	19	8	11	1623-1659	16
ÍR	**19**	**8**	**11**	**1557-1567**	**16**
Tindastóll	19	7	12	1572-1644	14
FSu	**19**	**7**	**12**	**1545-1566**	**14**
Breiðablik	19	7	12	1464-1685	14
Þór, Akureyri	**19**	**5**	**14**	**1553-1714**	**10**
Skallagrímur	19	2	17	1199-1745	4

Verður annað bikarævintýri í dag?

Ævintýrin gerast í Höllinni líkt og sást í bikarúrslitum körfuboltans á dögunum. Í dag fer fram annar úrslitaleikur sem einnig mætti stilla upp sem Davíð á móti Golíat. Þá mætast 1. deildarlið Gróttu og núverandi bikarmeistarar Vals í úrslitum Eimskipsbikarsins. Þetta er fyrsti úrslitaleikur karlaliðs Gróttu.

HANDBOLTI Bikarmeistarar Vals og 1. deildarlið Gróttu mætast í úrslitum Eimskipsbikarsins í dag. Grótta er að koma með karlalið sitt í fyrsta sinn í bikarúrslitin.

„Það er gríðarleg stemning fyrir þessum leik á Nesinu og ég geri ráð fyrir að fjöldi fólks muni fylgja okkur. Það hefur verið mikil vakning í handboltanum út á Nesi í vetur. Vel mætt á leiki og mikil stígandi. Við erum að byggja upp lið á heimamönnum og fólk er að koma til þess að sjá strákana sína," sagði Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Gróttuliðsins.

Ágúst Þór er ekki ókunnugur í herbúðum Vals. Hann var aðstoðarþjálfari karlaliðsins er Geir Sveinsson stýrði því og þjálfaði svo kvennalið félagsins. Hann gerði þær einmitt að bikarmeisturum og getur orðið aðeins annar þjálfarinn í dag til þess að vinna bikarmeistaratitil með bæði körlum og konum. Sá eini sem það hefur gert er Viðar Símonarson.

„Við Óskar Bjarni erum góðir vinir. Auðvitað þekki ég hann og það hjálpar mér en á móti kemur að hann þekkir mig líka. Það ætti því ekki að vera neitt óvænt í þessu," sagði Ágúst Þór en sigur Stjörnunnar á KR í körfunni hvetur hans drengi til dáða. „Það sýnir okkur klárlega að við eigum möguleika. Það er allt hægt í svona bikarúrslitaleikjum og við munum að sjálfsögðu leika til sigurs," sagði Ágúst ákveðinn.

ÆSKUVINIR OG ANDSTÆÐINGAR Atli Rúnar Steinþórsson, fyrirliði Gróttu, og Ólafur Haukur Gíslason, fyrirliði Vals, eru æskufélagar sem báðir spiluðu með Val upp alla yngri flokkana.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, segir verkefnið að mæta liði eins og Gróttu vera mjög áhugavert og talsvert frábrugðið því sem hann á að venjast.

„Það er allt öðruvísi að mæta Gróttu en til að mynda Haukum. Við höfum varla séð þá spila í vetur og leikmenn mínir þekkja ekki einu sinni alla leikmennina hjá þeim," sagði Óskar Bjarni sem nýtur þessarar nýju áskorunar.

„Það er í raun auðveldara á margan hátt að undirbúa liðið núna. Í fyrra var bara talað um baráttuna um borgina en nú snýst umræðan um vanmat," sagði Óskar Bjarni og segir að bikarleikurinn í körfunni hafi þar skipt máli.

„Sá leikur gaf þeim von um að það sé hægt að vinna en ekki endilega bara spila góðan leik. Hann vakti kannski okkur líka. Það verður líka gaman að mæta Gústa vini mínum sem er klókur og sókndjarfur þjálfari. Hans lið spilar agaðan varnarleik og skipulagðan sóknarleik þar sem menn þekkja sína styrkleika. Svo kemur líka alltaf eitthvað óvænt frá honum."

Valslið Óskars Bjarna getur orðið það fyrsta í sögu Vals til þess að vinna bikarinn tvö ár í röð og Óskar segir það hvetja menn áfram. Óskar segir líka að þolinmæði verði nauðsynleg í leiknum.

„Við megum ekki verða pirraðir heldur vera þolinmóðir þó svo það gangi kannski ekki allt að óskum í upphafi. Vera tilbúnir að vinna okkur út úr erfiðri stöðu því það getur allt gerst í bikarleikjum," sagði Óskar Bjarni.

henry@frettabladid.is

Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í matreiðslu, fyrri hluti, verður haldið dagana **14.-.16. apríl.** Sveinspróf í framreiðslu, bakaraiðn, kjötiðn og matreiðslu, seinni hluti, verða haldin dagana, **11. - 15. maí.**

Sveinspróf í prentsmíð - grafískri miðlun, prentun og bókbandi, verða haldin í **maí,** nánari dagsetning
auglýst síðar. Mat á starfsreynslu í fjölmiðlatækni og bókasafnstækni fer fram í **maí.**

Sveinspróf í húsasmíði verður haldið dagana **13. - 15. maí**, í pípulögnum,
4. - 6. maí og 11. - 13. maí. Sveinspróf í múrsmíð og málaraiðn verða haldin í **maí,**
nánari dagsetning auglýst síðar.

Sveinspróf í húsgagnasmíði og dúklögnum og veggfóðrun verða haldin í maí/júní ef næg þátttaka fæst.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl.
Nánari tímasetningar verða auglýstar á heimasíðu okkar www.idan.is.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfesting skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2009.
Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður, er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, www.idan.is og á skrifstofunni.

IÐAN fræðslusetur

IÐAN - fræðslusetur, • Skúlatúni 2 • 105Reykjavík • sími: 590 6400
bréfsími: 590 6401 • netfang: idan@idan.is

Stjarnan og FH mætast í bikarúrslitum kvenna:

Ekki of stórt verkefni

HANDBOLTI Stjarnan og FH mætast í úrslitum Eimskipsbikarkeppni kvenna í Laugardalshöllinni klukkan 13.30 í dag. Staða liða í N1-deild kvenna er ólík þar sem Stjarnan er í öðru sæti með 28 stig en FH í því sjötta með tíu.

Stjarnan hefur unnið báðar innbyrðisviðureignir liðanna til þessa í vetur en þetta hafa verið fremur naumir sigrar. Guðmundur Karlsson, þjálfari FH, segir því verkefnið ekki of stórt fyrir sitt lið.

„Við höfum staðið í Stjörnunni í þessi skipti sem við höfum mæst. Við höfum yfirleitt spilað vel á móti betri liðum deildarinnar og unnum til að mynda Val á útivelli. Ég tel að það sé lítill munur á liðunum og að þetta verði jafn og spennandi leikur. Stjarnan er með tvo af bestu leikmönnum deildarinnar og við þurfum að stöðva þær," sagði Guðmundur.

FH hefur ekki orðið bikarmeistari síðan 1981 en Stjarnan á titil að verja í ár. „Þetta er mikill heiður fyrir mig og þessar stelpur sem eru flestar uppaldar hjá félaginu. Þetta sýnir það góða uppbyggingarstarf sem hefur verið unnið hjá félaginu, bæði í karla- og kvennaflokki."

FH hefur alls fjórum sinnum komist í bikarúrslitaleik kvenna, síðast fyrir sautján árum síðan, árið 1992.

Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, tekur í svipaðan streng.

BARIST UM BIKARINN Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir og Kristín Jóhanna Clausen, fyrirliðar FH og Stjörnunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Staðan í deildinni segir ekkert til um hvernig þessi leikur þróast. Aðalatriðið er að reyna að hafa sem mest gaman af þessu. Við erum búin að vinna Val og Hauka á leið okkar í úrslitin og ætlum því að fara í leikinn í dag til að skemmta okkur."

FH vann lið KA/Þórs í undanúrslitunum en Stjarnan vann sigur á Haukum í sinni undanúrslitaviðureign.

- esá

56.989 kr.
Fullt verð 64.989
12V og 220V
19 tommur

DVD VIDEO
United TVD8819
19" LCD með innb. DVD spilara

Frábært úrval af hárvörum

GSM

Samsung i320
GSM með 1.3 megapixel myndavél, Windows Mobile stýrikerfi, Intel PXA örgjörva, MP3 spilara, Windows Media spilara o.fl. MSN og QWERTY lyklaborð fyrir skilaboð.

19.989 kr.
Fullt verð 44.989

Fermingargjafirnar færðu í Max

129.989 kr.
Fullt verð 149.989
32 tommur

Toshiba 32AV555DG
32" LCD breiðtjald • 1366x768 upplausn • Progressive Scan • 20.000:1 dýnamísk skerpa • 100Hz • stafrænn DVB-T móttakari ofl.

Þráðlaus heyrnartól

JBL REF610BK
Þráðlaus heyrnartól með BlueTooth • Sendir fyrir iPod ofl. fylgir

17.989 kr.
Fullt verð 22.989

Sjónvarpsflakkari

IcyBox MP303
3.5" SATA harðdisk flakkari • USB 2.0 • Windows og MAC • HDMI ofl.

19.989 kr.
Fullt verð 24.989

15.4 tommur

Toshiba Satellite Pro A300D-152
2.1Ghz AMD Turion X2 ultra Dual Core ZM-80 • 3GB DDR2 • 250GB SATA • Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA • ATI Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 54Mbps netkort • Bluetooth 2.0 • Vefmyndavél

114.989 kr.
Fullt verð 129.989

Míkrósamstæða

Philips MC147
2x2w RMS míkrósamstæða • Dynamic Bass Boost • Geislaspilari • RDS útvarp með minnum ofl.

17.989 kr.

iPod vagga

Logitech Pure Fi Express Plus
iPod hátalarar og hleðslustöð • Klukka og vekjari*

17.989 kr.
Fullt verð 19.989

Vekjarar með iPod vöggu

Philips AJ300D
24w útvarpsvekjari með iPod vöggu • Baklýstur skjár • 24w magnari með wOOx bassa • Tvöfaldur vekjari og svefnrofi*

19.989 kr.
Fullt verð 24.989

JBL ONTIME200iD
Innb. magnari • Vekjari • Baklýstur skjár*

39.989 kr.
Fullt verð 49.989

*Ath. iPOD fylgir ekki tækjum.

Stafrænar myndavélar

Olympus FE45
10 milljón punkta uppl. • 3x Optical og 4x Digital Zoom • 2,5" LCD skjár • Hristivörn • Hreyfimyndataka • YouTube stilling • Intelligent Auto • USB 2.0

19.989 kr.

Canon Ixus 80 IS
8 milljón punkta uppl. • 3x Optical Image Stabilizer linsa • 2,5" PureColor skjár • Andlitsgreining • Hristivörn • Hreyfimyndataka • iSAPS tækni

34.989 kr.
Fullt verð 39.989

Háskerpu tökuvél

Panasonic HDCSD9
Full HD tökuvél • 3CCD 1/6" upptökuflögur • 10x Optical og 700x Digital Zoom • 2.7" LCD breiðskjár

89.989 kr.
Fullt verð 99.989

Fjölkerfa DVD spilari

Toshiba SD186
Progressive Scan • Dolby Digital og DTS • Scart (með RGB), Component og CVBS, Digital Coaxial tengi ofl.

11.989 kr.
Fullt verð 14.989

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

> **James Roday**

„Ég hefði ekkert á móti því að vera líkari Shawn. Þá væri ég kannski ekki búinn að tapa jafn miklum peningum í að veðja á íþróttaviðburði.“ Rodey leikur Shawn í þættinum Psych sem hefur einstaka athyglisgáfu og þykist vera skyggn. Í kvöld hefst ný sería á Skjáeinum.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI SPÁIR LÍTILLEGA Í AUGLÝSINGAR

Ekkert helv... væl

Stór hluti af öllu fjölmiðlaefni er auglýsingar. Þær gefa manni tækifæri til að poppa og pissa á kvöldin, þær fá mann til að skipta um stöð á útvarpinu í bílnum sínum og þær fá mann til að fletta hratt. Magnið er mikið og það er heill iðnaður í kringum þetta. Sumar auglýsingar eru alveg glataðar og það sést langar leiðir. Aðrar eru sniðugar, flottar og fyndnar, enda er það staðreynd að margt af sniðugasta fólki hverrar kynslóðar gengur í björg auglýsingabransans.

En virkar eitthvað af þessu magni öllu? Ég ek Renault, en man ekki eftir að hafa séð auglýsingu frá Renault. Ég er hjá sama símafyrirtækinu og sat eitt að markaðinum þegar ég fékk mér síma. Og ég er hjá sama bankanum og ég fór að vinna fyrir eftir stúdentspróf.

Samt hefur ekkert verið auglýst meira en bílar, símar og bankar síðustu árin. Af hverju hefði ég átt að skipta þótt Jón Gnarr væri með Jesú-flipp eða Björn Jörundur væri í góðu stuði í kerru? Af hverju hefði ég átt að skipta þótt Björgólfur og Viddi í Trabant væru í fótbolta á göngum Landsbankans? Sorrí, strákar mínir. Allar þessar auglýsingar eru kannski sniðugar og flottar (í fyrstu fimm skiptin) en gera bara ekkert gagn. Ekki fyrir mig allavega.

Í góðærinu blómstraði auglýsingabransinn. Alls konar rugl dundi á manni. Endalaust bankabögg. Útúrsteikt hitaveituauglýsing. Og svo innantómt mont eins og það þegar leikarinn Gísli Örn Garðarsson var settur í jakkaföt og látinn fara með óskiljanlegan texta á framandi slóðum úti um allan heim. Ekki man ég hvað hann var að auglýsa. En það mætti nú aldeilis borga atvinnuleysisbætur í marga mánuði fyrir það sem það tilgangsleysi kostaði.

Í gær barði auglýsingabransinn sér á brjóst með hvatningunni Ekkert helv... væl. Þetta er fínt slagorð. Það þýðir nefnilega ekkert helv. væl, hvorki á þessu sviði né öðrum. Auglýsendur verða bara að muna að ljúga ekki að neytendum. Á Nýja Íslandi eru allir á tánum og enginn nennir gamla kjaftæðinu upp á nýtt.

INNANTÓMT MONT Hvað var Gísli Örn eiginlega að auglýsa?

SUNNUDAGUR

▶ **17.50 Atletico – Barcelona, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.35 Fréttaaukinn** SJÓNVARPIÐ

▶ **19.45 Sjálfstætt fólk** STÖÐ 2

▶ **21.00 Top Gear** SKJÁREINN

▶ **21.35 Lucky Louie** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Frumskógar Goggi og Gæludýr úr geimnum.
10.40 Gettu betur (e)
11.50 Kastljós - Samantekt
12.30 Silfur Egils
13.50 Stríð og friður í matjurtagarðinum (1:2) (e)
14.40 Á tali (Clement interviewer: Harold Bloom) (e)
15.10 Meistaradeildin í hestaíþróttum
15.40 Útsvar (e)
16.30 Skólahreysti (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Alexander flytur
17.45 Stína stóra systir og spítalinn hans Dodda bróður (1:5) (e)
17.52 Sögurnar hennar Sölku (e)
18.00 Stundin okkar
18.30 Spaugstofan (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
▶**19.35 Fréttaaukinn** Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst.
20.10 Sjónleikur í átta þáttum Þáttaröð um leikið efni í Sjónvarpinu.
20.55 Sommer (Sommer) Danskur myndaflokkur. (13:20)
21.55 Enron og allir snillingarnir
23.45 Silfur Egils (e)
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.10 Life Support
08.00 Matilda
10.00 License to Wed
12.00 Nacho Libre
14.00 Life Support
16.00 Matilda
18.00 License to Wed
20.00 Nacho Libre Ignacio þráir ekkert heitar en að verða fjölbragðaglímukappi og ákveður að taka þátt í keppni undir dulnefninu Nacho Libre.
22.00 Brokeback Mountain
00.10 The Duel
02.00 I'll Sleep When I'm Dead
04.00 Brokeback Mountain

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli á þakinu, The Flinstone Kids og Lalli.
08.00 Algjör Sveppi Refurinn Pablo, Charlie and Lola, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.
09.45 Stóra teiknimyndastundin
10.05 Adventures of Jimmy Neutron
10.30 Búi og Símon
12.00 Neighbours
12.20 Neighbours
12.40 Neighbours
13.00 Neighbours
13.20 Neighbours
13.50 American Idol (12:40)
15.15 American Idol (13:40)
16.05 Logi í beinni
16.55 Oprah
17.45 60 mínútur Reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Veður
19.10 Atvinnumennirnir okkar Hermann Hreiðarsson sýnir á sér nýja hlið og leiðir Auðunn Blöndal og áhorfendur í allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.
▶**19.45 Sjálfstætt fólk** (24:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.
20.20 Cold Case (9:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
21.05 Damages (1:13)
22.05 Mad Men (11:13) Þættir sem gerast snemma á 7. áratugnum í New York, nánar tiltekið á Madison Avenue þar sem þá var miðstöð bandarískra auglýsingabransans.
22.55 The Sopranos Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi. Þrátt fyrir að eiga mikilli velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er Tony þjáður á sálinni.
23.40 60 mínútur
00.25 Twenty Four (5:24)
01.10 Four Brothers
02.55 Riding the Bullet

SPORT *besta sætið*

08.15 NBA tilþrif Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
08.45 Espanyol - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.
10.25 Accenture Match Play Championship Útsending frá Accenture Match Play Championship mótinu í golfi.
12.35 Chelsea - Juventus Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
14.15 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
14.45 Man. Utd - Tottenham Bein útsending frá úrslitaleik í enska deildarbikarnum.
17.20 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
▶**17.50 Atletico - Barcelona** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
20.00 Accenture Match Play Championship Bein útsending frá Accenture Match Play Championship mótinu í golfi.
23.00 Man. Utd - Tottenham Útsending frá úrslitaleik enska deildarbikarsins.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.25 Chelsea - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
09.05 Arsenal - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
10.45 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
11.15 4 4 2
12.25 West Ham - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 4. Hull - Blackburn Sport 3 kl 12.55. Bolton - Newcastle
14.25 PL Classic Matches West Ham - Sheffield Wed, 1999.
14.50 Aston Villa - Stoke Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.55 Bolton - Newcastle Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.35 Hull - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.15 Everton - WBA Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.55 4 4 2
23.05 Middlesbrough - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
11.40 Vörutorg
12.40 Rachael Ray (e)
13.25 Rachael Ray (e)
14.10 Ungfrú Reykjavík 2009 (e)
15.40 Spjallið með Sölva (2:6) (e)
16.40 Britain's Next Top Model (7:10)
17.30 Káta maskínan (4:9) (e)
18.00 Top Design (8:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika. (e)
18.50 The Biggest Loser (5:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. (e)
19.40 Fyndnar fjölskyldumyndir (2:12) Skemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. (e)
20.10 Psych (1:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
▶**21.00 Top Gear** (6:6) Skemmtilegasti bílaþáttur í heimi. Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun.
22.00 Californication (4:12) Bandarísk þáttaröð um rithöfundinn Hank Moody sem er hinn mesti syndaselur. Hank og Karen halda matarboð sem fer úr böndunum þegar Hank klúðrar bónorðinu. Það er líka möguleiki á að Hank sé pabbi barns vinkonu þeirra og Lew er hætt kominn.
22.35 CSI. Miami (20:21) (e)
23.25 The Dead Zone (11:12) (e)
00.15 Vörutorg
01.15 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Listmunauppboð

Næsta listmunauppboð
Gallerís Foldar verður haldið
9. mars

Tökum á móti verkum til
þriðjudagsins 3.mars

LISTMUNASALA fold

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18,
laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15
Damages

Önnur serían í þessari mögnuðu spennuþáttaröð. Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. Ellen fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni og þarf núna að starfa leynilega fyrir FBI, en markmið hennar er að ná sér niðri á Patty Hewes og knésetja hana. Stóra spurningin er hvort Ellen tekst að koma upp um Patty eða hvort Patty muni komast að ráðabrugginu? Með aðalhlutverk fara Rose Byrne, Ted Danson, William Hurt og Glenn Close sem hlaut bæði Emmy- og Golden Globe-verðlaunin 2008.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Enron og allir snillingarnir
Sjónvarpið kl. 21.55

Í myndinni er rakin raunasaga Enron sem var sjöunda stærsta fyrirtæki Bandaríkjanna en varð gjaldþrota á tæpu ári. Helstu stjórnendur fyrirtækisins; Ken Lay, Jeff Skilling, Lou Pai og Andy Fastow, hirtu úr því tugi milljarða en skildu hlutafjáreigendur og starfsfólk eftir slyppt og snautt.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
07.05 Morgunandakt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Ársól
09.03 Lárétt eða lóðrétt
10.05 Veðurfregnir
10.15 Horfinn heimur - aldamótin 1900
11.00 Guðsþjónusta í Vídalínskirkju á Æskulýðsdegi
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Friður í höndum kvenna
14.00 Útvarpsleikhúsið: Rödd án líkama
14.40 Dimmalimm
15.00 Hvað er að heyra?
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Heimsdagur barna í fjölmiðlum
17.05 Íslensk tónlist: Ungir píanóleikarar
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
18.50 Dánarfregnir
19.00 Fyrsta ferðin: Einþáttungar úr Borgarholtsskóla
19.30 Glæta: Astrid Lindgren
20.10 Sveifla af Seltjarnarnesi
20.30 Tríó
21.10 Orð skulu standa
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (131:260)
16.25 Hollyoaks (132:260)
16.50 Hollyoaks (133:260)
17.15 Hollyoaks (134:260)
17.40 Hollyoaks (135:260)
18.05 Seinfeld (5:5)
18.30 Seinfeld (1:22)
18.55 Seinfeld (15:24)
19.20 Seinfeld (16:24)
19.45 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
20.05 Idol - Stjörnuleit (3:14) Áheyrnarprófunum er lokið og þeir keppendur sem komust áfram á Hilton Nordica hótelinu mæta nú galvaskir til leiks í Íslensku Óperuna þar sem þeir þurfa að hljóta náð dómnefndar öðru sinni.
21.05 Sannleikurinn um Pétur Jóhann Þáttur um tilurð sýningar Péturs Jóhanns Sigfússonar Sannleikurinn.
▶ **21.35 Lucky Louie** (6:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
22.05 Osbournes (2:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Osbourne fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar. Það er komin tími til að rifja upp gamla og góða tíma þessara frábæru karaktera.
22.30 Seinfeld (5:5)
22.55 Seinfeld (1:22)
23.20 Seinfeld (15:24)
23.45 Seinfeld (16:24)
00.10 ET Weekend
00.55 Idol - Stjörnuleit (3:14)
01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

18.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
19.00 H&H Hitt húsið
19.30 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir
20.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
21.00 Mér finnst Lára Ómarsdóttir, Berglót Davíðsdóttir og Katrín Bessadóttir
21.30 Frumkvöðlar Elinóra Inga Sigurðardóttir
22.00 Grasrótin Lilja Grétarsdóttir
23.00 Mér finnst Lára Ómarsdóttir, Berglót Davíðsdóttir og Katrín Bessadóttir
23.30 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir
00.00 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm

DR 1

10.00 Georg Stage - halløj! **10.30** Godt arbejde **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Family Guy **11.55** SPAM - Din digitale medieguide **12.15** Chap & Pharfar **12.30** Pigerne Mod Drengene **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Krøniken **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Peter Pedal **16.50** Gurli Gris **17.00** Når der er en tiger i bagagerummet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Geniale dyr **18.25** Høvdingebold **19.00** Livvagterne **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt med SAS liga **20.55** Slavebørn **21.40** Traffic **23.05** Kærlighed og kaos

NRK 1

11.15 VM på ski **14.20** V-cup alpint **15.00** VM på ski **16.00** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Emil i Lønneberget **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.30** Himmelblå **20.15** Lord of War **22.10** Kveldsnytt **22.25** Attentatet på Hitler - Operasjon Valkyrje **23.15** Den store klassefesten

SVT 1

11.30 Vinterstudion **11.45** Skidor **14.45** Bandy **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Djursjukhuset **17.45** Merlin **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Mia och Klara **19.30** Sportspegeln **20.15** Nip/Tuck **21.00** Modiga kvinnor **21.30** Den hållbara staden **22.00** Brottskod. Försvunnen **22.45** Andra Avenyn **05.00** Gomorron Sverige

dagskrá

> Ryan Phillippe

„Kvikmyndagerð er langt ferli og því verður útkoman oft mjög ólík því sem maður lagði upp með í byrjun.“ Phillippe fer með hlutverk í myndinni Flags of Our Fathers sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

UM HELGINA
Íþróttir

Beinar útsendingar um helgina

Sjónvarpið sýnir í dag beint frá Bikarkeppni karla og kvenna í handbolta sem fer fram í Laugardalshöllinni. Þar munu bæði kvennalið Stjörnunnar og karlalið Vals freista þess að verja titla sína sem bikarmeistarar. Útsending hefst kl. 13.20 þegar kvennalið FH og Stjörnunnar hefja leikinn en karlalið Gróttu og Vals mætast kl. 16.00.

Hægt verður að fylgjast með mörgum af bestu kylfingum heims á Accenture Match Play-mótinu í golfi þó svo Tiger Woods sé dottinn úr keppni og óhætt að lofa golfveislu í hæsta gæðaflokki á þessu frábæra móti sem sannir golfáhugamenn ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Leikið verður með útsláttarfyrirkomulagi en Stöð 2 sport sýnir frá mótinu í kvöld kl. 20.50 og á morgun kl. 20.00.

Á sunnudag kl. 15.00 sýnir Stöð 2 sport frá úrslitaleik enska deildarbikarins. Þar mætast topplið ensku deildarinnar, Man. Utd og hið óstöðuga lið Tottenham. Verður án efa barist til þrautar enda bikar í húfi.

Í spænska boltanum fara fram tveir leikir um helgina. Espanyol mætir Real Madrid á laugardagskvöldið kl. 20.55 en sýnt verður beint frá leiknum á hliðarrás Stöð 2 sport 3. Á sunnudag sýnir Stöð 2 sport beint frá leik Atl. Bilbao og Barcelona kl. 17.50.

Á Stöð 2 sport 2 verður sýndur beint fjöldi leikja í Ensku úrvalsdeildinni alla helgina.

LAUGARDAGUR

▶ **18.50 Accenture Match Play Championship** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir** SKJÁREINN

▶ **19.30 Sannleikurinn um Pétur Jóhann** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.05 Sleepover** STÖÐ 2

▶ **21.15 Bjargvætturinn (The Guardian)** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pósturinn Páll, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Ævintýri Kötu kanínu, Elías knái, Millý og Mollý. Fræknir ferðalangar og Þessir grallaraspóar.

10.30 Leiðarljós (e)

11.55 Kastljós (e)

12.35 Kiljan (e)

13.20 Bikarkeppnin í handbolta Bein útsending frá úrslitaleik FH og Stjörnunnar í bikarkeppni kvenna í Laugardalshöll.

16.00 Bikarkeppnin í handbolta Bein útsending frá úrslitaleik Gróttu og Vals í bikarkeppni karla í Laugardalshöll.

16.35 Táknmálsfréttir

16.45 Bikarkeppnin í handbolta Grótta - Valur, seinni hálfleikur.

18.00 Skólahreysti

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Spaugstofan

20.05 Gettu betur (Kvennaskólinn í Reykjavík - Verzlunarskóli Íslands)

▶**21.15 Bjargvætturinn** (The Guardian) Bandarísk bíómynd frá 2006. Ungur sundkappi fer á námskeið hjá strandgæslunni og nýtur tilsagnar gamals hörkutóls. Aðalhlutverk: Kevin Costner, Ashton Kutcher og Sela Ward.

23.30 Rebus - Endurreistir menn (Rebus: Resurrection Men) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögreglumann í Edinborg. Aðalhlutverk: Ken Stott og Claire Price.

00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Buena Vista Social Club

10.00 The Last Mimzy

12.00 Norbit

14.00 Buena Vista Social Club

16.00 The Last Mimzy

18.00 Norbit

20.00 National Treasure. Book of Secrets

22.00 Flags of Our Fathers Margumtöluð stórmynd Clints Eastwoods sem tekin var upp í Sandvík á Reykjanesi eins og alkunna er.

00.10 Hendrix

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Dynkur smáeðla, Hlaupin, Þorlákur, Refurinn Pablo og Doddi litli og Eyrnastór.

08.00 Algjör Sveppi Blær, Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli og Lóa Elías, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra og Ævintýri Juniper Lee.

10.00 Stóra teiknimyndastundin

11.30 Njósnaraskólinn

12.00 Eldsnöggt með Jóa Fel (7:10)

12.35 Bold and the Beautiful

12.55 Bold and the Beautiful

13.15 Bold and the Beautiful

13.35 Bold and the Beautiful

13.55 Bold and the Beautiful

14.20 Idol - Stjörnuleit (3:14)

15.15 Gossip Girl (4:25)

16.10 The Big Bang Theory (13:17)

16.40 Sjálfstætt fólk (23:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar. Þátturinn er sá farsælasti í sögu Edduverðlaunanna en hann hefur þrisvar sinnum hlotið þessi eftirsóttu verðaun og alls sex sinnum verið tilnefndur.

17.15 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.45 Íþróttir

18.52 Ísland í dag - helgarúrval

19.23 Veður

19.28 Lottó

19.35 Beethoven's 2nd Falleg og skemmtileg fjölskyldumynd um Sankti Bernharðshundinn Beethoven sem að þessu sinni er að verða pabbi og lendir í ótrúlegum ævintýrum við að halda litlu hundafjölskyldunni sinni saman.

▶**21.05 Sleepover** Bráðskemmtileg unglingamynd fyrir alla fjölskylduna um fjórar vinkonur sem lenda í ótrúlegum ævintýrum þegar þær ákveða að taka þátt í næturlöngum ratleik til að ná sér niður á óvinaklíkunni.

22.30 Miami Vice Kvikmynd byggð á spennuþáttunum Miami Vice sem slógu allt út í vinsældum um miðbik 9. áratugarins.

00.40 The Exorcism of Emily Rose

02.35 Deja Vu

04.40 The Ringer

SPORT *besta sætið*

08.15 PGA Tour 2009

09.10 Champions Tour 2009

09.35 World Supercross GP

10.30 Denver - LA Lakers Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

12.30 Atvinnumennirnir okkar Ólafur Stefánsson

13.10 Accenture Match Play Championship 2009

15.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaradeildin Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

17.20 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.

17.50 Meistaradeild Evrópu Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.

18.20 Spænski boltinn Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

▶**18.50 Accenture Match Play Championship** Bein útsending frá Accenture Match Play mótinu í golfi en mótið er hluti af Heimsmótaröðinni í golfi.

23.00 Espanyol - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.

00.40 Box De La Hoya - Manny Pacquiao

SPORT 2 *enski boltinn*

09.00 Hull - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

10.40 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

11.10 PL Classic Matches Man United - Middlesbrough, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

11.40 PL Classic Matches Arsenal - Chelsea, 1996.

12.10 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.

12.40 Everton - WBA Bein útsending frá leik Everton og WBA í ensku úrvalsdeildinni.

14.45 Middlesbrough - Liverpool Bein útsending frá leik Middlesbrough og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Arsenal - Fulham Sport 4. Chelsea - Wigan

17.15 Arsenal - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

19.00 PL Classic Matches Arsenal - Man. United, 2002.

19.30 4 4 2

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

11.50 Vörutorg

12.50 Rachael Ray (e)

13.35 Rachael Ray (e)

14.20 Rachael Ray (e)

15.05 Rules of Engagement (9:15) (e)

15.35 Are You Smarter Than a 5th Grader? (27:27) (e)

16.25 Survivor (1:16) (e)

17.15 Top Gear (5:6) Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun. (e)

18.15 Game Tíví (4:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

18.55 The Office (7:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. (e)

▶**19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir** (2:12) Skemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. Kynnir er Jón Jósep Snæbjörnsson.

19.55 Spjallið með Sölva (2:6) Nýr og ferskur umræðuþáttur í umsjón Sölva Tryggvasonar.

20.55 90210 (8:24) (e)

21.45 Heroes (11:26) Sólmyrkvi hefur áhrif á hæfileika hetjanna. Arthur skipar Sylar og Elle að finna Claire. Matt, Hiro og Ando taka höndum saman og elta Daphne til heimabæjar hennar, Lawrence í Kansas og komast að leyndarmáli hennar.

22.35 Flashpoint (7:13) (e)

23.25 Battlestar Galactica (2:20) (e)

00.15 Ungfrú Reykjavík 2009 (e)

01.45 Jay Leno (e)

02.35 Jay Leno (e)

03.25 Vörutorg

04.25 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

Miami Vice

Stórgóð kvikmynd byggð á spennuþáttunum Miami Vice sem slógu allt út í vinsældum um miðbik 9. áratugarins. Michael Mann, höfundur þáttanna og myndanna Heat og The Insider, kynnir aftur til sögunnar Miami-löggurnar Crockett og Tubbs sem að þessu sinni eru leiknar af Colin Farrell og Jamie Foxx.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Spjallið með Sölva
Skjár einn kl. 19.55

Sölvi Tryggvason stjórnar nýjum og ferskum umræðuþætti á Skjá einum, þar sem hann fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. Lífið, tilveran og þjóðmálin - honum er ekkert óviðkomandi. Gestir hans í kvöld eru Katrín Jakobsdóttir, Björgvin G Sigurðsson og Hannes Smárason.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Stjörnukíkir
15.25 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir
19.00 Heimsmenning á hjara veraldar
20.00 Sagnaslóð
20.40 Heimurinn dansar
21.10 Friður í höndum kvenna
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Hvað er að heyra?
23.10 Stefnumót
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.30 Hollyoaks (131:260)
16.55 Hollyoaks (132:260)
17.20 Hollyoaks (133:260)
17.45 Hollyoaks (134:260)
18.10 Hollyoaks (135:260)
18.45 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
19.30 Sannleikurinn um Pétur Jóhann Þáttur um tilurð sýningar Péturs Jóhanns Sigfússonar Sannleikurinn sem nú er sýndur fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu.
20.05 Idol - Stjörnuleit (3:14) Áheyrnarprófunum er lokið og þeir keppendur sem komust áfram á Hilton Nordica hótelinu mæta nú galvaskir til leiks í Íslensku Óperuna þar sem þeir þurfa að hljóta náð dómnefndar öðru sinni.
21.00 American Idol (12:40) Undanúrslitin eru hafin í American Idol. 36 keppendur berjast um sæti í 12 manna úrslitum. Í kvöld sjáum við fyrsta 12 manna hópinn af þremur en aðeins þrír keppendur komast í gegnum þennan niðurskurð.
22.25 American Idol (13:40) Nú hefst niðurskurðurinn í fyrsta undanúrslitaþættinum og við fáum að sjá hvaða þrír keppendur komast áfram í 12 manna úrslitin.
23.10 Skins (1:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
23.55 Réttur (6:6)
00.40 E.R. (25:25)
01.25 American Idol (12:40)
02.50 American Idol (13:40)
03.35 E.R. (25:25)
04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

18.00 Mér finnst Lára Ómarsdóttir, Berglót Davíðsdóttir og Katrín Bessadóttir.
19.00 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir
19.30 Grasrótin Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
20.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
21.00 Blátt áfram Sigríður Björnsdóttir
21.30 Á réttri leið Katrín Júlíusdóttir
22.00 Lífsblómið Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
23.00Kolfinna Kolfinna Baldvinsdóttir
23.30Land og líf Valdemar Ásgeirsson

DR 1

10.00 Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** S, P eller K **11.40** Boogie Update **12.15** S, P eller K **12.25** Høvdingebold **13.00** X Factor **14.00** X Factor Afgørelsen **14.25** Bryllupsbilleder **15.10** Min italienske drøm **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea - som babyer **17.00** Radiserne **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.30** Mille **19.00** Krøniken **20.00** Agent 007. Licence to Kill **22.10** Jeg fortryder ingenting **23.45** Conviction

NRK 1

11.00 VM på ski **13.45** VM på ski **14.45** VM på ski **17.00** Kometkameratene **17.30** Gaven **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Den store klassefesten **19.55** VM-kveld **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** William og Harry - prinser for framtiden **22.00** Kveldsnytt **22.15** Skavlan møter Sverige **00.45** Dansefot jukeboks m/chat

SVT 1

11.15 Vinterstudion **11.45** Skidor **13.45** Vinterstudion **14.45** Bandy **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Disneydags **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2009 **20.35** Brottskod. Försvunnen **21.20** Ombytta roller **22.15** Kramer mot Kramer **00.00** Sändningar från SVT24



PERSÓNAN

Þór Stiefel, eða Þóra Victoria.

Aldur: 41 árs, en verð 42 ára 5. mars.
Starf: Listamaður.
Stjörnumerki: Fiskur.
Búseta: 101 Reykjavík.
Fjölskylda: Er einhleypur og á einn son.

Þór Stiefel er fyrsti íslenski klæðskiptingurinn, eða transinn, sem opnar heimasíðu með myndum af sér uppáklæddum á www.toravictoria.com.

Reyna að selja Barnalandskonum þýfi

„Já, það hefur eitthvað verið um það að þýfi hafi verið selt á Barnalandi og ekki bara þar heldur á þessum söluvefjum eins og haninn.is og kassi.is," segir Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn. Gestir Barnalands, eða www.er.is ráku upp stór augu fyrr í vikunni þegar tilkynning frá lögreglunni birtist á forsíðunni þar sem notendur voru hvattir til að vera á varðbergi gagnvart þýfi. Ólafur G. Emilsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá forvarnardeild lögreglunnar, segir lögregluna hafa fengið nokkur mál á sitt borð þar sem þýfi var selt í gegnum smáauglýsingar. „Við höfðum samband við alla þessi vefi þar sem hægt er að auglýsa varning til sölu og báðum þá um að koma tilkynningu frá okkur á framfæri. Fólk á að reyna að spyrja um uppruna vörunnar og komast að því hvaðan hún er fengin áður en samið er um kaup. Fyrir stuttu kom upp mál þar sem hnökkum var stolið úr hesthúsum og þegar við höfðum hendur í hári þjófanna hafði hluti hnakkanna verið seldur í gegnum smáauglýsingar."

Ólafur segir ástandið slæmt. „Það er innbrotafaraldur í gangi sem staðið hefur yfir síðan í nóvember og við verðum einhvern veginn að koma í veg fyrir að þýfið sé selt. Það virðast ekki vera nein takmörk fyrir því hverju er stolið um þessar mundir." - jma

EKKERT ER ÓHULT Þjófar stela öllu steini léttara um þessar mundir að sögn Ólafs G. Emilssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns. Stafrænar myndavélar og GPS-staðsetningartæki eru þar mjög vinsæl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



LÁRÉTT
2. brennt vín, **6.** hljóm, **8.** andmæli, **9.** fæðu, **11.** tveir eins, **12.** egó, **14.** söngleikur, **16.** utan, **17.** loft, **18.** lærir, **20.** í röð, **21.** heimsálfa.

LÓÐRÉTT
1. mats, **3.** öfug röð, **4.** samhliða, **5.** sigti, **7.** sósa, **10.** fjör, **13.** móðurlíf, **15.** hófdýr, **16.** spíra, **19.** ætíð.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** romm, **6.** óm, **8.** nei, **9.** mat, **11.** öð, **12.** sjálf, **14.** óperа, **16.** án, **17.** gas, **18.** les, **20.** mn, **21.** asía.
LÓÐRÉTT: **1.** dóms, **3.** on, **4.** með-fram, **5.** mið, **7.** majónes, **10.** táp, **13.** leg, **15.** asni, **16.** ála, **19.** sí.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Geir Þorsteinsson.
2. Milan Milutinovic.
3. Axel Hallkell Jóhannesson.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TÓMAS HERMANNSSON: EINA LEIÐIN TIL AÐ FÁ KARLINN TIL AÐ TALA

Ævisaga Magga Eiríks skráð í löngum bíltúrum

„Ég gekk áfram minn veg. Niður til heljar hér um bil. Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil. Þetta samdi karlinn eftir að hafa lent í tveggja daga „blackouti" þegar hann hafði fengið rauða spjaldið hjá frúnni. Lögreglan farin að leita hans og allt. Búinn að fá sér aðeins of mikið," segir Tómas Hermannsson, útgefandi hjá Sögum.

Tómas er einhver einlægasti aðdáandi tónlistarmannsins Magnúsar Eiríkssonar sem um getur. Hann hafði lengi gengið á eftir Magnúsi með að fá að gefa út ævisögu hans, eða í þrjú ár. Og boðið upp á ýmsa rithöfunda til að ganga í málið. En svarið var fyrir framan hann allan tímann. Sjálfur var Tómas auðvitað maðurinn í verkið. Hann er nú í draumastarfinu. Fæst við að skrifa um ævi snillingsins og segir Magnús hafa lifað ótrúlega viðburðaríku lífi. Verklagið sem þeir hafa á er að aka um borg og bý. Tómas keyrir, er með segulbandstæki í gangi og Magnús lætur dæluna ganga. „Já, og reykir út um gluggann. Eini sénsinn til að kallinn nenni að tala. Við keyrum á söguslóðir. Til Keflavíkur þangað sem hann bauð konunni á fyrsta ballið. Keyrum fyrir utan staði þar sem hann hefur spilað. Og þá koma sögurnar í kippum. Um Laugarneshverfið, á Reykjanesvita, keyrum fram hjá Höfnum þar sem Villi Vill ólst upp. Og þá segir Magnús Villasögur. Snilld. Þetta er enginn meðalmaður, Magnús," segir Tómas.

Hann segir flesta texta Magnúsar byggjast á reynslu höfundar. Og rekur söguna á bak við Braggablús með orðum Magnúsar: „Síðustu virku braggahverfin í Reykjavík voru Campknox á Meistaravöllum og síðan einn og einn braggi á stangli. Bæði í Laugarneshverfinu og uppi í Árbæ. Ég svona rétt náði í skottið á þessum síðustu áður en þeir fluttu alla íbúana í blokkir sem þá var verið að reisa. Ég var aðstoðarmaður bílstjórans og hann lét mig stökkva út og dæla olíu á braggana og rukka síðan fólkið sem þar bjó. Bílstjórinn sat bara í bílnum og keyrði á milli staða. Kveikjan að Braggablús kom til mín þegar bílstjórarnir fóru allt af sjálfir úr bílnum við ákveðinn bragga í Campknox, dældu á braggann og rukkuðu konuna sem þar bjó. Það var ljóshærð þybbin kerling sem mátti muna fífil sinn fegurri. Hún tók alltaf rosaleg vel á móti þeim. Ég beið yfirleitt eftir þeim í svona hálftíma í bílnum á meðan."

Tómas fæst ekki eingöngu við útgáfu bóka heldur ætlar hann að gefa út nýjustu Mannakornsplötuna sem er nú í vinnslu. Ævisaga Magga Eiríks kemur út fyrir næstu jól. jakob@frettabladid.is

MAGNÚS OG TÓMAS Þeir keyra á söguslóðir, Magnús reykir út um gluggann og lætur dæluna ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjónin **Ástrós Gunnarsdóttir** dansari og Þorfinnur Ómarsson, upplýsingafulltrúi viðskiptaráðuneytisins, leita nú logandi ljósi að heimili fyrir köttinn sinn Lubbu og mun það vera vegna hugsanlegra flutninga. Heyrst hefur að þau líti jafnvel hýru auga yfir hafið og þá til annarra heimsálfa.

Leikhópurinn Vestur-port gerði góða ferð til Hong Kong nýverið þar sem hann setti upp Hamskiptin í samstarfi við hið enska Lyric Hammersmith-leikhús. Athygli vakti að sýningin var þýdd á hið forna tungumál, mandarínsku og var textanum varpað á stórt tjald við hlið sviðsins. Vesturport fer næst til Ástralíu en þar munu hjónakornin Björn Thors og **Unnur Ösp Stefánsdóttir** sameinast hópnum enda er gert ráð fyrir 25 sýningum á þessari mögnuðu uppfærslu.

Bjarni Harðarson ætlar að halda uppi merkjum gamalla Framsóknargilda með sérframboði sínu. Einhverjir hafa haft á orði að til hafi staðið að listabókstafur framboðs hans yrði R. En þegar hann hringdi inn tilkynningu um framboðið hafi konan á hinum enda línunnar misheyrt ósk Bjarna þó hún hafi spurt hann í tvígang um hvort ekki væri rétt að um L væri að ræða: „Nei, R," mun Bjarni hafa sagt en konan svaraði: „Já, einmitt. L."

- jma, jbg

Stjórnarkjör

Eining-Iðja auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2009-2010 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Ber samkvæmt því að skila lista skipuðum 100 manns í trúnaðarráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og einum til vara til eins árs. Einnig er hægt að bjóða fram bara gegn formanni og/eða ritara sem kosnir eru til tveggja ára.

Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 80 fullgildra félagsmanna.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Skipagötu 14 Akureyri eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi mánudaginn 9. mars 2009.

Akureyri 27. febrúar 2009
Stjórn Einingar-Iðju

Eining-Iðja / Skipagata 14 / Akureyri / Sími: 460 3600 / www.ein.is

EINING-IÐJA
www.ein.is

Rándýr Pepsi-auglýsing á Íslandi

Nýlega lauk tökum á tugmilljóna auglýsingu fyrir gosdrykkjarframleiðandann Pepsi hér á landi. Tökurnar fóru fram á Skálafellsjökli og við Jökulsárlón og stóðu yfir í tvo daga.

Tölvugerð mörgæs er í aðalhlutverki í auglýsingunni, sem sænski leikstjórahópurinn Traktor stendur á bak við. Hópurinn þykir á meðal þeirra færustu í heiminum á sínu sviði, enda margverðlaunaður. Hefur hann starfað fyrir Miller Lite, Diesel, MTV og Nike og einnig gert tónlistarmyndbönd fyrir Madonnu, Fatboy Slim og The Prodigy. „Maður er búinn að reyna að tæla þá til landsins lengi," segir Einar Sveinn Þórðarson hjá Pegasus sem aðstoðaði við gerð auglýsingarinnar. „Þeir voru rosalega ánægðir og eru spenntir að koma aftur. Það er alltaf stór kostur. Við erum allir að leggjast á eitt með að reyna að trekkja sem mest til landsins," segir hann.

Auglýsingin er aðallega ætluð fyrir Bandaríkjamarkað en verður þó líklega sýnd víðar um heiminn, hugsanlega á Íslandi. Þrjátíu manns tóku þátt í tökunum, þar á meðal brellu- og tölvumeistarar, auk þess sem þyrla var notuð á Skálafellsjökli. „Þetta gekk rosalega vel og við náðum að nota þyrluna heilmikið. Veðrið var rosalega fallegt á jöklinum þennan dag," segir Einar.

Í auglýsingunni, sem þykir bráðfyndin eins og flest verk Traktors, flýgur tölvugerða mörgæsin um og gerir ýmsar kúnstir. Í lokin flýgur hún síðan úr heimskautalandslaginu og lendir á sundlaugarbakka í Kaliforníu. Þar mun einmitt tökum á auglýsingunni ljúka á næstunni. - fb

PEPSI-TÖKUR Frá tökum á Skálafellsjökli fyrir Pepsi-auglýsinguna sem leikstjórahópurinn Traktor stendur á bak við.

Lagersala!

โกดังสินค้าเลหลัง

Wyprzedaż zapasów magazynowych

30-70%
afsláttur

Opið í dag kl. 12-17,
sunnudag kl. 13-17.



HEIMA
HÚSIÐ

heima Ondvegi

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

STÆRSTI FASTEIGNA- OG LEIGUVEFUR LANDSINS ER NÚ AÐGENGILEGUR Á VÍSI

VÍSIR.IS

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Álftagarg úr Svörtuloftum

Nú í vikunni henti sá voveiflegi atburður íslenskt efnahagslíf að Davíð Oddsson seðlabankastjóri tjáði sig opinberlega. Slíkt hefur einatt leitt af sér hinar mestu hörmungar, enda hefur nú verið komið í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Tjón af þessum toga er nefnilega „fyrirbyggjanlegt“. Viðtalið var þó hið athyglisverðasta, einkum vegna þess hve glögga innsýn það veitti í hugarheim Davíðs. Til að mynda byrjaði hann á að kannast ekkert við að hann væri óvinsæll. Þótt skoðanakannanir sýndu að 90% þjóðarinnar vildu losna við hann af fóðrunum tók hann ekkert mark á því, enda birtust þær í Baugsmiðlum. Hann dró í efa að þessar kannanir hefðu nokkurn tímann verið gerðar. Hann trúir því m.ö.o. einlæglega að á ritstjórnarskrifstofum Fréttablaðsins sitji þeir Bónusfeðgar og skáldi upp skoðanakannanir, sem aldrei eru framkvæmdar, til að koma höggi á hann.

ÞESSU til áréttingar sagði hann að fjöldi manna segði hann einan hafa haldið haus í útrásarfárinu og goldið við því varhug. Farið á Youtube og leitið að myndbandinu „Útrásarsöngur Davíðs“. Annaðhvort er þar illur tvífari Davíðs á ferð að koma á hann óorði eða minni Davíðs af orðum sínum og gjörðum í fortíðinni er svo selektíft að það hlýtur að jaðra við hreina ósannsögli. Þetta sýnir auðvitað betur en nokkuð annað hvílík nauðsyn það var að koma æðstu peningastofnun þjóðarinnar í hendur fólks sem ekki stendur alveg svona völtum fótum í raunveruleikanum.

VIÐTALIÐ fór illa af stað og síðan hélt áfram að syrta í álinn. Ný lög um Seðlabanka beindust gegn honum persónulega og það þótti honum ógeðfellt. Það var ekki eins og þessi sami Davíð hefði forðum daga keyrt fjölmiðlalög í gegnum Alþingi, sem augljóslega miðuðu aðeins að því að knésetja persónulega óvildarmenn hans sjálfs. Hér mætti láta gamminn geisa um grjót og glerhús, flísar og bjálka, en ég læt það ógert.

BURTSÉÐ frá því hve geðfellt slíkt er, hlýtur það þó að mega teljast ótrúleg bíræfni að sami Davíð og ákvað upp á sitt eindæmi að svívirða stjórnarskrá íslenska lýðveldisins með því að gera þjóðina meðseka um stríðsglæpi Bandaríkjahers í Írak skuli nú telja sig þess umkominn að upplýsa okkur um geðfellda stjórnsýslu.

FARVEL, nafni. Þín verður ekki saknað.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 28. febrúar, 59. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.38	13.40	18.43
Akureyri	8.28	13.25	18.24

Heimild: Almanak Háskólans

Það er gaman að taka saman

MAMMUT kommóða m/3 skúffum B77xD45, H73cm. Ýmsir litir **14.950,-**

TROFAST kassar L42xB30, H10cm. Ýmsir litir **495,-/stk.**

695,-

NÖJE Vegghirsla fyrir horn B21xD21, H115cm. Grátt/rautt

APA kassi m/loki L70xD36, H29cm. Hvítt/fura **1.990,-**

FABLER GRODA vegghirsla B35xH130cm. Grænt **1.290,-**

695,-

MAMMUT vegghilla B33xD21, H33cm. Ýmsir litir

SNIGLAR fataskápur B60xD53, H170cm. Beyki/ofið efni hvítt **3.990,-**

MAMMUT hillueining B77xD34, H99cm. Ýmsir litir **12.950,-**

450,-

TROFAST kassar L20xB30, H10cm. Ýmsir litir **450,-/stk.**

NÖJE körfur Ø18cm. Ýmsir litir **595,-/3 í pk.**

KORALL SKÖLD-PADDA karfa Ø35, H45cm. Blátt **995,-**

TROFAST kassar L42xB30, H23cm. Ýmsir litir **650,-/stk.**

HENSVIK hillueining B78xD17, H48cm. Hvítt **5.450,-**

HENSVIK fataskápur B75xD48, H169cm. Hvítt **19.950,-**

NÖJE hirsla á hurð m/spegli B45xH18cm. Marglitað **2.990,-**

MAMMUT fataskápur B84xD50, H186cm. Ýmsir litir **19.950,-**



FABLER kassar
1 stk. B17,5xD35, H15cm.
2 stk. B17,5xD17,5, H15cm.
Ýmsir litir **1.290,-/3 í pk.**

695,-

GLIS kassi m/loki L34xB21, H8cm. Blátt

TROFAST grind B100xD44, H94cm. Hvítt **10.950,-**
Kassar seldir sér

BAGIS barnaherðatré B35cm. Ýmsir litir **495,-/8 í pk.**

MINNEN fjársjóðskista B62xD40, H29cm. Rautt/grátt **2.490,-**

Grænmetisbuff
með graslaukssósu, kúskús og grænmeti

395,-

IKEA FOOD

Ókeypis máltíð fyrir börnin!

Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri, að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

IKEA FOOD

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2009